



Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 1. apríl 2020 varðandi eftirfarandi mál.

### **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Korpulína**

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. í nóvember 2019, síðast uppfært þann 21. janúar 2020 og 30. mars 2020, að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Tillaga að breytingu nær annarsvegar til legu Korpulínu 1 milli tengivirkisins við Geitháls að tengivirki Korpu við Vesturlandsveg og hinsvegar til lítilsháttar breytingar á legu Rauðavatnslínu 1, frá Geithálsi að aðveitustöð við Suðurlandsveg. Einnig er lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 18. desember 2019. Tillagan var auglýst frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Minjastofnun Íslands dags. 9. mars 2020. Einnig er lögð fram skýrsla Borgarsögusafns Reykjavíkur um fornleifaskráningu fyrir lagnaleið dags. 20. febrúar 2020. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 26. mars 2020.

*Samþykkt sbr. 1. og 2. mgr. 32 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og sbr. lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.*

*Vísað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

*Glóey Helgudóttir Finnsdóttir*

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjöl: Tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. í nóvember 2019, síðast uppfært þann 21. janúar 2020 og 30. mars 2020, bréf Skipulagsstofnunar dags. 18. desember 2019, innkomnar umsagnir, skýrsla Borgarsögusafns Reykjavíkur um fornleifaskráningu fyrir lagnaleið dags. 20. febrúar 2020 og umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 26. mars 2020.

# AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030

## Korpuvína.

Jarðstrengur (132 kV) frá Geithálsi að tengivirki við Korpu  
Niðurfelling háspennulínu (loftlínu)  
Breytt lega Rauðavatnslínu

## Tillaga að breytingu á aðalskipulagi

Auglýsing tillögu samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt umhverfisskýrslu  
sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana



**Reykjavíkurborg**  
Umhverfis og skipulagsvið

**Breyting nr. 32**  
**Nóvember 2019**  
Uppfært 21. janúar 2020 og  
30. mars 2020

## Samþykktar og staðfestingarferli

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í borgarráði þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

\_\_\_\_\_


Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

## Efnisyfirlit

1. Helstu forsendur og gildandi aðalskipulag .....	3
2. Helstu markmið og leiðaval .....	5
3. Tillaga að breytingu .....	6
4. Umhverfismat.....	8
5. Samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.....	10
6. Samræmi við deiliskipulagsáætlanir.....	10
7. Afgreiðslu- og kynningarferli .....	11
8. Viðauki.....	11

## 1. Helstu forsendur og gildandi aðalskipulag

Fyrirhugað er að gera breytingu á aðalskipulaginu vegna breytinga á aðflutningskerfi Landsnets í austurhluta borgarinnar (sjá mynd 1). Megin atriði breytingartillögu snúa að legu Korpulínu 1 (132 kV), frá tengivirki við Geitháls að tengivirki við Korpu, við Vesturlandsveg. Með breytingu á legu línunnar er áformað að færa hana í jörð. Í breytingartillögu er einnig gert ráð fyrir lítilsháttar tilfærslu á legu Rauðavatnslínu 1. Breytt lega Korpulínu og lagning í jörð er einkum tilkomin vegna breytts skipulags í Úlfársárdals, m.a. íbúðarbyggðar í Úlfarsfelli og við Leirtjörn og vegna nýs kirkjugarðs.



1. mynd. Flutningskerfi Landsnets og kerfis Veitna, sbr. framsetning í AR2010-2030 (sjá myndir 9 og 10. bls. 61 í kaflanum *Skapandi borg*). Fyrirhuguð breytingartillaga nær til aðveitukerfis Landsnets og tengingar þess við kerfi Veitna. Athugun á breytttri legu háspennulína nær annars vegar til Korpulínu 1 og hinsvegar Rauðavatnslínu 1, sjá nánar mynd 2.

Um er að ræða framkvæmdir sem snerta Kerfisáætlun 2018-2027 en fyrir liggur samþykki Orkustofnunar á framkvæmdahluta þeirrar áætlunar. Þar er gert ráð fyrir að Korpulína 1 verði lögð sem jarðstrengur frá stæðu 19 að núverandi strengendavirki við Korpu, eða alls um 3,8 km leið.


Gerð er grein fyrir flutningskerfi raforku í kaflanum Veitur í AR2010-2030 (bls. 60-62, sjá Skapandi borg, adalskipulag.is). Í framsetningu stefnunnar er ekki gerður greinarmunur á loftlínu og jarðstreng, en almennt er stefnan sett fram með nokkuð skematískum hætti á kortum en lýst nánar í texta. Landsnet hefur sett fram sína tillögu um legu nýs jarðstrengs Korpulínu 1 (sjá mynd 2) en af hálfu Reykjavíkurborgar hefur verið bent á aðra legukosti, m.a. lagnaleið meðfram Vesturlandsvegi í stað þess að fylgja Lambhagavegi. Kostir og gallar mismunandi legukosta Korpulínu hafa verið til athugunar útfrá almennum staðháttum, skipulagi og kostnaði (sjá Minnisblöð í Viðauka).

Aðalskipulagsbreytingin fjallar strangt til tekið ekki um framkvæmdir sem heyra undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, sbr. Viðauki 1, grein 10. 21 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmdin er ekki tilkynningaskyld. Þar sem lega jarðstrengs liggur að hluta nálægt skilgreindu verndarsvæði í Úlfarsárdal (H12, sbr. bls. 102, í kaflanum Græna borgin, adalskipulag.is) og utan þéttbýlis, var þó ákveðið að gera formlegt umhverfismat á aðalskipulagsbreytingunni. Gerð er grein fyrir umhverfismatinu í kafla 4, sem unnið er af VSÓ-ráðgjöf. Einnig fylgir með í Viðauka minnisblað Borgarsögusafns (dagsett 27. september 2019) um stöðu fornleifaskráningar, en gert er ráð fyrir fullnaðarskráningu menningarminja fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis.

## 2. Helstu markmið og leiðaval

Markmið breytingar er að lega háspennulína innan þéttbýlis borgarinnar samræmist sem best skipulagi byggðar og hafi sem minnst áhrif á umhverfi og náttúru. Með breyttri legu Korpulínu verður línán færð í jörð og mikilvægt að lega hennar verði með þeim hætti að hún trufla ekki byggðaþróun og uppbyggingarmöguleika og hafi sem minnst áhrif á umhverfi og náttúru.

Breytingartillögur ná til stefnu AR2010-2030 varðandi aðflutningskerfi Landsnets, sbr. framsetning stefnu á myndum 9 og 10 í kaflanum Veitur (sjá mynd 1 hér að framan). Tillagan varðar ekki grundvallarbreytingu á aðflutningskerfi Landsnets né tengivirkjum.




2. mynd. Fyrirhuguð breytingartillaga fjallar einkum um breytta legu Korpulínu 1 undir Úlfarsfelli og í Úlfarsárdal. Á myndinni eru sýndir þeir kostir um lagnaleiðir sem voru til skoðunar. Valkostur A0 er talinn álitlegastur. Lega meðfram Vesturlandsvegi (kostur A1 og kostur A2) eru ekki eins heppilegir, vegna nálægðar við umferðarpunga stofnbraut.

Breytingin nær annarsvegar til legu Korpulínu 1 milli tengivirkisins við Geitháls að tengivirki Korpu við Vesturlandsveg og hinsvegar til lítilsháttar breytingar á legu Rauðavatnslínu 1, frá Geithálsi að aðveitustöð við Suðurlandsveg. Við mótun tillagna hafa verið skoðaðir valkostir um legu Korpulínu á hluta leiðarinnar, annars vegum um Lambhagaveg eða meðfram Vesturlandsvegi (sjá mynd 2).

### 3. Tillaga að breytingu

Tillögur felast í meginatriðum í því að háspennulínur (loftlínur) sem liggja á milli tengivirkja í austurhluta borgarinnar verða færðar til og lagðar að mestu leyti í jörðu. Hér að neðan er gerð grein fyrir fyrirhugaðri breytingu, þar sem lega nýrra háspennulína er sýnd í samanburði við núverandi legu lína. Á myndum þar á eftir eru sýndar þær breytingar sem verða á formlegum gögnum aðalskipulagsins; sjá myndir 9 og 10. bls. 61 í kaflanum Skapandi borg varðandi flutningskerfi Landsnets og kerfis Veitna.




3. mynd. Tillaga að breyttri legu Korpulínu 1, frá Geithálsi að Korpu er sýnd með gulri línu en breytt lega Rauðavatnslínu 1 er tilgreind með rauðri línu. Núverandi lagnaleiðir eru sýndar með hvítum línunum.




Eftifarandi breyting er lögð til á legu háspennulína, sbr. myndir 9 og 10 bls. 61 í kaflanum *Skapandi borg*, sbr. einnig lýsing hér að framan:<sup>1</sup>

Fyrir:



Eftir:



<sup>1</sup> Sjá enn fremur fyrri tillögu um að leggja Korpulínu í jörðu að hluta, sem var hluti aðalskipulagsbreytingar nr. 5, júní 2016, og hér með felldur úr gildi (bls. 11-12; sjá adalskipulag.is)

## 4. Umhverfismat

Helstu áhrifaþættir breytingartillögu snúa að beinu raski vegna lagningu raflínu í jörðu og því að taka niður loftlínu, Korpulínu 1. Áhersla umhverfismatsins er á samanburð valkosta um legu jarðstrengs A0, A1 og A2. Umhverfisþættir til skoðunar og matsspurningar koma fram í eftirfarandi töflu.

Umhverfisþáttur	Matsspurningar	Viðmið og gögn
Lífriki/náttúra	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hver eru áhrif jarðstrengs á á verndarsvæði Úlfarsár: Náttúruminjaskrá (nr. 133) og hverfisvernd skv. aðalskipulagi? Er líklegt að jarðstrengur hafi áhrif á lífríki/fiska í Úlfarsá?</li> <li>Hefur jarðstrengur áhrif á votlendi eða vistgerðir með miðlungs eða hátt verndargildi?</li> </ul>	Náttúruminjaskrá. Aðalskipulag Reykjavíkur Stefna Reykjavíkurborgar um líffræðilega fjölbreytni Flokkun Náttúrufræðistofnunar á vistgerðum og mikilvægum fuglasvæðum Náttúruverndarlög nr. 60/2013, áhersla á 37. gr.
Landslag/ásýnd	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hafa breytingar áhrif á landslag og ásýnd svæðis?</li> </ul>	Áætlað beint rask af jarðstreng Áætluð áhrif af því að taka niður Korpulínu 1
Fornminjar	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hafa breytingar áhrif á menningarmínjar, eða búsetu/menningarlandslag?</li> </ul>	Minjaskrá Minjastofnunar Íslands Fyrirliggjandi skráningar á minjum Lög um menningarmínjar nr. 80/2012
Heilsa og öryggi	<ul style="list-style-type: none"> <li>Er líklegt að raf- og segulsvið geti haft áhrif á heilsu íbúa / þeirra sem nýta svæðið til útivistar?</li> </ul>	Leiðbeiningar um viðmiðunarmörk raf- og segulsviðs. ICNIRP (International Commission on Non-Ionising Radiation Protection)

Í samræmi við niðurstöður matsspurninga og hvernig þær falla að viðmiðum er lagt mat á vægi umhverfisáhrifa. Flokkun umhverfisáhrifa er eftirfarandi:

Mjög neikvæð (--)	Neikvæð (-)	Engin/óveruleg (0)	Jákvæð (+)	Mjög jákvæð (++)
Umfang áhrifa mikið, gengur gegn helstu viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur ekki að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa er lítið eða ekkert. Fellur að viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa mikið, er í samræmi við öll viðmið.

### Niðurstaða umhverfismats

Niðurstaða umhverfismats er að framkvæmdir hafi neikvæð áhrif á verndarsvæði, þar sem þær liggja að hluta innan svæðis á náttúruminjaskrá (Úlfarsá). Hins vegar er talið ólíklegt að áhrifa gæti á lífríki, þar sem jarðstrengir fylgja að mestu núverandi mannvirkjum. Minnstu áhrifin verða vegna valkostar A0, þar sem hann liggur minnst um svæði á náttúruminjaskrá. Mestu áhrifin eru vegna valkostar A1.

Áhrif allra valkosta á vatnsvernd eru talin óveruleg, þar sem framkvæmdir fara ekki um verndarsvæði. Þó er mikilvægt að huga að verklagi við lagningu Rauðavatnslínu 1. Áhrif allra kosta á heilsu og öryggi eru einnig metin óveruleg, þar sem styrkur raf- og segulsvið verður innan viðmiðunargilda.

Áhrif valkosta á landslag og ásýnd eru metin óveruleg, þ.e.a.s. að ekki er líklegt að þau breyti ásýnd svæða, þar sem þeir eru í jaðri mannvirkjabelta. Niðurrið á Korpulínu 1, loftlínu, er talin hafa jákvæða áhrif fyrir íbúa á svæðinu og þá sem stunda útivist.

Með tilliti til umhverfisáhrifa er talið að valkostur A0 hafi minnstu áhrifin í för með sér.

**Tafla: Samanburður á umhverfisáhrifum valkosta**

	A0	A1	A2
<b>Lífriki/náttúra</b>			
Verndarsvæði	Neikvæð (-)	Neikvæð (-)	Neikvæð (-)
	Lega fer um svæði á náttúruminjaskrá, en fylgir vegum allan tímann. Fer minnst um verndarsvæði af kostum.	Lega fer um svæði á náttúruminjaskrá, en fylgir vegum að stórum hluta. Fer mest um verndarsvæði af kostum.	Lega fer um svæði á náttúruminjaskrá, en fylgir vegum allan tímann. Fer minnst um verndarsvæði af kostum.
Lífriki Úlfarsár	Óveruleg (0)	Óveruleg til neikvæð (-)	Óveruleg (0)
	Framkvæmdir eru samhliða mannvirkja-beltis. Kanna þarf í verkhönnun að tryggja að strengskurðir dragi ekki úr flæði vatns að Úlfarsá. Ekki talið hafa áhrif á líffræðilega fjölbreytni.	Framkvæmdir eru að mestu samhliða mannvirkja-beltis. Framkvæmdir liggja nær Úlfarsá. Líklegri til að valda meiri áhrifum en aðrir kostir. Ólíklegt að hafi áhrif á líffræðilega fjölbreytni.	Framkvæmdir eru samhliða mannvirkja-beltis. Kanna þarf í verkhönnun að tryggja að strengskurðir dragi ekki úr flæði vatns að Úlfarsá. Ekki talið hafa áhrif á líffræðilega fjölbreytni.
<b>Landslag/ásýnd</b>	Óveruleg til jákvæð (+)	Óveruleg til jákvæð (+)	Óveruleg til jákvæð (+)
	Ólíklegt að rask eftir jarðstreng verði sýnilegt, þar sem hann fylgir vegum alla leið. Jákvæð áhrif að taka niður Korpulínu 1.	Rask verður ekki mjög sýnilegt. Það yrði helst sýnilegt á milli Lambhagavegar og Vesturlandsvegar. Jákvæð áhrif að taka niður Korpulínu 1.	Ólíklegt að rask eftir jarðstreng verði sýnilegt, þar sem hann fylgir vegum alla leið. Jákvæð áhrif að taka niður Korpulínu 1.
<b>Fornminjar</b>	Óviss	Óviss	Óviss
	Sjá minnisblað Borgarsögusafns 27. sept, 2019. Fullnaðarskráning fornleifa skilyrði framkvæmdaleyfis.	Sjá minnisblað Borgarsögusafns 27. sept, 2019. Fullnaðarskráning fornleifa skilyrði framkvæmdaleyfis.	Sjá minnisblað Borgarsögusafns 27. sept, 2019. Fullnaðarskráning fornleifa skilyrði framkvæmdaleyfis.
<b>Vatnsvernd</b>	Óveruleg (0)	Óveruleg (0)	Óveruleg (0)
	Framkvæmdir við Korpulínu hafa engin áhrif. Huga þarf verklagi á framkvæmdatíma Rauðavatnslínu 1, til að tryggja að hún valdi ekki mengunarhættu.	Framkvæmdir við Korpulínu hafa engin áhrif. Huga þarf verklagi á framkvæmdatíma Rauðavatnslínu 1, til að tryggja að hún valdi ekki mengunarhættu.	Framkvæmdir við Korpulínu hafa engin áhrif. Huga þarf verklagi á framkvæmdatíma Rauðavatnslínu 1, til að tryggja að hún valdi ekki mengunarhættu.
<b>Heilsa og öryggi</b>	Óveruleg (0)	Óveruleg (0)	Óveruleg (0)
	Byggt á leiðbeiningum um viðmiðunarmörk er ekki talin að íbúum stafi hættu af raf-eða segulsviði jarðstrengs.	Byggt á leiðbeiningum um viðmiðunarmörk er ekki talin að íbúum stafi hættu af raf-eða segulsviði jarðstrengs.	Byggt á leiðbeiningum um viðmiðunarmörk er ekki talin að íbúum stafi hættu af raf-eða segulsviði jarðstrengs.
<b>Útivist</b>	Óveruleg (0)	Óveruleg (0)	Óveruleg (0)
	Áhrif eru metin óveruleg á útivist á svæðinu, þar sem rask fylgir þegar röskuðu svæði, og óverulegar ásýndarbreyting verður af jarðstreng.	Áhrif eru metin óveruleg á útivist á svæðinu, þar sem rask fylgir þegar röskuðu svæði, og óverulegar ásýndarbreyting verður af jarðstreng.	Áhrif eru metin óveruleg á útivist á svæðinu, þar sem rask fylgir þegar röskuðu svæði, og óverulegar ásýndarbreyting verður af jarðstreng.

Þá falla alla valkostir að stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, þar sem lagðir eru til jarðstrengir innan þéttbýlis og þeir fylgja vegum.

## 5. Samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Umrædd breyting varðar ekki stefnu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins eða breytingu á henni.


## 6. Samræmi við deiliskipulagsáætlanir

Breytingartillagan þverar nokkrar deiliskipulagsáætlanir, eða jaðar þeirra og auglýstar breytingar á þeim samhliða auglýsingu aðalskipulagstillögu. Umræddar áætlanir eru:

**1. Deiliskipulag Vesturlandsvegjar, Hallar, dags. samþ. 15. nóvember 2006 m.s.br.** Fyrirhuguð ný Korpulína er í jaðri svæðisins, austan megin við Lambhagaveg á þeim stað þar sem afmörkun skipulagssvæðisins er skilgreind, sjá uppdrátt.

**2. Deiliskipulag útivistarsvæðis, Úlfarsárdals, dags. samþ. 5. júní 2008 m.s.br.** Fyrirhuguð ný Korpulína þverar skipulagssvæðið meðfram Lambhagavegi að Reynisvatnsvegi og síðan meðfram Reynisvatnsvegi til austurs. Fer lítillega inn á hverfisverndað svæði við brú yfir Úlfarsá.

**3. Deiliskipulag Hesthúsabyggðar á Hólmsheiði, Almannadalur, dags. samþ. 23. september 2003 m.s.br.** Fyrirhuguð Rauðavatnslína þverar skipulagssvæðið við Almannadal.



5. mynd. Yfirlit deiliskipulagsáætlana sem línulögn þverar.

## 7. Afgreiðslu- og kynningarferli

Verklýsing aðalskipulagsbreytingar, ásamt matslýsingu, var samþykkt í Borgarráði þann 2. maí 2019. Verklýsingin var kynnt sbr. 1. mgr. 30. gr. og send til eftifarandi umsagnaraðila: Aðliggjandi sveitarfélög, Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Vegagerðin, Veitur, Landsnet, Borgarsögusafn, Minjastofnun Íslands, Íbúasamtök, Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur

Athugasemdir bárust frá Landsneti (28. maí), Heilbrigðiseftirliti (29. maí), Minjastofnun (6. júní), Umhverfisstofnun (31. maí) og Skipulagsstofnun (27. maí), auk umsagna án athugasemda frá Garðabæ, Mosfellsbæ, Ölfusi og svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins. Horft hefur verið til framkominna athugasemda við mótun tillögunnar og gerð umhverfismats. Umsagnir hafa einnig áhrif á hvernig staðið verður að mati á framkvæmdaleyfi framkvæmdarinnar, einkum varðandi fullnaðarskráningar menningarminja á lagnaleiðinni. Finna má framkomnar umsagnir í Viðauka en þær verða hafðar áfram til hliðjónar við mótun endanlegrar tillögu.

Þann 2. október var samþykkt í skipulags- og samgönguráði að kynna drög að aðalskipulagsbreytingu og var hún send á ofangreinda umsagnaraðila, auk Orkustofnunar. Boðið var upp á kynningu tillögunnar (opið hús) þann 22. október sl. Nokkrar umsagnir bárust við vinnslutillöguna en engar nýjar efnislegar athugasemdir. Minjastofnun áréttaði í tölvupósti 8. október fyrri umsögn um fullnaðarskráningu fornleifa og setti fram fyrirspurn um deiliskipulagsgerð í tenglum við framkvæmdina. Finna má allar umsagnir í viðaukanum.

## 8. Viðauki

Haraldur Sigurðsson  
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

28. maí 2019  
2019-05-45/0.11.2

Efni: Breytingar á Korpulínu 1 og Rauðavatnslínu 1. Umsögn um skipulags- og matslýsingu.

Reykjavíkurborg hefur átt í samráði við Landsnet um fyrirhugaðar breytingar á Korpulínu 1 og Rauðavatnslínu 1. Sú tillaga sem Landsnet hefur lagt fram er á meðfylgjandi korti, en í báðum tilvikum stendur til að leggja línurnar að hluta í jörðu.

Landsneti ber að byggja flutningskerfið upp með öruggum og hagkvæmum hætti og ljóst samkvæmt því sem kemur fram í fylgigögnum verkefnislýsingar að valkostur Landsnets er ódýrastur. Þá fylgir því oft óhagræði að leggja jarðstrengi í og við vegi og gatnamót stórra umferðaræða á þéttbýlum svæðum, þar sem óvissa getur verið um þróun slíkra mannvirkja og hefur Landsnet þurft að leggja út í kostnaðarsamar breytingar á legu strengja sem liggja í nálægð við þau.

Þá telur Landsnet að með tilliti til afhendingaröryggis sé vænlegra að leggja strenginn ekki í mikilli nálægð við núverandi eða fyrirhuguð vegamannvirki í nálægð við Vesturlandsveg. Framkvæmdir við vegamannvirki geta leitt til þess að taka þarf strengi úr rekstri tímabundið með tilheyrandi takmörkunum og ótryggara afhendingaröryggi, sem er alltaf óæskilegt og sérstaklega í nágrenni þess þéttbýlis sem hér um ræðir. Landsnet hefur sem dæmi mjög slæma reynslu af rekstri Nesjavallalínu 1 meðfram Vesturlandsvegi.

Þar sem um er að ræða framvæmdir er snerta kerfisáætlun, þarf að taka mið af henni við gerð skipulagstillögunnar. Rétt er að benda á að fyrir liggur samþykki Orkustofnunar á framkvæmdahluta Kerfisáætlunar 2018-2027, þar sem gert er ráð fyrir að Korpulína 1 verði lögð sem jarðstrengur frá stæðu 19 að núverandi strengendavirki við Korpu, alls 3,8 km leið. Samþykki Orkustofnunar er ein forsenda þess að hægt sé að ráðast í framkvæmdir. Að auki þarf Landsnet að hafa góðan tíma til að vinna að verkhönnun og öðrum undirbúningi. Því er mikilvægt að sem fyrst liggi fyrir ákvörðun um endanlegan valkost, svo ekki verði tafir á framkvæmd verkefnisins.

Virðingarfyllt



Einar S. Einarsson  
framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs



Ljósblá brotalína táknar valkost Landsnets fyrir jarðstrengslögn Korpulínu 1 og bleik brotalína valkost Landsnets fyrir Rauðavatnslínu 1.



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Reykjavíkurborg - Umhverfis- og skipulagssvið  
Borgartúni 12 - 14  
105 Reykjavík

Umhverfis- og skipulagssvið  
Minjavörður Reykjavíkur og  
nágrennis  
Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 6. júní 2019

MÍ201905-0027/ 6.08 / G.G.G.

## Efni: Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 - breyting á Korpulínu

Guðný Gerður  
Gunnarsdóttir  
Minjavörður Reykjavíkur og  
nágr.  
[gudneygerdur@minjastofnun.is](mailto:gudneygerdur@minjastofnun.is)

Minjastofnun Íslands hefur borist bréf Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, dags. 8.5.2019, þar sem tilkynnt er um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er varðar Korpulínu, eins og kemur fram í verkefnalýsingu skipulagsgerðar og umhverfismats; *Korpulína. Jarðstrengur (132 kV) frá Geithálsi að tengivirki við Korpu, niðurfelling háspennulínu (loftlínu) og breytt lega Rauðavatnslínu. Breyting nr. 32, apríl 2019.*

Minnt er á ákvæði 16. gr. laga um menningarminjar, *Skráning vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda*, þar sem kveðið er á um að áður en gengið er frá aðalskipulagi þarf skráning fornleifa, húsa og mannvirkja að fara fram. Framkvæmdasvæðin sem breytingartillögurnar ná yfir hafa ekki verið fullskráð með tilliti til þeirra fornleifa sem þar er að finna. Því þarf að fara fram fornleifaskráning á vettvangi samkvæmt núgildandi stöðlum Minjastofnunar þegar mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar fer fram. Sýnilegar fornleifar skulu mældar upp og útlínur skráðra fornleifa skulu færðar inn á loftmynd/kort þannig að fram koma með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna á framkvæmdasvæðum. Einnig er rétt að gera grein fyrir yngri minjum. Þegar fullnægjandi fornleifaskráning fyrir umrædd svæði liggur fyrir þá mun Minjastofnun gefa umsögn um þær tillögur sem nefndar eru í verklýsingu vegna Korpulínu.

Minjastofnun Íslands er kunnugt um að Borgarsögusafn Reykjavíkur vinnur nú að fornleifaskráningu Austurheiðar vegna deiliskipulags útivistarsvæðis og lagningar háspennustrengja við Rauðavatn. Framkvæmdasvæði Korpulínu er að hluta til innan þess svæðis.

Virðingarfyllst,

Guðný Gerður Gunnarsdóttir

minjavörður Reykjavíkur og nágrennis



Afrit sent:  
Skipulagsstofnun  
Afrit sent í tölvupósti:  
Haraldur Sigurðsson ([haraldur.sigurdsson@reykjavik.is](mailto:haraldur.sigurdsson@reykjavik.is))  
Umhverfis- og skipulagssvið ([skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is))  
Borgarsögusafn Reykjavíkur ([minjavarsla@reykjavik.is](mailto:minjavarsla@reykjavik.is))

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuminni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.



Reykjavíkurborg  
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi  
b.t. Haraldar Sigurðssonar  
Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. maí 2019  
Tilvísun: 2019050092

**Efni: Verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats vegna Korpulínu. Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur**

Vísað er til tölvubrúefs skrifstofu skipulagsfulltrúa dags. 8. maí 2019 þar sem tilkynnt er fyrirhuguð breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, vegna breytinga á aðflutningskerfi Landsnets í austurhluta borgarinnar, þ.e. legu Korpulínu 1 frá tengivirki á Geithálsi að tengivirki við Korpu við Vesturlandsveg. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir verkefnislýsingu skipulagsgerðar og umhverfismats og gerir eftirfarandi umsögn.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við verkefnislýsinguna en minnir á að fyrirhuguð framkvæmd liggur í jaðri vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins, þ.e. frá Geithálsi að aðveitustöð við Suðurlandsveg.

Virðingarfyllst  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Kristín Lóa Ólafsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi

Reykjavíkurborg  
Haraldur Sigurðsson  
Borgatúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík 31. maí 2019  
UST201905-046/B.S.  
10.04.02

**Efni: Aðalskipulag - Breyting - Korpulína í Reykjavík. Umsögn**

Vísað er til bréfs Reykjavíkurborgar dags. 8. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar varðandi breytingar á Korpulínu 1 sem ráðgert er að leggja í jörð frá tengivirki við Geitháls að tengivirki við Korpu. Einnig verður lítilsháttar breyting á legur Rauðavatnslínu 1.

Umhverfisstofnun telur að velja eigi strengleið sem fer um land sem þegar hefur verið raskað, sbr. leiðir sem fjallað er um í minnisblaði í greinargerð.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson  
sérfræðingur

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið  
Haraldur Sigurðsson  
Borgartúni 12 - 14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 22. maí 2019

Tilvísun: 201905013 / 3.2

---


**Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna færslu Korpulínu, jarðstrengur frá Geithálsi að tengivirki við Korpu.**

---

Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið hefur, með erindi dags. 8. maí 2019 óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. í apríl 2019, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Samþykkt var í skipulags- og samgönguráði 17. apríl 2019 og í borgarráði 2. maí 2019, að kynna lýsinguna.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur lýsinguna veita góða mynd af viðfangsefnum skipulagsbreytingarinnar og gefi ekki tilefni til ábendinga að svo stöddu einkum þar sem enn á eftir að ákveða endanlega legu jarðstrengs.

  
Sigríður Björk Jónsdóttir





Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavíkurborg  
Skipulags- og umhverfisráð  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Kópavogur, 5. júlí 2019  
1905002 SB

Efni: **Korpulína**

Á 89. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, þann 21. júní s.l. var fjallað um ofangreint málefni.

Eftirfarandi var bókað:

Fyrirhuguð skipulagsbreyting snýr að legu Korpulínu 1 (132kv) sem liggur milli tengivirkja á Geithálsi við Korpu. Áformað er að leggja jarðstreng og taka niður loftlínur og möstur.

Fyrirhuguð breyting samræmist vel stefnu svæðisskipulagsins um að horft verði til þess að flytja háspennulínur í jörðu. Línan liggur að hluta um Græna trefilinn sem skilgreindur er í svæðisskipulagi sem sameiginlegt útivistarsvæði. Það væri því eðlilegt að í umhverfismati tillögunar verði metin áhrif á útivist.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd telur það mjög jákvætt að áformað sé að fara með Korpulínu 1 í jörðu. Nefndin minnir á að hluti leiðarinnar fer um Græna trefilinn sem er sameiginlegt útivistarsvæði og telur því eðlilegt að við umhverfismat tillögunar verði metin áhrif á útivist.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell Á. Proppé

Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Reykjavíkurborg

Ráðhúsinu  
101 Reykjavík

Mosfellsbæ, 27. maí 2019  
erindi nr. 201905089/- LG

**Efni: Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna erindis yðar**

Á 485. fundi skipulagsnefndar Mosfellsbæjar 24. maí 2019, var neðangreint erindi tekið fyrir og svohljóðandi bókun gerð:

**Aðalskipulag Reykavíkur - Korpulína, verklýsing til kynningar**

Borist hefur erindi frá Reykjavíkurborg dags. 8. maí 2019 varðandi breytingu á aðalskipulagi Reykavíkur-Korpulína.

**Niðurstaða:**

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við erindið*

Afgreiðsla skipulagsnefndar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og verður yður gert viðvart ef afgreiðsla erindisins verður á annan veg í bæjarstjórn en hér er tilkynnt.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,  
f.h. skipulagsnefndar Mosfellsbæjar



Lára Gunnarsdóttir  
Verkefnastjóri á umhverfissviði

---

Athygli er vakin á því að telji einhver rétti sínum hallað með ofangreindri samþykkt er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, sbr. 52.gr. laga nr. 123/2010 og lög nr. 130/2011.

Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðun þá sem kæra á. Sé um að ræða ákvörðun sem sætir opinberri birtingu, telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.





Reykjavíkurborg

Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 Reykjavík

Þorlákshöfn, 5. júní 2019  
nr. erindis 1905008 KP

Hafnarberg 1  
815 Þorlákshöfn, Iceland  
+354 480 3800 [olfus.is](http://olfus.is)

Á 104. fundi skipulags- og byggingar- og umhverfisnefndar Ölfuss 27. maí. 2019 sl., var tekið fyrir neðangreint erindi.

### **Skipulagsmál - Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 - Korpulína**

*Reykjavíkurborg kynnir fyrirhugaða aðalskipulagsbreytingu vegna breytinga á aðflutningskerfi Landsnets í austurhluta borgarinnar. Meginatriði breytingartillögu mun snúa að legu Korpulínu 1 (132 kV), frá tengivirki að Geithálsi að tengivirki við Korpu, við Vesturlandsveg. Með breytingu á legu línunnar er áformað að færa hana í jörð. Í breytingartillögu verður einnig hugað að lítilsháttar tilfærslu á legu Rauðavatnslínu 1.*

*Afgreiðsla fundar: Lagt fram. Ekki voru gerðar athugasemdir við gögn.*

Afgreiðsla nefndarinnar var staðfest á 268. fundi bæjarstjórnar Ölfuss 4. júní 2019.

### **1905006F - Skipulags-, bygginga- og umhverfisnefnd – 104**

*Fundargerð skipulags- bygginga- og umhverfisnefndar frá 27. maí lögð fram.*

*Fundargerðin síðan staðfest samhljóða.*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,  
f.h. skipulags- og byggingarnefndar

Kristinn Pálsson  
verkefnastjóri



GARÐABÆR  
www.gardabaer.is

Reykjavíkurborg  
b.t. Haraldur Sigurðsson  
Ráðhúsinu  
101 Reykjavík

Garðabæ, 13.05.2019  
Mál nr. 1905109

Efni: Aðalskipulag Reykjavíkur, breyting. Korpulína. Verklýsing til kynningar

Á fundi skipulagsnefndar þann 10. maí sl var tekið fyrir ofangreint mál og eftirfarandi bókun gerð.

„Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemdir við tillögurnar.“

Afgreiðslu málsins er vísað til bæjarstjórnar.

Virðingarfyllst,

Arinbjörn Vilhjálmsson  
skipulagsstjóri







<b>Verkheiti:</b>	Samantekt á lagnaleiðum Korpulínu 1		
<b>Dagsetning:</b>	22.10.2018	<b>Minnisblað nr:</b>	2
<b>Viðfangsefni:</b>	Korpulína		
<b>Höfundur:</b>	FRL/ÓH/ES		
<b>Viðtakandi:</b>	Reykjavíkurborg		

## Inngangur

Reykjavíkurborg hefur beðið Lotu að skoða möguleika á fleiri lagnaleiðum en þeim sem Landsnet hefur lagt fram fyrir strenglagningu á Korpulínu 1, sem liggur milli tengivirkjana Geitháls og Korpu, og loftlínuhluta Rauðavatnslínu 1.

Hvað varðar strenglagningu á Korpulínu 1 hefur Landsnet<sup>1</sup> lagt til strengleið sem skipt er upp í tvo hluta:

- A – Frá Korpu að mastri 19 á Hólmsheiði
- B – frá mastri 19 að Geithálsi.

Leið C á mynd 1 sýnir tillögu Landsnets að leiðarvali fyrir strenglagningu á loftlínuhluta Rauðavatnslínu 1.



Mynd 1: Tillaga Landsnets – hér nefnd tillaga 0

<sup>1</sup> Ráðgjafi Efla



Á aðalskipulagi svæðisins er gert ráð fyrir nýjum mislægum gatnamótum á mótum Vesturlandsvegur, Hallsvegur og Úlfarsfellsvegur. Reykjavíkurborg vill hafa áhrif á lagnaleiðina og koma með aðrar tillögur sem gætu hentað betur fyrir framtíðaruppbyggingu svæðisins, annars vegar milli Korpu og „Bauhaus“ og hins vegar á milli „Bauhaus“ og hringtorgs sem er við gatnamót Reynisvatnsvegur, Lambhagavegur og Jónsgeisla í Grafarholti.

## Strengleið A - Frá Korpu að mastri 19

Þær tillögur sem hér eru lagðar fram gera ráð fyrir breytingum á legu strengsins á A hluta strengleiðar á mynd 1, það er frá Korpu að mastri nr. 19 á Korpulínu 1 á Hólmsheiði. Þó er ekki gert ráð fyrir neinum breytingum frá hringtorginu á mörkum Lambhagavegur, Jónsgeisla og Reynisvatnsvegur að mastri nr. 19.

Á þeim stöðum þar sem ekki er hægt að grafa strenginn beint í jörðu er gert ráð fyrir að fleyga eða sprengja fyrir strenginn í klöpp, en það er mjög kostnaðarsamur hluti verks.

## Tillaga 0; Tillaga Landsnets

Landsnet leggur til að strengurinn verði lagður meðfram göngustíg austan megin við „Bauhaus“ og fylgi Lambhagavegi uppi á klöppinni austan megin við veginn. Strengurinn fylgir síðan Reynisvatnsvegi og síðar Hólmsheiðarvegi og þaðan að mastri nr. 19.

Á mynd 1 má sjá mynd af tillögu 0, en það er rauða línan merkt A.

Þessi tillaga er einfaldasta útfærsla strenglagnarinnar.

## Tillaga 1; tillaga Reykjavíkurborgar

Hér er gert ráð fyrir strenglagn meðfram Vesturlandsvegi. Frá Korpu að „Bauhaus“ er gert ráð fyrir að strengurinn verði lagður í veghelgunarsvæði Vesturlandsvegur. Frá lóðarmörkum Lambhagavegar 11 að göngubrú yfir Úlfarsá liggur strengleiðin áfram meðfram Vesturlandsvegi, en milli gangstéttar og lóðamarka.

Undir gólfi göngubrúarinnar yfir Úlfarsá er lagnaleið og er pláss fyrir strenginn þar. Þaðan yrði göngustíg sem liggur meðfram Reynisvatnsvegi, fylgt að hringtorgi á mörkum Reynisvatnsvegur, Lambhagavegar og Jónsgeisla.

Eins og í tillögu 0 fylgir strengurinn Reynisvatnsvegi og síðar Hólmsheiðarvegi og þaðan að mastri nr. 19.

Á mynd 2 má sjá strengleiðina á korti.





**Mynd 3: Helgunarsvæði Vesturlandsvegjar frá Korpu að Bauhaus. Í tillögum 1 og 2 er lagt til að strengurinn yrði lagður í þetta svæði.**



**Mynd 4: Göngubrú yfir Úlfarsá. Í tillögu 1 er gert ráð fyrir að nota þessa lagnaleið**

## Tillaga 2; tillaga Reykjavíkurborgar

Í þessari tillögu er gert ráð fyrir að strengurinn verði lagður í veghelgunarsvæði Vesturlandsvegjar fram hjá „Bauhaus“ og þaðan sveigir hann upp með Úlfarsfellsvegi frá hringtorgi á Vesturlandsvegi. Frá hringtorgi Úlfarsfellsvegjar og Lambhagavegjar yrði hann lagður meðfram Lambhagavegi og að hringtorgi á gatnamótum Lambhagavegjar, Reynisvatnsvegjar og Jónsgeisla.

Meðfram Lambhagavegi yrði strengurinn fyrst lagður vestan megin við Lambhagaveg, en síðar færð hinum megin við veginn vegna vatns- og fráveitulagna sem þar eru fyrir. Þar er strengurinn lagður undir grasið milli göngustígs og vegs. Þegar pláss eykst austan megin við göngustíg, er strenglagnin færð þangað til að lágmarka rask.

Ekki liggur ljóst fyrir hversu djúpt er á klöppina við Lambhagaveg og því er hér gert ráð fyrir að jarðvegsskiptin hafi ekki verið mikil og að það þurfi að fleyga strenginn á þessum kafla. Gera má ráð fyrir að fjarlægja þurfi einhverja ljósastaura á meðan framkvæmd stendur yfir, á þeim kafla þar sem strengurinn er lagður milli göngustígs og vegs.

Eins og í hinum tillögunum er gert ráð fyrir að strengurinn fylgi Reynisvatnsvegi og síðar Hólmsheiðarvegi og þaðan að mastri nr. 19.

Á mynd 6 má sjá strengleiðina á korti.



**Mynd 5: Lambhagavegur. Í tillögu 2 er gert ráð fyrir að leggja strenginn fyrst vestan megin við veginn en síðar er vegurinn krossaður vegna lagna sem þar eru fyrir.**



**Mynd 6: Tillaga 2 - Strenglagn meðfram Vesturlandsvegi, strengurinn liggur meðfram Úlfarsfellsvegi og Lambhagavegi, og lagður í göngustíginn þegar þess þarf.**

## Kostnaður við tillögur

Í töflu 1 er kostnaðarmat fyrir strenglagnina frá Korpu og að hringtorginu á mótum Reynisvatnsvegar, Lambhagavegar og Jónsgeisla í Grafarholti. Jafnframt er umframkostnaður tillagna 1 og 2 miðað við tillögu 0 metinn.

**Tafla 1: Samanburður á kostnaði tillaga**

	Lengd (m)	Kostnaður að hringtorgi (m.kr.)	mismunur m.v. tillögu 0 (m.kr.)
<b>Tillaga 0</b>	4050	323	
<b>Tillaga 1</b>	4200	324	+1
<b>Tillaga 2</b>	4160	339	+16

Kostnaður við tillögu 1 er metinn svipaður og við tillögu 0 þrátt fyrir að línuleiðin verði lengri. Ástæða þess er minni þörf á fleygun í tillögu 1 en í tillögu 0. Tillaga 2 hefur í för með sér enn meiri fleygun en í hinum tillögum og meiri kostnað samfara því að leggja nýjan göngustíg. Línuleiðin í tillögu tvö er einnig lengri en í tillögu 0. Þessir þættir leiða til þess að kostnaður við val á tillögu 2 verður mestur.



## Kostnaðarmat

Eftirfarandi eru töflur sem sýnir kostnaðarmat fyrir hverja leið fyrir sig.

	<b>lengd (m)</b>	<b>Verð (kr/m)</b>	<b>Kostnaður (kr)</b>
<b>Tillaga 0 - Aftan við Bauhaus og Lambhagavegur</b>			
Fleygun fyrir streng í jörðu	1570	19000	29.830.000
Grafa fyrir streng í jörðu	2480	3.500	8.680.000
Strengur, leggja strenginn, múffur, sandur...	4050	69.750	282.487.500
Fjarlægja og leggja nýjan göngustíg	75	23.000	1.725.000
Álag vegna þverunar lagna			756.000
<b>Heild</b>			<b>323.478.500</b>

	<b>lengd (m)</b>	<b>Verð (kr/m)</b>	<b>Kostnaður (kr)</b>
<b>Tillaga 1 - Vesturlandsvegur</b>			
Fleygun fyrir streng í jörðu	760	19000	14.440.000
Grafa fyrir streng í jörðu	3440	3500	12.040.000
Strengur, leggja strenginn, múffur, sandur...	4200	69750	292.950.000
Fjarlægja og leggja nýjan göngustíg	155	23000	3.565.000
Álag vegna þverunar lagna			1.386.000
<b>Heild</b>			<b>324.381.000</b>
<b>Mismunur m.v. tillögu 0</b>			<b>902.500</b>


	<b>lengd (m)</b>	<b>Verð (kr/m)</b>	<b>Kostnaður (kr)</b>
<b>Tillaga 2 - Vesturlandsvegur og Lambhagabraut</b>			
Fleygun fyrir streng í jörðu	1800	19.000	34.200.000
Grafa fyrir streng í jörðu	2360	3.500	8.260.000
Strengur, leggja strenginn, múffur, sandur...	4160	69.750	290.160.000
Fjarlægja og leggja nýjan göngustíg	200	23.000	4.600.000
Álag vegna þverunar lagna			1.417.500
Fjarlægja ljósastaura á meðan framkvæmd stendur			750.000
<b>Heild</b>			<b>339.387.500</b>
<b>Mismunur m.v. tillögu 0</b>			<b>15.909.000</b>

## Strengleidd B - Frá mastri 19 að Geithálsi

Landsnet hefur lagt til strenglögna frá mastri 19 á Korpulínu 1 að Geithálsi verði að mestu leiti látin fylgja núverandi línuleið loftlínunnar að Geithálsi. Sú tillaga er merkt með bláu á mynd 7.

Hér er skoðuð önnur tillaga, það er að fylgja Hólmsheiðarvegi í stað þess að fylgja núverandi loftlínu. Til einföldunar er leiðin skoðuð frá þeim stað þar sem núverandi lína þverar Hólmsheiðarveg, sjá gulan hring á mynd 7. Af þeim sökum er hluti strengleiddar A, einnig innifaldir í þessum valkosti. Því eru 170m tvítaldir í þessu minnisblaði. Sú strengleidd er merkt með gulu á mynd 7.

Kostnaður varðandi tillögu 0 er metinn 187 m.kr. á meðan kostnaðurinn við tillögu Reykjavíkurborgar er metinn vera 218 m.kr. Mismunurinn er því 31 m.kr.



Mynd 7: Strengleið B. Frá Hólmsheiðarvegi (merkt með svörtum hring) að Geitháls. Blá leið er tillaga Landsnets en gul leið er tillaga Reykjavíkurborgar.

Niðurstöður samanburðarins má sjá í eftirfarandi töflum.

Tillaga Landsnets – núverandi línuleið	lengd (m)	Verð (kr/m)	Kostnaður (kr)
Grafa fyrir streng í jörðu	2550	3.500	8.925.000
Strengur, leggja strenginn, múffur, sandur...	2550	69.750	177.862.500
<b>Heild</b>			<b>186.787.500</b>

Strengur lagður meðfram Hólmsheiðarvegi	lengd (m)	Verð (kr/m)	Kostnaður (kr)
Grafa fyrir streng í jörðu	2970	3.500	10.395.000
Strengur, leggja strenginn, múffur, sandur...	2970	69.750	207.157.500
<b>Heild</b>			<b>217.552.500</b>
<b>Mismunur m.v. tillögu Landsnets</b>			<b>30.765.000</b>



## Strengleið C - Rauðavatnslína 1

Landsnet hefur lagt til að loftlínuhluti Rauðavatnslínu 1, sem liggur milli Geitháls og aðveitustöðvar við Rauðavatn, verði lagður í streng og mælir Landsnet með strengleið sem er merkt með ljósbláum lit á mynd 8.

Skoðuð var önnur strengleið þar sem strengurinn yrði lagður meðfram línuvegi núverandi línubúts og tengdur við núverandi strengbút Rauðavatnslínu 1. Sú strengleið er sýnd með rauðu á mynd 8.

Áætlað er að strengbúturinn samkvæmt tillögu Landsnets verði 1,9 km en strengbúturinn meðfram núverandi vegi við núverand línuleið verði 1,8 km. Einnig gæti strengleiðin í tillögu Landsnets verið kostnaðarsamari því hún er ekki meðfram vegi.

Í báðum tilvikum þarf að tengja nýjan strengbút við núverandi streng.

Miðað við þær forsendur sem hér er byggt á, má því gera ráð fyrir að kostnaðurinn við þessar tillögur sé mjög sambærilegur, jafnvel ívið meiri kostnaður sem fylgir tillögu Landsnets.



**Mynd 8 – Strengleið Rauðavatnslínu 1. Ljósblá leið er tillaga Landsnets, rauð leið er tillaga Reykjavíkurborgar.**

## MINNISBLAÐ

### SKJALALYKILL

2509-457-71-MIN-001-V01

### DAGS.

28.01.2019

### SENDANDI

Einar Sindri Ólafsson

### VERKHEITI

Korpulína 1, 132 kV jarðstrengur

### VERKKAUPI

Landsnet

### DREIFING

Pórir Þórisson (Efla)  
Gunnar H. Sigurðarson(Landsnet)  
Árni Jón Elíasson(Landsnet)

### MÁLEFNI

Jarðkönnun á strengleið Korpulínu 1

## Inngangur

Fyrirhugað er að leggja 132 kV jarðstreng (Korpulína 1) frá tengivirki Landsnets í Korpu að Geithálsi. Jarðkönnun fór fram á mögulegum strengleiðum föstudaginn 18. janúar, en þrjár valkostir koma til greina; A0, A1 og A2. Strengleið A0 liggur austur fyrir verslun Bauhaus meðfram göngustíg sem þar liggur, austan við Lambhagaveg að Reynisvatnsvegi og norðan við hann allt að Reynisvatni. Strengleið A1 liggur frá tengivirki í Korpu meðfram Vesturlandsvegi í vegskeringu og beygir síðan til austurs og sameinast leið A0 við Reynisvatnsveg. Leið A2 er síðan meðfram Reynisvatnsvegi að Reynisvatni. Strengleið A2 liggur á sama stað og A1 meðfram Vesturlandsvegi en beygir frá leið A1 meðfram Úlfarfellsvegi og sameinast strengleið A2.

Jarðkönnun var framkvæmd á strengleiðum A0 og A2, en ekki þótti ástæða til að kanna strengleið A1 ítarlega. Á myndum 1-6 má sjá helstu jarðvegsaðstæður á strengleiðunum.



**MYND 1** Vegskering meðfram Vesturlandsvegi, horft til norðurs í átt að Korpu (A0).



**MYND 2** Horft í átt að Vesturlandsvegi og Korpu frá strengleið A2.





**MYND 3** Göngustígur fyrir ofan verslun Bauhaus (t.h). Strengleið A2 liggur meðfram göngustígnum.



**MYND 4** Horft yfir sléttlent mýrarsvæði við Úlfarsá, fjær sést Lambhagavegur en strengleiðin liggur austan megin við hann (hægra megin).



**MYND 5** Horft meðfram Reynisvatnsvegi til austurs.



**MYND 6** Vegskering á Hólmsheiðarvegi, horft til vesturs.

## Framkvæmd

Við jarðkönnunina var stálteinn (þjakkur) rekinn niður í fyrirfram ákveðna punkta. Einnig var stöðum bætt við meðan á könnun stóð eftir því sem þótti þurfa. Stálteinninn er 12 mm þykkur og 1,6 m langur. Hann er með ásláttarhaus til að reka niður með slaghamri. Auðvelt er að reka teininn niður í jarðveg, sand og önnur laus jarðefni. Erfiðara er að reka teininn í gegnum mjög þétt set eða stórgrytta möl. Hins vegar gefur slík jarðkönnun mjög góða mynd af því hvort hægt sé að grafa skurði í landsvæði, ef jarðvegsaðstæður eru hentugar.

Teinninn var rekinn niður á 30 stöðum á tveimur mögulegum strengleiðum, sem ákveðið var að rannsaka. Staðsetning holanna var síðan hnitsett með Trimble R10 mælitæki. Snjór var yfir rannsóknarsvæðinu þegar jarðkönnun fór fram, eins og sjá má á myndum 1-6.

## Niðurstöður jarðkönnunar

Í töflu 1 má sjá niðurstöður jarðkönnunar á strengleið Korpulínu 1. Í töflu 2 má sjá tölfræðilega greiningu á niðurstöðum jarðkönnunar, bæði fyrir allar holur og síðan aðeins þær holur sem ekki eru í vegskeringum (holur 6-26). Þar er mjög grunnt á klöpp og gefur því ekki góða mynd af náttúrulegum jarðvegsaðstæðum á svæðinu. Holur 1-5 eru í vegskeringu Vesturlandsvegur og holur 27-30 eru í vegskeringu Hólmsheiðarvegur. Athuga verður að niðurstöðurnar gefa ekki nákvæma mynd af dýpi á fastan botn þar sem ekki var þjakkað niður á fastan botn í öllum holum.

**TAFLA 1** Túlkaðar niðurstöður jarðkönnunar á strengleið Korpulínu 1 (KLP).

HOLA NR.	X [ÍS93]	Y [ÍS93]	YFIRBORÐ [M.Y.S.]	LÍFRÆNN BOTN [M.Y.S.]	FASTUR BOTN [M.Y.S.]	LÍFRÆNN BOTN [DÝPI M]	FASTUR BOTN [DÝPI M]	ATHUGASEMDIR
KLP-01	366134,7	407659,7	51,8	51,7	51,7	0,1	0,1	Lífrænt blönduð fylling ofan á klöpp í skeringu.
KLP-02	366113,2	407635,4	51,8	51,5	51,5	0,3	0,3	Lífrænt blönduð fylling ofan á klöpp í skeringu.
KLP-03	365996,1	407485,5	49,6	49,3	49,3	0,3	0,3	Lífrænt blönduð fylling ofan á klöpp í skeringu.
KLP-04	365908,6	407339,5	48,2	47,9	47,9	0,3	0,3	Lífrænt blönduð fylling ofan á klöpp í skeringu.
KLP-05	365844,2	407198,0	48,4	48,1	48,1	0,4	0,4	Lífrænt blönduð fylling ofan á klöpp í skeringu.
KLP-06	365855,8	406926,2	56,4	56,2	55,5	0,2	0,9	Lífrænn jarðvegur yfirmöl/sand, 0,9 m á klöpp.
KLP-07	366148,7	407579,8	59,2	58,6	58,6	0,6	0,6	Lífrænn jarðvegur yfir klöpp.
KLP-08	366191,6	407492,3	67,9	67,9	67,9	0,0	0,0	Klöpp í yfirborði, hátt holt sem stendur upp úr landslagi.
KLP-09	366267,8	407402,4	71,2	70,5	70,2	0,7	1,0	Lífrænn jarðvegur yfir klöpp. Þýfður lyngmói.
KLP-10	366293,6	407321,4	77,5	76,7	76,7	0,8	0,8	Lífrænn jarðvegur yfir klöpp. Frostveðrað grjót í yfirborði.
KLP-11	366257,6	407234,4	78,2	77,5	77,5	0,8	0,8	Lífrænn jarðvegur yfir klöpp.
KLP-12	366210,5	407149,2	77,2	75,8	75,8	1,4	1,4	Blönduð fylling yfir klöpp.
KLP-13	366124,7	407052,2	73,6	72,8	72,8	0,8	0,8	Lífrænn jarðvegur yfir klöpp.
KLP-14	366066,9	406991,6	74,2	74,2	74,2	0,0	0,0	Klöpp í yfirborði.
KLP-15	366001,6	406922,3	66,7	66,1	66,0	0,6	0,8	Lífrænn jarðvegur yfir klöpp. Þýfður lyngmói.
KLP-16	365965,2	406863,5	65,9	65,5	65,5	0,4	0,4	Lífrænn jarðvegur (fylling?) yfir klöpp.
KLP-17	365969,8	406734,4	69,0	68,5	68,2	0,5	0,8	Lífrænn jarðvegur yfir möl/sand, klöpp þar undir.
KLP-18	366004,5	406615,9	76,8	76,7	76,7	0,1	0,1	Þunnt lag af jarðvegi/sand yfir sprunginni klöpp.
KLP-19	366094,3	406456,5	70,8	70,4	70,2	0,4	0,6	Fylling yfir klöpp í skeringu.
KLP-20	366136,1	406352,4	66,1	65,7	<65,7	0,4	>0,4	Lífrænn jarðvegur yfir klöpp/stórgrýti.
KLP-21	366165,4	405969,4	52,4	51,5	51,1	0,9	1,3	Lífrænn jarðvegur yfir klöpp.
KLP-22	366331,6	405914,4	52,4	51,4	51,4	1,0	1,0	Lífrænn jarðvegur yfir klöpp.
KLP-23	366508,5	405857,2	54,3	53,8	<53,8	0,5	>0,5	Stórgrýti og lífrænt blandaður jarðvegur yfir klöpp eða stórgrýti.
KLP-24	366637,6	405797,0	57,4	56,6	<56,6	0,8	>0,8	Stórgrýti og lífrænt blandaður jarðvegur yfir klöpp eða stórgrýti.
KLP-25	366780,6	405714,1	57,5	57,0	57,0	0,5	0,5	Grýttur, lífrænt blandaður jarðvegur yfir klöpp.
KLP-26	366950,2	405598,3	66,0	65,0	65,0	1,0	1,0	Lífrænt blandaður jarðvegur yfir klöpp.
KLP-27	367184,8	405406,0	87,3	87,3	87,3	0,0	0,0	Klöpp í skeringu.

**TAFLA 1** Túlkaðar niðurstöður jarðkönnunar á strengleið Korpulínu 1 (KLP).

HOLA NR.	X [ÍS93]	Y [ÍS93]	YFIRBORÐ [M.Y.S.]	LÍFRÆNN BOTN [M.Y.S.]	FASTUR BOTN [M.Y.S.]	LÍFRÆNN BOTN [DÝPI M]	FASTUR BOTN [DÝPI M]	ATHUGASEMDIR
KLP-28	367267,0	405343,2	94,9	94,9	94,9	0,0	0,0	Klöpp í skeringu.
KLP-29	367349,8	405301,1	101,7	101,5	101,5	0,2	0,2	Stórgrýti yfir klöpp í skeringu.
KLP-30	367416,3	405281,2	106,6	106,3	106,3	0,3	0,3	Stórgrýti yfir klöpp í skeringu.

**TAFLA 2** Tölfræðileg greining á niðurstöðum jarðkönnunar á strengleið Korpulínu 1 (KLP). Tölur innan sviga eru meðaltöl fyrir holur sutan vegskeringa, þ.e. holur 6-26. Ath. að niðurstöðurnar gefa ekki rétta mynd af dýpi á fastan botn þar sem ekki var þjakkð niður á fastan botn í öllum holum.



TÖLFRÆÐI JARÐKÖNNUNAR	LÍFRÆNN BOTN [DÝPI M]	FASTUR BOTN [DÝPI M]
Meðtal	0,5 (0,6)	0,5 (0,7)
Staðalfrávik	0,3 (0,4)	0,4 (0,4)
Minnsta dýpi / þykkt	0,0	0,0
Mesta dýpi / þykkt	1,4	1,4
Meðaltal - 1 staðalfrávik (16,7% vikmörk)	0,1 (0,2)	0,1 (0,3)
Meðaltal + 1 staðalfrávik (83,3 % vikmörk)	0,8 (0,9)	0,9 (1,1)

Í viðauka má finna kort sem sýnir staðsetningu holanna ásamt dýpi o.fl. uppl.

### Jarðvegsaðstæður - túlkun

Almennt er frekar grunnt niður á fastan botn, að meðaltali um 0,5 m. Í langflestum tilfellum var þjakkð niður á klöpp en í einstaka tilfellum lék vafi á því hvort um væri að ræða klöpp eða stórgrýti. Snjór var yfir rannsóknarsvæði og því var erfiðara að átta sig á yfirborðsaðstæðum, þó var ekki klaki í jörðu.

Hluti strengleiðanna sem voru skoðaðar eru í vegskeringu þar sem búið er að sprengja niður klöpp. Það er annarsvegjar meðfram Vesturlandsvegi (1) og Hólmsheiðarvegi. Þar er klöpp ýmist í yfirborði eða þunnt lag af lífrænt blönduðum jarðvegi yfir. Á þeim hluta strengleiðar frá Vesturlandsvegi (1) og að Úlfarsá er strengleið öllu jafna um holt með þunnri, lífrænt blandaðri jarðvegshulu, allt að 1,4 m þykkri. Meðfram Reynisvatnsvegi er strengleiðin í svipuðum jarðvegsaðstæðum, þó örlítið þykkari jarðvegshula. Við Úlfarsá hefur set hlaðist upp og er líklegt að jarðvegsþykkt sé almennt þykkari neðar í dalnum, nær ánni. Þveranir á vegum og öðru voru ekki skoðaðar sérstaklega í þessari jarðkönnun.



**Skýringar:**

- Þjökkuð hola
- (Lífrænn botn, dýpi [m]) Hóla nr. | Yfirborð (m.y.s)
- (Fastur botn, dýpi [m]) Lífrænn botn (m.y.s) | Fastur botn (m.y.s)
- Strengleið A0
- Strengleið A1
- Strengleið A2

0 50 100 150 200 250 m  
Kvarði

Hnitakerfi: ÍSNET93 og landshæðarkerfi Reykjavíkur  
Loftmynd: Loftmyndir ehf

<b>EFLA</b> VERKFRÆÐIÞÓFA		<b>LANDSNET</b>	
DAGS.	NAFN		
HANNAÐ 16.01.18	ESÓ		
TEKNAÐ 18.01.18	ESÓ		
RYNI 22.01.18	SGA		
SAMBYKKT	JHS		

<b>Korpuína 1</b>				Verk nr. 2509-457
132 kV jarðstrengur Jarðkönnun DRÖG				Verkefni: PP
				Fag: JAR
CAD skrá .dwg	Kvarði (A3) 1:5000	Elle teikning nr. 2509-457	Útgáfa Síða 01 01	Teikning nr. 01

**MINNISBLAÐ****SKJALALYKILL**

2509-457-24-MIN-004-V02

**DAGS.**

13.02.2019

**SENDANDI**

Pórir Þórisson

**VERKHEITI****Korpulína 1 og Rauðavatnslína 1 - Jarðstrengir****VERKKAUPI**

Landsnet

**DREIFING**

Gunnar H. Sigurðsson (Landsnet)

Árni Jón Elíasson (Landsnet)

**MÁLEFNI**

Samanburður á strengleiðum.

**Inngangur**

Í kjölfar athugana og tillagna EFLU til Landsnets og Reykjavíkurborgar frá apríl 2018 að strenglegu fyrir Korpulínu 1 um Úlfarsárdal og strenglegu fyrir Rauðavatnslínu 1, fól Reykjavíkurborg verkfræðistofunni Lotu að gera tillögu að leiðum og kostnaðargreina. Þar voru m.a. lagðar til leiðir sem EFLA hafði áður kannað fyrir Landsnet og talið óheppilegar, aðallega vegna óvissu um framtíðarskipulag og kostnað. Reykjavíkurborg taldi tillögur EFLU háðar meiri óvissu og hefur Landsnet því óskað eftir nánari samanburði á kostnaði við leiðir sem Reykjavíkurborg tilgreinir í minnisblaði sínu frá 22.10.2018.

Metinn var kostnaður við lagningu jarðstrengja skv. mismunandi tillögum sem liggja fyrir frá Reykjavíkurborg og Landsneti varðandi framtíðarlegu Korpulínu 1 annars vegar og Rauðavatnslínu 1 hinsvegar, en þessar loftlínur fara að hamla frekari uppbyggingu á svæðinu.



Mynd 1. Upphafleg tillaga Veitna að jarðstrengsleið, svört sver lína.



Mynd 2. Núverandi loftlína, rauð og númeruð möstur.

Þær leiðir sem stillt var upp í kostnaðarmati voru í tvennu lagi, þ.e. A og B hluti Korpulínu 1 annars vegar og svo var einnig gert mat á Rauðavatnslínu 1, hlutar C. Leiðir merktar 0 eru leiðir sem EFLA hefur lagt til grundvallar.


### Korpulína :

Lagt var upp með að tengja í núverandi streng austan Vesturlandsvegar móts við Korpu.

- A0 : Korpa – Mastur 19. Austan Bauhaus, austan Lambhagavegar og norðan Reynisvatnsvegjar til austurs, þvert á Fellsveg, að þverun á Reynisvatnsveg við mastur 19 og að því. Sjá rauða línu á mynd 3.
- A1 : Korpa – Mastur 19. Meðfram Vesturlandsvegi til suðurs að slaufum í gatnamótum og austur með Reynisvatnsvegi, þvert á Lambhagaveg, norðan Reynisvatnsvegjar til austurs, þvert á Fellsveg, að þverun á Reynisvatnsveg við mastur 19 og að því. Sjá gula línu á mynd 3.
- A2 : Korpa – Mastur 19. Meðfram Vesturlandsvegi til suðurs og suður fyrir Bauhaus að Lambhagavegi og meðfram honum að vestanverðu til að byrja með og svo austan hans, að Reynisvatnsvegi og norðan hans til austurs, þvert á Fellsveg, að þverun á Reynisvatnsveg við mastur 19 og að því. Sjá appelsínugula línu á mynd 3.
- B0 : Þverun á Reynisvatnsveg – Geitháls, meðfram línu. Meðfram núverandi línustæði yfir Hádegishæð og Miðmundardal. Sjá ljósbláa línu á mynd 4.
- B1 : Þverun á Reynisvatnsveg – Geitháls, meðfram vegi. Meðfram Reynisvatnsvegi austan Hádegishæðar og Miðmundardals. Sjá fjólubláa línu á mynd 4.

### Rauðavatnslína:

- C0 : Geitháls – Endavirki RV1, meðfram slóðum, norðan hesthúsa. Sjá græna línu á mynd 4.
- C1 : Geitháls – Endavirki RV1, í núverandi línustæði. Sjá appelsínugula línu á mynd 4.



Mynd 3. A hlutar strengleiðar, Korpa – Geitháls.



Mynd 4. B hlutar strengleiðar, Korpa – Geitháls. Einnig leiðir C fyrir Rauðavatnslínu 1.

## Kostnaðarsamanburður

Í töflum 1 og 2 er samanburður á kostnaðarmati Landsnets/EFLU annars vegar og Reykjavíkurborgar/Lotu hinsvegar og mismunur á kostnaði eftir strengleið. Miðað er við verðlag í desember 2018, þ.e.

BV = 141,6 og EUR = 140 ISK

Framkvæmdirnar eru að öllu leyti sambærilegar í eðli sínu og reynt er að meta aðstæður varðandi jarðveg, yfirborðsfrágang, þörf á vinnulóðum, þveranir o.þ.h. á sambærilegan hátt.

### Korpulína 1

Tafla 1 Samanburður á kostnaði milli leiða fyrir Korpulínu 1 (Landsnet/EFLA).

Leið	Lengd km	Kostnaður Mkr	Mismunur Mkr
A0	3,91	330	0
A1	4,12	355	25
A2	3,99	358	28
B0	2,58	225	0
B1	3,03	256	31
X	0,32	32	

Leið merkt X er sá hluti A leiðanna sem liggur frá Reynisvatnsvegi að mastri 19 og er innifalin í A leiðunum. Gert er ráð fyrir því að þannig séu leiðir A einnig hugsaðar í umfjöllun Reykjavíkurborgar/Lotu.

Þessi partur kemur því til frádráttar við mat á samsettum kostum A og B1 og þeim fórnarkostnaði sem fylgir því að leggja strenginn til að byrja með að mastri 19 en ekki alla leið að Geithálsi strax.

Tafla 2 Samanburður á kostnaði milli leiða fyrir Korpulínu 1 (Reykjavíkurborg/Lota).

Leið	Lengd km	Kostnaður Mkr	Mismunur Mkr
A0	4,05	323	0
A1	4,20	324	1
A2	4,16	339	16
B0	2,55	186	0
B1	2,97	218	31

Samanburður á mati tveggja aðila er alltaf erfiður og benda má á að talsvert frávik er á kostnaðarmun Reykjavíkurborgar/Lotu og Landsnets/EFLU á fyrri hluta leiðarinnar (A) eins og sjá má en ekkert á seinni hlutanum (B). Athuga ber að lengdir strengleiðanna eru ekki þær sömu en áþekkar. Þá getur verið áherslumunur í nákvæmni á staðsetningu hvernar leiðar milli ráðgjafa sem gefur mismunandi mat á kostnaði og mismunandi forsendur fyrir mati á t.d. klöpp. Athuga ber að forsendur fyrir reikningum Lotu eru ekki kunnar á annan hátt en kynntar eru í minnisblaði Reykjavíkurborgar.

Með hliðsjón af töflum 1 og 2 og áætlun um kostnað á endastæðu má álykta að:

- Ef lagður er strengur alla leið í einum áfanga og farnar þær leiðir sem Reykjavíkurborg leggur til (A1+B1-X eða A2+B1-X í töflu 1) þá má reikna með að kostnaðaraukinn frá tillögum Landsnets á leiðinni Korpa – Geitháls sé á bilinu 56-59 Mkr samkvæmt áætlun EFLU, eða sem nemur um 10-11%. Samkvæmt áætlun Lotu er mismunurinn á bilinu 32-47 Mkr eða 6-9%.



- Ef lagður er strengur í tveimur áföngum, þ.e. fyrst að mastri 19 og svo valin leið B0 síðar, má segja að einungis kostnaður vegna endabúnaðar í endastæðu tapist, það er um 3-5 Mkr.
- Ef lagður er strengur í tveimur áföngum, þ.e. fyrst að mastri 19 og svo valin leið B1 tapast kostnaður vegna endabúnaðar í endastæðu og strenglöggn upp á um 300 m frá vegi að stæðu 19 (leið X). Þessi kostnaður er um 30-32 Mkr (leið X). Alls myndi tapast með þessu vinnulagi 33-37 Mkr.

Í mati EFLU endurspeglast kostnaðarmismunur milli leiða í strenglengdum en ekki síður í fleiri þverunum. Í mati Reykjavíkurborgar er lítil kostnaðarmunur á leiðum A0 og A1 sem væri þá líklegast hægt að skýra á þann hátt að mun betri aðstæður og /eða færri þveranir séu metnar á leið A1 sem er þó 150 m lengri en leið A0 í mati Reykjavíkurborgar/Lotu (200 m í mati Landsnets/EFLU, sjá töflu 1).

Ekki er víst að samanburður á aðferðum sé alveg raunhæfur þar sem mismunandi nálgun er á uppsetningu. Mat á klapparskeringum virðist vera talsvert frábrugðið eins og sjá má í töflu 3. Athuga ber að einu forsendurnar sem gefnar eru á mati á klöpp í mati Reykjavíkurborgar/Lotu eru lengdarmetrar í skurði.

Skýringar á mismun í mati má hugsanalega finna í eftirfarandi:

- Fyrir báðar leiðir A1 og A2 ætti að reiknast um 500 m löng klapparskering (um 90% klöpp) meðfram Hólmsheiðarvegi (austan Fellsvegar) og líka meðfram Vesturlandsvegi yfir 700 m. Alls ætti því að reikna með klöpp á um 1200 m svæði að lágmarki. Í útreikningum Reykjavíkurborgar/Lotu er reiknað með mun minni klöpp fyrir leið A1 en ætti að vera skv. framansögðu.
- Til fróðleiks má skoða mat EFLU á heildarígildi 100% klappar í skurði (m) sem gefur til kynna að klöppin sé ekki vanmetin í áætlun Landsnets/EFLU. Þessu ber þó nokkuð vel saman við mat Reykjavíkurborgar/Lotu á lengdarmetrum klappar í skurði í leiðum A0 og A2 en alls ekki í A1 sem reiknast aðeins 760 m en þyrfti að vera 1200 m m.v. ofangreint.

Tafla 3 Samanburður á klapparmagni.

Leið	EFLA 90% klöpp m	EFLA Ígildi 100% klappar m	Lota Klöpp m
A0	540	1550	1570
A1	1260	1530	760
A2	1260	1700	1800

Erfitt er að meta kostnað vegna óvissu í strengleiðunum m.t.t. framtíðaruppbyggingar á þessu stigi, en áhætta er við að leggja streng hvaða leið sem farin er. Því er mikilvægt að meta sveigjanleika sem valin strengleið býður uppá, þ.e. hvaða möguleika er hægt að sjá fyrir sér í að aðlaga strengleiðina að þeirri uppbygginu sem verður. Er t.d. hægt að hliðra strengleiðinni til eða bæta inn í hana á auðveldan hátt þegar skipulag liggur fyrir eða þegar ljóst er hverskonar framkvæmdir verður farið í á svæðinu.

## Rauðavatnslína 1

Tafla 4 Samanburður á kostnaði milli leiða fyrir Rauðavatnslínu 1. Kostnaðaráætlun EFLU.

Leið	Lengd km	Kostnaður Mkr	Mismunur Mkr
C0	1,85	162	0
C1	1,77	162	0

Leiðin frá Geithálsi að Rauðavatnslínu er jafn dýr sama hvor leiðin sem er valin að mati EFLU, sú styttri hefur þann ókost að þvera fleiri lagnir og því hverfur ávinningurinn af styttri leið fljótt.

Reykjavíkurborg/Lota meta svo að leið Landsnets/EFLU gæti verið ívið kostnaðarmeiri án nánari útreikinga.

### Samantekt

Leið A1 eða A2 meðfram Vesturlandsveginum bindur strengleiðina gangvart hringvegi í og meðfram klapparskeringunni ásamt fyrirbyggjandi lögnum og lóðum þar suður af. Reynslan hefur sýnt að strengir sem liggja þétt meðfram stórum umferðaræðum eins og Vesturlandsveginum hafa lent í uppnámi þegar stórframkvæmdum við vegina er hrint í framkvæmd. Í þessu tilviki væri langur kafli sem liggur í klöpp í uppnámi vegna breikkunar vegarins við uppbyggingar fráreina og rampa og ekki síður brúarstöpla. Þá hefur Vegagerðin markað þá stefnu að slíkir strengir séu ekki nær en 6 m frá vegöxl, sem myndi illa ganga upp án verulegrar breikkunar á klapparskeringunni. Óvissan vegna uppbyggingar vegar og gatnamóta er því veruleg.

Leið A0 austan Bauhaus er ekki eins bindandi gagnvart framtíðaruppbyggingu Vesturlandsvegar og gatnamóta því þó að komi til uppbygging vega sem tengjast mislægum gatnamótum, þá er þó mun meiri sveiganleiki í meðhöndlun og færslu strengsins þar, bæði í hæð og plani. Þetta á einnig við ef Reykjavíkurborg hyggst lengja götuna austan við Bauhaus til norðurs.

Þá er framtíðaruppbygging hverfa austan Bauhaus ekki enn fyrirsjáanleg og ekki að sjá að leiðin meðfram Lambhagavegi verði sérstaklega fyrir í uppbyggingu þess hverfis, sem enn er ekki fullmótað í skipulagi.

Óvissan sem felst í framtíðaruppbyggingu vega og hverfa austan Bauhaus er vissulega til staðar, en eins og fyrirbyggjandi áform eru er ekki hægt að sjá að strengnum sé verr borgið á þeirri leið.

Þá virðist A0 leiðin ekki dýrari ef tekið er mið af ofangreindum úttektum. Mestur ávinningur fyrir Landsnet virðist vera að leggja strenginn alla leið eftir A0 og B1 í einu lagi.

- Það er því ósk Landsnets að fylgja leið A0 á fyrri kaflanum, að tillögu EFLU.  
Leið B1 verði fylgt á seinni hlutanum, verði ákveðið að fara í endurnýjun á leiðinni í heild.

Leið C0 fyrir Rauðavatnslínu kemur bestu út þegar horft er til heildarlengdar. Stytting á heildarstrengleiðinni ætti að vera til bóta til lengri tíma. Ekki er vitað til þess að meiri óvissa sé um skipulag á þessari leið en C1.

- Ósk Landsnets er að fylgja leið C0 á þessum kafla Rauðavatnslínu, að tillögu EFLU.

Tafla 4 Samanburður á kostnaði milli leiða, nánar sundurgreint. Kostnaðaráætlun EFLU.

	KO1-132-A0	KO1-132-A1	KO1-132-A2	KO1-132-B0	KO1-132-B1	RV1-132-C0	RV1-132-C1
	A0	A1	A2	B0	B1	C0	C1
	Korpa - Mastur 19 / Ofan Bauhaus	Korpa - Mastur 19 / Með Vesturlandsvegi	Korpa - Mastur 19 / Með Vesturlandsvegi og Lambhagavegi	Mastur 19 - Geitháls / Með línu	Mastur 19 - Geitháls / Með vegi	Geitháls - Strengur	Geitháls - Endavirki
	132	132	132	132	132	132	132
	1 x 1600 mm <sup>2</sup> Al	1 x 1600 mm <sup>2</sup> Al	1 x 1600 mm <sup>2</sup> Al	1 x 1600 mm <sup>2</sup> Al	1 x 1600 mm <sup>2</sup> Al	1 x 1600 mm <sup>2</sup> Al	1 x 1600 mm <sup>2</sup> Al
	101	101	101	101	101	101	101
	3,91	4,12	3,99	2,58	3,03	1,85	1,77
	Grafið snið	Grafið snið	Grafið snið	Grafið snið	Grafið snið	Grafið snið	Grafið snið
Innkaup á jarðstreng og tengiefni	126	132	128	85	98	63	61
Tengivinna við jarðstreng	15	15	15	12	12	10	10
Jarðvinnusamningur	101	115	122	74	86	47	49
Útiögn jarðstrengs	23	25	25	16	18	12	12
Launafsvirki	0	0	0	0	0	0	0
Endavirki -Mannvirki	14	14	14	0	0	0	0
Annar kostnaður	49	52	52	36	40	29	29
Fjármagnskostnaður	2	2	2	2	2	1	1
Núvirtur stofnkostnaður (án VSK)	330	355	358	225	256	162	162



Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi  
b.t. Haraldar Sigurðssonar  
Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. október 2019  
Tilvísun: 2019100263

**Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Korpulína.**

Vísað er til tölvubréfs skrifstofu skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019 þar sem tilkynnt er fyrirhuguð breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, vegna breytinga á aðflutningskerfi Landsnets í austurhluta borgarinnar, þ.e. legu Korpulínu 1 frá tengivirki á Geithálsi að tengivirki við Korpu við Vesturlandsveg. Jafnhliða færslu verður háspennustrengurinn færður í jörð. Breytingin mun einnig ná til lítilsháttar tilfærslu á Rauðavatnslínu. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur farið yfir meðfylgjandi gögn og gerir eftirfarandi umsögn.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar en áréttar að fyrirhuguð framkvæmd liggur í jaðri vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins, þ.e. frá Geithálsi að aðveitustöð við Suðurlandsveg ásamt því að liggja um skilgreint verndarsvæði í Úlfarsárdal og því þarf að sýna sérstaka aðgæslu á framkvæmdatíma.

Virðingarfyllst  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Kristín Lóa Ólafsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi

Svava S. Steinarsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi

Reykjavíkurborg  
Ráðhúsinu  
101 Reykjavík

Garðabæ, 25.10.2019  
Mál nr. 1910154

Efni: Aðalskipulag Reykjavíkur - færsla Korpulínu

Á fundi skipulagsnefndar þann 24. október sl var tekið fyrir ofangreint mál og eftirfarandi bókun gerð.

*„Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við breytingartillöguna.“*

Afgreiðslu málsins er vísað til bæjarstjórnar.

Virðingarfyllst,



Arinbjörn Vilhjálmsson  
skipulagsstjóri



Vakin er athygli á því að erindi þetta verður ekki sent með bréfpósti nema óskað sé eftir því sérstaklega.

Reykjavíkurborg

Ráðhúsinu  
101 Reykjavík

Mosfellsbæ, 11. október 2019  
erindi nr. 201905089/19.2 ÓM

### Efni: Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna erindis yðar

Á 498. fundi skipulagsnefndar Mosfellsbæjar 11. 10. 2019, var neðangreint erindi tekið fyrir og svohljóðandi bókun gerð:

#### Aðalskipulag Reykjavíkur - Korpulína, verklýsing til kynningar

Á 485. fundi skipulagsnefndar 24. maí 2019 var gerð eftirfarandi bókun:  
"Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við erindið." Borist hefur framhaldserindi.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við erindið.

Afgreiðsla skipulagsnefndar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og verður yður gert viðvart ef afgreiðsla erindisins verður á annan veg í bæjarstjórn en hér er tilkynnt.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,  
f.h. skipulagsnefndar Mosfellsbæjar

 Skipulagsfulltrúi  
Mosfellsbæjar

Ólafur Melsted  
Skipulagsfulltrúi

---

Athygli er vakin á því að telji einhver rétti sínum hallað með ofangreindri samþykkt er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, sbr. 52.gr. laga nr. 123/2010 og lög nr. 130/2011.

Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðun þá sem kæra á. Sé um að ræða ákvörðun sem sætir opinberri birtingu, telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.



Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið  
Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi  
Borgartúni 12 - 14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. desember 2019  
Tilvísun: 201905013 / 3.2

---

## Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna Korpulínu 1 og Rauðavatnslínu 1.

---

Reykjavíkurborg hefur, með erindi dags. 27. nóv. 2019, sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að breytingu á aðalskipulagi samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í borgarráði 19. nóv. 2019.

Skipulagstillagan er sett fram í greinargerð dags. 1. nóv. 2019.

Í tillögunni felst breyting á legu Korpulínu 1 frá Geithálsi að tengivirki við Korpu, og tilfærslu á legu Rauðavatnslínu 1 frá Geithálsi í átt að Suðurlandsvegi. Línur verða lagðar í jörð. Gerðar eru m.a. breytingar á myndum 9 og 10 í kafla um veitur á bls. 61 í kafla um Skapandi borg í A hluta greinargerðar Aðalskipulags Reykjavíkur 2010 – 2030.

Með erindinu bárust umsagnir frá opinberum aðilum sem hafðar hafa verið til hliðsjónar við mótun tillögunnar.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og bendir á að lagfæra þarf mynd 4 á bls. 7 í greinargerð breytingarinnar, en hún sýnir þær breytingar sem verða á mynd 9 á bls. 61. í kaflanum Skapandi borg í gildandi skipulagi. Sú mynd á aðeins að sýna tillögu að breyttu skipulagi og eins á við um þær breytingar sem gerðar verða á mynd nr. 10 í sama kafla.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga, þegar brugðist hefur verið við ofangreindri ábendingu.

  
Málfríður K. Kristiansen

## Breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur

### Korpulína 1: Frá Vesturlandsvegi að Geithálsstöð

### Rauðavatnslína 1: Frá Geithálsstöð að Almannadal

#### *Fornleifaskráning fyrir lagnaleið*

**Viðtakandi:** Landsnet, Gunnar Sigurðsson

**Sendandi:** Borgarsögusafn Reykjavíkur

#### *1. Fornleifaskráning fyrir lagnaleið*

Hér fer á eftir umfjöllun um fornleifar á lagnaleið fyrir verkefni *Korpulína 1* og *Rauðavatnslína 1*. Fornleifaskráningin er unnin fyrir Reykjavíkurborg og Landsnet. Fyrirhugað er að gera breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna breytinga á aðflutningskerfi Landsnets í austurhluta borgarinnar. Helstu breytingarnar snúa að legu Korpulínu 1 (132 kV), frá tengivirki við Korpu við Vesturlandsveg að tengivirki á Geithálsi. Til stendur að færa umræddar línur í jörð.<sup>1</sup>

Í breytingartillögunni verður einnig hugað að lítilsháttar tilfærslu á legu Rauðavatnslínu 1. Breytt lega Korpulínu og lagning í jörð er einkum tilkomin vegna vegna breytinga á skipulagi í Úlfársárdal, m.a. íbúðabyggðar á Úlfarsfelli, við Leirtjörn og vegna nýs kirkjugarðs á Krossholti.

Fornleifaskráning þessi er lítil hluti af mun stærra verkefni, sem er skráning Austurheiðar, útivistarsvæðis sem hlaut *verkefnanúmerið 2024* hjá Minjastofnun Íslands, en stór hluti af lagnaleiðinni liggur þar um. Fornleifar á þessu svæði hafa áður verið skráðar og birtar í *Fornleifaskrá Reykjavíkur*<sup>2</sup>: *Fornleifaskráning jarðarinnar Lambhaga í Reykjavík*<sup>3</sup> og *Fornleifaskráning vegna lagningar Hallsvegar - Úlfarsfellsvegar*<sup>4</sup>. Farið er yfir allar skráðar fornleifar á skráningarsvæðinu, þær endurskoðaðar og eru þær nú skráðar samkvæmt stöðlum Minjastofnunar Íslands og núgildandi lögum.<sup>5</sup> Minjarnar eru skráðar undir safnnúmer Borgarsögusafns Reykjavíkur, sem birtast í gagnasafni Sarps á vefsíðunni sarpur.is. Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri sem er áætlaður út frá útliti og/eða heimildum um sögu byggðar (sjá

<sup>1</sup> Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030: *Korpulína. Jarðstrengur(132kV) frá Geithálsi að tengivirki við Korpu. Niðurfelling háspennulínu (loftlínu). Breytt lega Rauðavatnslínu*. Verkefnalýsing skipulagsgerðar og umhverfismats. Lögð fram sbr. 1 mgr. 30. gr. skipulagslaga og laga nr.105/2006 um umhverfismat áætlaða.

<sup>2</sup> Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*, skýrsla 44, Árbæjarsafn 1995.

<sup>3</sup> Sólborg Una Pálsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Lambhaga í Reykjavík*, skýrsla 112, Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn, 2004.

<sup>4</sup> Anna Lía Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna lagningar Hallsvegar – Úlfarsárvegar*, skýrsla 141, Minjasafn Reykjavíkur, Reykjavík 2008.

<sup>5</sup> *Skráningarstaðlar fornleifa*, 2013, Minjastofnun Íslands. Lög um menningarminjar nr. 80/2012.




töflu 1). Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki og eru þær friðaðar. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit eftir aldri, en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit.

Tafla 1. Minjaflokkar

Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks
1	Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri	● Rauður
2	Minjar frá 1921-1930	● Gulur
3	Minjar frá 1930 og yngri	● Grænn
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár

Skráningarsvæðið er með lagnaleiðinn 50 m báðum megin út frá miðlínu Korpulínu 1 og Rauðavatnslínu 1, sjá mynd 1. Vettvangskönnun fór fram 16. og 22. janúar og 6. febrúar.



Mynd 1. Kortið sýnir skráðar minjar og afmörkun á skráningarsvæði fyrir Korpulínu 1 og Rauðavatnslínu 1.<sup>6</sup>

<sup>6</sup> Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>. Sótt 1. janúar 2020.

## 2. Saga Lambhaga

Lambhagi telst vera hluti af víðáttumiklu landnámi Ingólfs Arnarsonar, en hann nam land milli Ölfusár og Hvalfjarðar fyrir utan Brynjudalsá. Samkvæmt þessu hefur landnám Ingólfs náð yfir alla Gullbringu- og Kjósarsýslu, ef frá er talið svæðið sem liggur milli Brynjudalsár og Botnsár, og Árnassýslu vestan við Ölfusá.<sup>7</sup> Ingólfur gaf svo vinum og vandamönnum er síðar komu til landsins hluta af landnámi sínu.<sup>8</sup> Svæðið sem Lambhagi tilheyrir var því síðar land Þórðar skeggja Hrapssonar, en hann hafði fyrst numið land austur í Lóni og búið þar í um tíu ár. Þegar Þórður skeggi frétti að öndvegissúlur hans hafði rekið á land í Leiruvogi seldi hann land sitt Úlfjóti, sem þekktur var fyrir að hafa komið með lögin til Íslands. Þórður flutti svo suður og settist að, með ráði Ingólfs, á svæðinu milli Úlfarsár og Leiruvogs.<sup>9</sup>

Finna má nafn jarðarinnar í skrá, tímasett frá 1395, um jarðir þær sem fóru undir Viðeyjarklaustur eftir að Páll ábóti kom til Viðeyjar.<sup>10</sup> Virðist Lambhagi hafa „orðið eign Viðeyjarklausturs á tímabilinu 1378-1395 og konungseign við siðaskipti.“<sup>11</sup> Lambhagi er nefndur í fógetaeikningi frá 1547-1548 en þar stendur að með Lambhaga hafi verið fimm leigukjör og landskuld 15 aurar.<sup>12</sup> Aftur kemur Lambhagi fyrir í fógetaeikningum 1548-1549, 1549-1550, og 1552 með sömu leigukjörum og landskuldum.<sup>13</sup> Í hlutabók eða sjávarútgerðarreikningi Eggerts fógeta Hannessonar sem tímasett hefur verið milli 1551 og 1552 stendur "Jtem solde iegh Herman ij Lambagh aff thet wernningsklede ij alnne for xiiij fiske."<sup>14</sup>

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir að jörðin sé konungsjörð, landskuld sé lxl álnir og skal greiða með fríðu, „hvör ær á xviiij alin og sauðir ut supra heim til Bessastaða eður Viðeyjar hvort sem tilsagt er.“ Ábúandinn, sem var einn, skyldi halda við húsunum. Leigukúgildi voru fjögur og skyldu greidd með smjöri til Bessastaða eða Viðeyjar, en ábúandanum bar að sjá um að „uppýngja“ kúgildin. Kvaðir voru þær sömu og á Kálfakoti en þar segir að allar kvaðir væru eins og á Reynisvatni að hestláni undanskyldu, þar sem ábúendur væru svo fátækir að þeir ættu „annaðhvort öngvan hest eður einn, og hann lítt eður ekki færan, og fóður minnast menn ei að verið hafi kýr að fullu“. Við Reynisvatn segir aftur á móti að kvaðir væru lán á manni um vertíð, en hægt var að komast undan því með því að borga „fiskavætt“. Einnig skyldi lána hest til alþingis ár hvert og nokkrum sinnum þar fyrir utan fyrir ýmis erindi.<sup>15</sup>

Aðrar kvaðir voru nokkuð mismunandi eftir því hver var í embætti. Í Lambhaga var útigangur talinn mjög slæmur og „verður hestum á vetrardag burt að koma“. Kvíkfénaður var sex kýr, tvö naut tvævetur, tvær kvígur veturgamlar, átta ær, þrjár sauðir tvævetur, tveir þrívetur og átta veturgamlir, átta lömb, einn hestur, tvö hross, tveir folar, annar tvævetur, annar þrívetur. Talið er að þarna geti fóðrast sex kýr og átta lömb. Heimilismenn eru átta. „Mótak brúkar jörðin til eldiviðar nægilegt.“ Vatnsból var talið stórerfitt um vetur og mjög snjóasamt. Landþröng. Jörðin hafði selstöðu að fornu í Stardal.<sup>16</sup> Samkvæmt Jarðatali

<sup>7</sup> Guðni Jónsson: „Landnám Ingólfs“, *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess*, II, 8.

<sup>8</sup> Guðni Jónsson: „Landnám Ingólfs“, *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess*, II, 9.

<sup>9</sup> Guðni Jónsson: „Landnám Ingólfs“, *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess*, II, 16.

<sup>10</sup> *D.I. III*, Íslenzkt fornbréfasafn, 598.

<sup>11</sup> Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund II*, 109.

<sup>12</sup> *D.I. XII*, Íslenzkt fornbréfasafn, 111-112.

<sup>13</sup> *D.I. XII*, Íslenzkt fornbréfasafn, 138, 153, 172-173, 398.


<sup>14</sup> *D.I. XII*, Íslenzkt fornbréfasafn, 433.

<sup>15</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók III*, 294-295.

<sup>16</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók III*, 292-295.

Johnsens frá 1846 var Lambhagi konungsjörð en dýrleiki var metinn á 15 hundruð, landskuld var 0,90 og kúgildi fjögur. Ábúandi var einn leiguliði.<sup>17</sup>

Upp úr aldamótum 1900 hóf landmælingadeild danska herforingjaráðsins landmælingar á Íslandi og mældi þá upp landsvæðið í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Svæðið umhverfis Lambhaga lendir á tveimur kortablöðum (sjá mynd 2). Inn á kortið eru mældir bæir, tún og vegir. Vegirnir eru aðgreindir: slóðar eru merktir sem heil svört lína en vagnavegir sem tvær samsíða grennri línur.



Mynd 2. Kort frá árinu 1909 sem sýnir staðsetningu bæja í nágrenni við Lambhaga, auk slóða og annarra vagnavega eins og forvera Vesturlandsvegur (259-34), Kálfakotsveg/ Úlfarsárveg (259-35) og Gamla Úlfarsfellsveg (259-35), auk Miðdalsvegur (257-16) sem lá frá Reynisvatni að Miðdalskoti. Samsett mynd úr tveimur kortum.<sup>18</sup>

Þegar túnakort var gert af Lambhaga árið 1916 voru þrjú torfhús á bæjarhlaðinu og þrjú hús sem virðast vera að mestu byggð úr timbri, auk einnar tóftar. Fjögur af þessum húsum mynduðu bæjarröð. Í brekkunni fyrir norðaustan bæinn eru tvö útihús og kálgarðurinn sunnan við bæinn. Bæjartröðin liggur norður frá bænum og upp til fjalls (sjá mynd 3).<sup>19</sup>


Um aldamótin bjó í Lambhaga Kári Loftsson en „í hans tíð brann nokkuð af bænum, og var þá breytt húsaskipan, gerður timburbær járnvarinn. Er sú bygging notuð enn, þó léleg sé“, skrifar Björn Bjarnarson árið 1931.<sup>20</sup>

<sup>17</sup> J. Johnsen: *Jarðatal*, 96.

<sup>18</sup> LMÍ: Herforingjaráðskort. *Reykjavík 27 Reykjavík N.A. og Mosfellsheiði 37 Hengill N.V.* 1909.

<sup>19</sup> Þ.Í.: Túnakort. *Lambhagi 1916*.

<sup>20</sup> Björn Bjarnarson: *Sagnir, ljóð ofl.* III, 2.



Mynd 3. Túnakort af Lambhaga frá árinu 1916.<sup>21</sup>

Samkvæmt manntali frá árinu 1703 til 1920 bjuggu í Lambhaga almennt tvær fjölskyldur og voru íbúar þá 4–12 manns.<sup>22</sup> Thor Jensen keypti jörðina árið 1925 af ríkissjóði fyrir 20.000 krónur og nýtti þann hluta jarðarinnar sem var norðan Þjóðveggar fyrir Korpúlfsstaði. Þegar Reykjavíkurbær keypti Korpúlfsstaði árið 1942 af Thor Jensen fylgdu nokkrar jarðir í hans eigu með í kaupunum, þar á meðal Lambhagi. Þetta svæði varð svo formlega hluti af Reykjavík árið 1943.<sup>23</sup>

Í Lambhaga hefur búskapur líklega lagst af eftir að Sigurður Guðnason flytur þaðan um 1935, a.m.k. er einungis rústir þar að finna árið 1945 þegar Benedikt Gunnarsson teiknar upp kort af hluta jarðarinnar (sjá mynd).<sup>24</sup> Herminjar er að finna í landi Lambhaga, en á hernámsárunum voru þrjú braggahverfi staðsett innan landamerkja jarðarinnar, í suðvesturhlíðum Úlfarsfells: Camp Belvoir, áður Montezuma, Tientsin og South Belvoir. Belvoir var fjölmennast með um 1100 manns.<sup>25</sup>

Um 1955 er hluta af landi Lambhaga skipt upp í 61 sumarhúsaloð og þær nefndar *Hamrahlíðalönd*.<sup>26</sup>

<sup>21</sup> Þ.Í.: Túnakort. *Lambhagi 1916*.


<sup>22</sup> Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands, sótt 21.1.2015.

<sup>23</sup> Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund II*, 105, 109. - Björn Bjarnason, *Sagnir, ljóð ofl.* III, 2.

<sup>24</sup> SÁM: Örnefnaskrá Lambhaga í Kjósarsýslu. Athugasemdir og viðbætur Sigurðar Guðnasonar við handrit Ara Gíslasonar.

<sup>25</sup> Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, 2002, 125.

<sup>26</sup> Eggert Þór Bernharðsson, 2014: *Sveitin í sálinni*, 85.



Mynd 4. Uppdráttur af hluta jarðarinnar Lambhaga árið 1945.<sup>27</sup>

### 3. Fornleifaskrá yfir fornleifar og yngri minjar á skráningarsvæðinu

Í þessari fornleifaskrá er greint frá skráðum minjum á lagnaleið jarðstrengs frá tengivirki við Korpu við Vesturlandsveg að Geithálsstöð, *Korpulínu 1*, og frá Geithálsstöð að Almannadal, *Rauðavatnslínu 1*.<sup>28</sup> Fyrirhugað er að færa Korpulínu í jörð og breyta legu hennar þannig að hún trufla ekki byggðapróun og uppbyggingarmöguleika og hafi sem minnst áhrif á umhverfi og náttúru.<sup>29</sup> Skráningarsvæðið er 100 m á breidd, 50 m beggja vegna við áætlaða miðlínu lagnaleiðarinnar. Minjar á þessari leið eru skráðar undir jarðirnar *Lambhaga* 181178-259, *Gröf* 181179-280, *Reynisvatn* 181176-257 og *Hólm* 181149-213 eins og jarðaskipting var um 1847 þegar Jarðatal J. Johnsen var tekið saman.<sup>30</sup> Hver minjastaður fær þrískipt númer: Í fyrsta lagi *landsnúmer* sem fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi *jarðarnúmer* úr Jarðatali J. Johnsen og í þriðja lagi *númer fornleifar*, hlaupandi tölu innan jarðar. Hér eru einungis notuð jarðanúmer úr Jarðatalinu og hlaupandi númer s.s.: Lambhagi 259-1. Hér er aðeins greint frá sögu jarðarinnar Lambhaga þar sem hún fellur ekki undir skráningu Austurheiðar. Jarðstrengurinn liggur á láglandi nálægt bæjarstæðum Lambhaga og


<sup>27</sup> Lambhagi í Mosfellssveit. Kort gert af Benedikt Gunnarssyni. Desember 1945. Varðveitt hjá Mælingadeild Reykjavíkurborgar, afrit Borgarsögusafn Reykjavíkur.

<sup>28</sup> Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Korpulína. Jarðstrengur (132 kV) frá Geithálsi að tengivirki við Korpu. Niðurfelling háspennulínu (loftlínu). Breytt lega Rauðavatnslínu. Verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats. Lögð fram sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Breyting nr. 32. Apríl 2019. Reykjavíkurborg, Umhverfis og skipulagssvið.

<sup>29</sup> Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Korpulína, bls. 5.


<sup>30</sup> *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrip úr búnaðartöflum 1935-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* (1847). Kaupmannahöfn. J. Johnsen.

Reynisvatns, en fer síðan um Reynisvatnsheiði og Hólmsheiði. Hættumat er gert ú frá þessari tilteknu framkvæmd.




Mynd 5. Lega Korpulínu 1 og minjar sunnan við Vesturlandsveg.<sup>31</sup> Ef fylgt er væntanlegri Korpulínu 1, frá Vesturlandsvegi í suður þá verður hún lögð vestan við fyrsta Vesturlandsveginn sem gerður var árið 1909 (259-34, rauð brotalína). Lagnaleiðin fylgir svo slóða/vegi (259-32 græn heil lína), sem tilheyrði áður Hamarhlíðalöndum, sumarbúðstaðalöndum sem var úthlutað úr landi Lambhaga árið 1955. Lóðirnar voru flestar afmarkaðar með girðingum eða trjágróðri. Eitt hús frá þessum tíma er uppistandandi, kartöflukofi (259-44 grænmerktur), sem er um 8 m frá miðlínu lagnaskurðar. Gaman væri ef hægt væri að hlífa honum fyrir skemmdum í þetta skipti.

<sup>31</sup> Samsýn: Loftmynd 2019, kortagerð ALG.



Mynd 6. Lega Korpulínu 1 og minjar sunnan við Bauhaus.<sup>32</sup> Korpulína heldur svo áfram í suðvestur, vestan með malarveginum sem síðar breytist í malbikaðan stíg. Á þessari leið eru nokkrar herminjar aðallega skotgrafir og byssustæði (259-43, 42, 40, 39, 38, 37 merkt sem bláir hringir), sem tilheyrðu Camp South Belvoir sem var ein af þremur herbúðum sem voru við Úlfarsfell. Líklega ætti að vera hægt að hlífa þessum minjum við framkvæmdina.

<sup>32</sup> Samsýn: Loftmynd 2019, kortagerð ALG.




Mynd 7. Lega Korpulínu 1 og minjar við Lambhagaveg.<sup>33</sup> Austan við Lambhagaveg 1, uppi í brekkunni, eru friðaðar fornleifar fjárhús (259-6 merkt rautt) sem áður voru skráðar sem stekkur frá

<sup>33</sup> Samsýn: Loftmynd 2019, kortagerð ALG.




Lambhaga, þar er miðlína skurðar innan 15 m verndarsvæði fornleifanna eða 11 m frá fjárhústóftinni. Skoða þarf vel hvernig hægt er að bregðast við þessari framkvæmdarleið þar. Þegar komið er sunnar eða að gatamótum Lambhagavegar sker jarðstrengurinn gamla leið að Úlfarsfelli (259-35 rauð brotalína) sem er horfin á þessum slóðum, aðeins austar sker hann Úlfarsfellsveg (259-33, græn brotalína) sem er líka horfinn á þessu svæði. Rétt norðan við gatnamót Lambhagavegar og Mímisbrunnis liggur jarðstrengurinn inn yfir aðra gamla leið að Úlfarsá (259-35 rauð brotalína) sem er horfin. Á þessum slóðum var auk þess áður túngirðing eða garður Lambhaga (259-36 rauð brotalína) og sker jarðstrengurinn þessa girðingu tvisvar, en vestan við hana innan túns voru áður útihús frá Lambhaga (259-2 og 259-21 merkt með rauðu). Þessi hús eru horfin af yfirborði en gætu leynst undir sverði. Þegar Korpulínan er komin yfir Úlfarsá liggur hún í Grafarlandi yfir gömlu tún Engis. Þar beygir lagnaleiðin í austur og er þá í Reynisvatnslandi og liggur austur með Reynisvatnsvegi, töluvert fyrir norðan og austan heimatún Reynisvatns.




Mynd 8. Lega Korpulínu 1 og minja við Reynisvatn.<sup>34</sup> Ekki eru minjar við lagnaleiðina fyrr en komið er um 150 m vestur fyrir hringtorgið við Reynisvatn, þar eru leifar af vegi út á Grátholtsmýri (257-24, græn lína) og leifar af bröggum sunnan við Reynisvatnsveg (257-29 og 31 merkt blátt). Rétt sunnan við hringtorgið var vegur (257-25 græn brotalína) sem lá í norðaustur og var líklega slóð sem var farin á milli Reynisvatns og Úlfarsár, líklega ekki mjög gömul leið. Þegar komið er austar liggur línan upp í Reynisvatnsás. Þar hefur vegurinn verið sprengdur niður en uppi á syðri bakkanum voru áður fjárhús frá Reynisvatni (257-17, merkt gult) og sumarhús (257-27, merkt grænt). Á nyrðri bakkanum er vegur (257-26 grænmerktur) sem nú er nefndur Langavatnsvegur, lagður um 1970 en er nú horfinn undir Hólmsheiðarveg að hluta vestast.

<sup>34</sup> Samsýn: Loftmynd 2019, kortagerð ALG.




Mynd 9. Lega Korpulínu og minja við Hólmsheiðarveg.<sup>35</sup> Austan við Myraver sker lagnaleiðin gömlu leiðina Miðdalsveg (257-16, rauðmerkt) sem lá frá Reynisvatni að Miðdal.




Mynd 10. Lega Korpulínu og minja með Hólmsheiðarvegi vestan við Langavatn.<sup>36</sup> Vestan við Langavatn sker lagnaleiðin forna leið (257-22, rauðmerkt) sem lá frá Rauðavatni austur að Miðdal.

<sup>35</sup> Samsýn: Loftmynd 2019, kortagerð ALG.

<sup>36</sup> Samsýn: Loftmynd 2019, kortagerð ALG.



Mynd 11. Lega Korpulínu 1 og Rauðavatnslínu 1 og minja norðan og vestan við tengivirkið á Geithálsi.<sup>37</sup> Þar sem Hólmsheiðarvegur og Mjódalsvegur mætast sker Korpulína 1 gamla leið (257-23 rauðmerkt), sem lá frá Leirdal að Hofmannsflöt og aðra (213-122 rauð brotalína) rétt norðan við tengivirkið. Þar sem Rauðavatnslína 1 liggur frá tengivirkinu sker hún sömu leið (213-122 rauð brotalína) í Mjódalslægd.



Mynd 12. Lega Rauðavatnslínu 1 og minja.<sup>38</sup> Rauðavatnslína liggur frá tengivirkinu á Geithálsi í vestur eftir Skyggisdal að Mjódalslægd. Um Mjódalslægd liggur gömul leið (213-122 rauð brotalína). Rauðavatnslína 1 liggur síðan fyrir austan Fjárborg í vestur niður í Almannadal neðri en þar eru minjar eftir Camp Almont (213-71).<sup>39</sup>


<sup>37</sup> Samsýn: Loftmynd 2019, kortagerð ALG.

<sup>38</sup> Samsýn: Loftmynd 2019, kortagerð ALG.

<sup>39</sup> Einar S. Arnalds: Reykjavík, Sögustaður við Sund, 4. bindi, 174.

## Lambhagi 259-2 Útihús

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-2		Útihús	Heimild	1850-1930	366044	406456	16	13	Ómetið	Já



Mynd 13. Kortið sýnir hvar útihúsin (259-2 og 259-21) voru á nýlegri loftmynd.<sup>40</sup>



Mynd 14. Gulu rammarnir sýna hvar útihúsin (259-2 og 259-21) stóðu áður.

**Staðhættir:** Þar sem nú er hljóðmön vestan við vegamót Lambhagavegar og Mímisbrunnis, um 57 m austur frá íbúðarhúsinu Mæri, var útihús þegar túnakort var gert fyrir Lambhaga 1916. Útihúsið var þá um 100 m austur af bæjarhúsunum í heimatúninu. Húsið var úr torfi og grjóti með tveimur burstum með standþili í norðvestur. Fast við suðvesturhlið var lítið hús úr torfi og grjóti.<sup>41</sup> Á korti sem var teiknað upp árið 1945 var annað hús á sama stað, merkt sem rúst, sem snéri norðaustur-suðvestur en ekki norðvestur-suðaustur eins og húsin á túnakortinu 1916.<sup>42</sup>

**Lýsing:** Horfið. Á gömlum loftmyndum má sjá að svæðið hefur verið sléttað fyrir tún og síðar sem athafnasvæði gróðrarstöðvarinnar (malarplan). Enn síðar, eða árið 2006, var Lambhagavegur lagður þarna um. Það fer eftir því hversu djúpt var farið þegar planið var gert hvort fornleifar eru þarna undir. Hugsanlega eru leifar af eldra húsinu þar enn, en líklega er allt horfið.

**Hætta:** Engin hætta.

## Lambhagi 259-6 Fjánhústóft

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-6		Fjánhús	Tóft	1850	365991	406724	21	8	Gott	Nei

**Staðhættir:** Fjánhústóft er 21 m austan við malbikaðan göngustíg sem liggur með Lambhagavegi, 50 m austan við eystri lóðamörk á Lambhagavegi 1 og 63 m vestur af fastmerki nr. 35/1039 (steyptur stöpull). Um 8 m suðaustan við fjánhúsið eru herminjar (259-39), bogadregið garðlag undir barði. Áður var talið að þessi minjastaður væri stekkur,<sup>43</sup> en líklega hefur þetta verið fjánhús.

**Lýsing:** Mosa- og grasivaxin tóft í grasigróinni aflíðandi brekku. Tóftin er um 21x8 m og liggur í norðvestur-suðaustur. Op í norðvestur. Veggir úr torfi og grjóti, 3 m á breidd og 0,2-

<sup>40</sup> Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Lágflugsloftmynd 17/7 2018.

<sup>41</sup> Þ.Í.: Túnakort. *Lambhagi 1916*.

<sup>42</sup> Lambhagi í Mosfellssveit. Kort gert af Benedikt Gunnarssyni. Desember 1945. Varðveitt hjá Mælingadeild Reykjavíkurborgar, afrit Borgarsögusafn Reykjavíkur.


<sup>43</sup> Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*, 74.

0,7 m á hæð. Hleðslur sjáanlegar í suðausturgafli innanverðum. Gólf er niðurgrafið. Við suðausturgafli að utanverðu er hola 4x2 m sem líklega er hluti af rústinni<sup>44</sup> eða heygardur.

**Hætta:** Mikil hætta er á því að væntanlegar framkvæmdir hafi áhrif á þennan minjastað.



Mynd 15. Fjárhústóft (259-6), horft í norður.



Mynd 16. Fjárhústóft (259-6). Teiknað eftir uppmælingu.

## Lambhagi 259-21 Útihús

Safn - númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-21		Útihús	Heimild	1917-1945	466077	460405	8	7	Ómetið	Já

**Staðhættir:** Þar sem nú er hljóðmön, suðvestan við vegamót Lambhagavegar og Mímisbrunnis, var lítið torfhús samkvæmt korti sem Benedikt Gunnarsson gerði árið 1945.<sup>45</sup> Það stóð um 130 m austur af gamla bæjarstæði Lambhaga. Húsið var ekki teiknað á túnakort Lambhaga 1916 og því má ætla að það hafi verið byggt á tímabilinu 1917-1935 (sjá myndir við skráningu (259-2) 13 og 14).

**Lýsing:** Horfið af yfirborði árið 2000. Lambhagavegur var lagður árið 2006 og þá hefur þessi minjastaður líklega horfið endanlega.

**Hætta:** Engin hætta á að framkvæmdir hafi áhrif á þessar minjar.

## Lambhagi 259-32 Sumarbústaðabyggð

Safn - númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-32	Hamrahlíðalönd	Sumarbústaður	Heimild, vegur	1955-1980	366251	407406			Sæmilegt	Að mestu

**Staðhættir:** Árið 1955 var hluta af landi Lambhaga skipt upp í 61 sumarhúsaloð og þær nefndar *Hamrahlíðalönd*.<sup>46</sup> Löndin, lóðirnar, voru austan við Vesturlandsveg og norðan við þar sem nú er Gróðrarstöðin Lambhagi. Tvær götur lágu frá gamla Úlfarsárvegi (259-33) í norður og voru lóðirnar beggja vegna þeirra. Á loftmyndum frá árunum 1971-1979 er hægt að greina lóðirnar og einstaka sumarhús sem tilheyrðu Hamrahlíðalöndum. Hér eru þessar minjar skráðar undir eitt númer 259-32, einstaka mannvirki frá þessu tímabili fær þó sér númer, eins og jarðhýsi 259-44.


<sup>44</sup> Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*, 74.

<sup>45</sup> Lambhagi í Mosfellssveit. Kort gert af Benedikt Gunnarssyni. Desember 1945. Varðveitt hjá Mælingadeild Reykjavíkurborgar, afrit Borgarsögusafn Reykjavíkur.

<sup>46</sup> Eggert Þór Bernharðsson: *Sveitin í sálinni*, 85.

**Lýsing:** Sumarhúsin hafa öll verið rifin en greinileg ummerki eru eftir sum þeirra, auk þess sem sumir vegarhlutar eru enn sýnilegir.

**Hætta:** Engin hætta.




Mynd 17. Hamrahlíðalönd, afmarkanir lóða, vegir (grænar línur) og sumarhús (grænir punktar) á loftmynd frá árinu 1979.<sup>47</sup>

<sup>47</sup> LUKR: loftmynd árið 1979.


## Lambhagi 259-33 Úlfarsfellsvegur

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-33	Úlfarsfellsvegur	Vegur	Vegur	1935	366042	406600		5	Gott	Að hluta




Mynd 18. Úlfarsfellsvegur (259-33) var fyrir norðan Lamhaga og lá að Úlfarsfelli.<sup>48</sup>

<sup>48</sup> LUKR: Loftmynd frá árinu 2018, kortagerð ALG.



Mynd 19. Hluti af herforingjaráðskorti 1909 við Lambhaga sem sýnir vegina (einfaldar svartar línur) að Úlfarsfelli, efri, og Úlfarsá - Kálfakoti, neðri, frá vagnaveginum (tvöföld lína) sem síðar varð Vesturlandsvegur.<sup>49</sup>



Mynd 20. Hluti af herforingjaráðskorti 1936, við Lambhaga sem sýnir Úlfarsfellsveg (259-33), vagnaveg sem tók við af vegunum sem sýndir eru á kortinu 1909.<sup>50</sup>



Mynd 21. Úlfarsfellsvegur, horft í suðvestur.



Mynd 22. Úlfarsfellsvegur, horft í vestur.

**Staðhættir:** Árið 1936 var gerður nýr vegur frá Vesturlandsvegi norðan Lambhaga að Úlfarsfelli (sjá mynd 20). Þessi vegur leysti af tvo eldri reiðslóða (259-35), þar sem sá efri (nyrðri) lá að Úlfarsfelli en sá neðri (syðri) að Kálfakoti - Úlfarsá (sjá mynd 19).

**Lýsing:** Malarvegur, um 4-5 m á breidd. Vegurinn er nú horfinn á þeim slóðum sem hann lá frá Vesturlandsvegi að Lambhagavegi, en er aftur sjáanlegur um 100 m austan við lóðina Lambhagaveg 1. Úlfarsfellsvegur hverfur svo aftur við Skyggnistorg en er síðan aðal akvegurinn fyrir austan Skyggnisbraut 30 að Úlfarsfelli og áfram.

**Hætta:** Engin hættu er á að minjar skaðist við þessa framkvæmd.


<sup>49</sup> LMÍ: Herforingjaráðskort. Reykjavík 27 Reykjavík N.A. 1909.

<sup>50</sup> LMÍ: Herforingjaráðskort. Reykjavík 27 Reykjavík N.A. 1936.



## Lambhagi 259-34

Safn - númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-34	Elsti Vesturlandsvegurinn	Vegur	Heimild	1909	366180	407422		3	Ómetið	Já



Mynd 23. Hluti af herforingjaráðskorti 1909, sem sýnir elsta Vesturlandsveginn sem brotalínu, norðan við Lambhaga.<sup>51</sup>



Mynd 24. Elsti Vesturlandsvegurinn (259-34). Rauð brotalína, horfinn.<sup>52</sup>

**Staðhættir:** Elsti Vesturlandsvegurinn lá austar í brekkunni en sá sem nú er ekinn. Vegurinn var teiknaður á herforingjaráðskort frá 1909 sem vagnavegur, tvöföld lína, að brúnni yfir Úlfarsá (Korpúlfsstaðaá), en þaðan sem tvöföld brotalína áfram til norðurs. Vegurinn hefur greinilega verið í vinnslu þegar kortið var gert árið 1909.<sup>53</sup> Vegurinn er síðan á sömu slóðum árið 1936, sjá mynd 20.

**Lýsing:** Vegarslóðinn var greinanlegur á loftmynd frá árinu 1954 (LUKR) en er nú horfinn á þessu svæði vegna annarra framkvæmda.

**Hætta:** Engin hætta.

<sup>51</sup> Lí: Herforingjaráðskort. Reykjavík 27 Reykjavík N.A. 1909.

<sup>52</sup> LUKR grunnur, kortavinnsla ALG.

<sup>53</sup> Lí: Herforingjaráðskort. Reykjavík 27 Reykjavík N.A. 1909.


## Lambhagi 259-35 Leiðir að Kálfakoti - Úlfarsfelli

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-35		Vegir	Heimild	1100-1936	366086 366114	406603 406471			Ómetið	Já

**Staðhættir:** Þegar herforingjaráðskort var gert árið 1909 lágu tveir vegir frá Vesturlandsvegi í austur, fyrir norðan Lambhaga. Sá syðri (neðri) lá að Kálfakoti (Úlfarsá) en sá nyrðri (efri) að Úlfarsfelli, leiðir þessar eru merktar sem heilar, svartar línur. Þessar gömlu leiðir voru reiðstígar sem lágu á milli bæja og höfðu líklega verið í notkun frá fyrstu tíð byggðar.<sup>54</sup>

**Lýsing:** Báðar þessar leiðir eru horfnar á skráningarsvæði þessarar framkvæmdar.

**Hætta:** Engin hætta.




Mynd 25. Herforingjaráðskort frá árinu 1909 sem sýna vegina heim að Kálfakoti (Úlfarsá) og Úlfarsfelli.<sup>55</sup>

<sup>54</sup> LÍM: Herforingjaráðskort. 27 Reykjavík Reykjavík N.A. 1909.

<sup>55</sup> LÍM: Herforingjaráðskort 27 Reykjavík N.A. 1909 og Mosfellsheiði 37 Hengill N.V. 1909.

## Lambhagi 259-36 Túngirðing

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-36		Túngirðing	Heimild	1900	366147	406238	317	0,5	Ómetið	Já



Mynd 26. Kort af Lambhaga í Mosfellssveit frá árinu 1945. Á kortinu má sjá mannvirki sem þá stóðu í heimatúninu og girðingu um það sem var á sama stað og þegar túnakortið var gert árið 1916.<sup>56</sup>

**Staðhættir:** Túngirðing var fyrir norðan og austan heimatúnið í Lambhaga þegar túnakort var gert árið 1916.<sup>57</sup> Girðingin var öll mæld inn og teiknuð á kort sem gert var árið 1945.<sup>58</sup> Vegstæði Lambhagavegar liggur að mestu í girðingarstæðinu.

**Lýsing:** Horfin að mestu. Niður við Úlfarsá má enn sjá garð, líklega leifar þessarar girðingar.

**Hætta:** Engin hætta, girðingin er horfin innan úttektarsvæðisins.

<sup>56</sup> Lambhagi í Mosfellssveit. Kort gert af Benedikt Gunnarssyni. Desember 1945. Varðveitt hjá Mælingadeild Reykjavíkurborgar, afrit Borgarsögusafn Reykjavíkur.

<sup>57</sup> Þ.Í.: Túnakort. *Lambhagi 1916*.

<sup>58</sup> Kort: Lambhagi í Mosfellssveit. Benedikt Gunnarsson gerði kortið. Desember 1945. Varðveitt hjá Mælingadeild Reykjavíkurborgar, afrit Borgarsögusafn Reykjavíkur.

## Lambhagi 259-37 Byssustæði

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-37		Byssustæði, skotgröf	Byssustæði, skotgröf	1940	366013	406650	12	9,5	Gott	Nei


**Staðhættir:** Herminjar, byssustæði og skotgröf fyrir austan og ofan afleggjara að Lambhaga við Lambhagaveg og um 90 m suðvestur af fastmerki nr. 35/1039 (steypum stöpli).

**Lýsing:** Greinilegur upphækkaður hringlaga, sléttur flötur, byssustæði og fast norðan við er niðurgrafin skotgröf. Svæðið er mosa- og grasigróðið en lúpína langt komin með að leggja það undir sig.

**Hætta:** Mikil hætta, minjar innan úttektarsvæðis og 20 m frá miðlínu skurðar.



Mynd 27. Byssustæði og skotgröf (259-37), horft í vestur.



Mynd 28. Byssustæði og skotgröf (259-37), teiknað eftir uppmælingu.

## Lambhagi 259-38 Þrjár skotgrafir

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-38		Skotgröf	Skotgröf	1940	365980	406699	4	3,5	Gott	Nei


**Staðhættir:** Fyrir austan og ofan Lambhagaveg eru herminjar, þrjár skotgrafir skráðar á sama númer en merktar með A, B og C. Þær eru 12 m austur af malbikuðum gangstíg sem liggur austan við Lambhagaveg og 42 m austan við eystri lóðamörk á Lambhagavegi 1. Um 50 m norðnorðvestur af byssustæði (259-37) og 85 m suðvestur af fastmerki nr. 35/1039, (steypur stöpull). Hnit var sett á milli þeirra.

**Lýsing:** Skotgrafirnar eru allar áþekkar. Hringlaga, niðurgrafnar með uppmokstri í kring, mosa- og grasivaxnar. Utanmál þeirra: A er um 3x3 m, B um 3,6x3 m og C um 4x3,4 m.

**Hætta:** Mikil hætta, minjarnar eru nánast í væntanlegu skurðstæði.



Mynd 29. Þrjár skotgrafir A, B og C (259-38) við Lambhagaveg, horft í suðvestur.




Mynd 30. Þrjár skotgrafir (259-38) A, B og C, teiknaðar eftir uppmælingu.

## Lambhagi 259-39 Skotgröf

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-39		Skotgröf	Skotgröf	1940	366012	406713	14,5	9	Gott	Nei



Mynd 31. Skotgröf (259-39), garðlag undir barði. Fjær er fjárhústóft (259-6). Horft til vesturs.



Mynd 32. Skotgrafir (259-39), teiknaðar eftir uppmælingu.

**Staðhættir:** Fyrir austan og ofan Lambhagaveg, 45 m austur af malbikuðum gangstíg sem liggur austan við veginn og 52 m vestur af fastmerki nr. 35/1039 (steypur stöpu).

Fjárhústóft (259-6) er 8 m norðvestan við skotgröfina.

**Lýsing:** Garðlag í hálfhring um niðurgrafna hvilft undir barði í aflíðandi brekku. Mosa- og grasivaxin. Norðan við er lítil skotgröf.

**Hætta:** Mikil hætta, minjar innan úttektarsvæðis.

## Lambhagi 259-40 Skotgröf

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-40		Skotgröf	Skotgröf	1940	365994	406882	7,4	4	Gott	Nei


**Staðhættir:** Í brekku fyrir ofan hringtorg á Lambhagavegi, við verslunina Bauhaus. Um 70 m norðvestur af fastmerki nr. 35/2123 á hringtorginu.

**Lýsing:** Grasigróin skotgröf, niðurgroftur með uppmokstri í kring.

**Hætta:** Mikil hætta, minjar innan úttektarsvæðis.



Mynd 33. Skotgröf (259-40) fyrir ofan hringtorg á Lambhagavegi. Horft til norðvesturs.




Mynd 34. Skotgröf (259-40) fyrir austan hringtorg, teiknuð eftir uppmælingu.

## Lambhagi 259-41

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-41		Byssustæði	Niðurgroftur	1940	366184	407024	17,5	15	Gott	Nei



Mynd 35. Byssustæði (259-41), horft til suðausturs.



Mynd 36. Byssustæði (259-41), teiknað eftir uppmælingu.

**Staðhættir:** Á malarhjalla fyrir ofan Lambhagaveg, um 45 m suðaustur af malbikuðum göngustíg fyrir austan verslunina Bauhaus.

**Lýsing:** Niðurgroftur með uppmokstri í kring. Uppgróið að hluta, af mosa og grasi. Mól norðvestan við. Nokkuð af trjáplöntum, aðallega á suðausturkanti.


**Hætta:** Lítil hætta, minjar utan úttektarsvæðis.

### Lambhagi 259-42 Skotgröf

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-42		Skotgröf	Skotgröf	1940	366262	407213	6,3	5	Gott	Nei



Mynd 37. Skotgröf (259-42) við gangstíg, horft í vestur.



Mynd 38. Skotgröf (259-42) við gangstíg, teiknað eftir uppmælingu.

**Staðhættir:** Fast austan við malbikaðan gangstíg fyrir austan Lambhagaveg, um 140 m frá suðausturhorni Bauhaus og 45 m frá suðurhorni lóðamarka Lambhagavegar 8.

**Lýsing:** Mosa- og grasivaxinn niðurgroftur með uppmokstri í kring.


**Hætta:** Mikil hætta, minjar innan úttektarsvæðis.

### Lambhagi 259-43 Hleðsla á grjóthól

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-43		Herminjar	Grjóthleðsla	1940	366274	407304	6	4	Slæmt	Nei



Mynd 39. Grjóthleðsla (259-43) á grjóthól neðan við gangstíg, horft til vesturs.



Mynd 40. Hleðsla (259-43) á grjóthól, teiknað eftir uppmælingu.

**Staðhættir:** Grjóthóll með fuglaþúfu sem er 14 m vestan við göngustíg, 10,5 m austan við lóðamörk Lambhagavegar 8 og 10.

**Lýsing:** Efst norðanmegin á grjóthólnum er hringlaga hleðsla. Sennilega herminjar.


**Hætta:** Mikil hætta, minjar innan úttektarsvæðis.

### Lambhagi 259-44 Kartöflukofi

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-44		Kartöflugeymsla	Kofi	1955	366274	407371	12	8	Gott	Nei



Mynd 41. Kartöflukofi (259-44), horft til suðausturs.



Mynd 42. Kartöflukofi (259-44), ummál teiknað eftir uppmælingu.

**Staðhættir:** Kartöflukofinn er norðaustast á lóðinni Lambhagavegur 10.

**Lýsing:** Heillegur kartöflukofi, eins og lítill grasivaxinn hóll. Veggir og þak renna saman með torfi, undir því er bárujárn. Tvær loftræstitúður úr járninu eru á þakinu. Á kofanum er máluð viðarhurð með klinku. Í dyragatinu beggja vegna eru steinhleðslur. Inni í húsinu er milliverk úr viði.

**Hætta:** Mikil hætta, minjar innan úttektarsvæðis, *eina uppistandandi mannvirkið sem eftir er, sem tilheyrir Hamrahlíðalöndum, vernda ef hægt er.*

### Reynisvatn 257-16 Miðdalsvegur

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
257-16	Miðdalsvegur	Leið	Gata	1100-1930	367971	405204		1-3	Gott	Að hluta

**Staðhættir:** Vegur lá frá Árbæ að Reynisvatni og áfram að Miðdalskoti, þaðan að Miðdal og til Þingvalla yfir Seljadalinn. Þetta er gömul gata sem farin var á milli bæja, líklega frá upphafi byggðar á svæðinu. Leiðin er merkt inn á herforingjakort frá árinu 1909.<sup>59</sup> Vegurinn lá norðan við heimatúnið á Reynisvatni og er sjáanlegur um 2 m norðan við tveggja hólfa tóft úr torfi og grjóti (257-12) og liggur síðan í suður og austur fyrir sumarbústaðarlóð (Ás). Vegurinn er aftur sjáanlegur þar sem hann fer upp sunnanmegin í *Reynisvatnsásnum*. Liggur síðan norðan við *Mýraver*, þar sem Hólmsheiðarvegur og Langavatnsvegur skera hann. Leiðin liggur svo norðan við Langavatn með sumarhúsabyggðinni sem þar er og áfram í austur að Miðdalskoti og Hafravatnsvegi. Vegurinn var notaður sem reiðvegur fyrir á öldum. Nú er búið


<sup>59</sup> LMÍ: Tvö herforingjaráðskort samsett, frá árinu 1909, 27 *Reykjavík N.A.* og 37 *Hengill N.V.*




að bera í veginn frá Reynisvatni og gera hann að göngustíg að Hólmsheiðarvegi. Frá Hólmsheiðarvegi er hann akfær áfram að Miðdalskotinu og Hafravatsvegi.

**Lýsing:** Vegurinn var niðurgraffinn um 20-50 cm og um 1-1,5 m á breidd. Greinilegt er að stórir steinar hafa verið færðir til og raðað í vegkantinn í Reynisvatnsási. Búið er að bera í veginn og er hann nú göngustígur að Hólmsheiðarvegi. Hólmsheiðarvegur og Langavatsvegur hafa verið lagðir yfir veginn á kafla og þar er hann nú horfinn. Austan við Hólmsheiðarveg er þetta jeppafær slóði og við sumarbústaðalönd við Langavatn er búið að bera mól í veginn að Hafravatsvegi.

**Hætta:** Lítil hætta, vegurinn er raskaður innan framkvæmdasvæðisins.



Mynd 43. Miðdalsvegur lá frá Árbæ að Reynisvatni og áfram að Miðdalskoti og Miðdal.<sup>60</sup>



Mynd 44. Leið (257-16, rauð lína) norðaustan við Mýraver, Korpúlína, blá heil lína.<sup>61</sup>

<sup>60</sup> Lí: Tvö herforingjaráðskort samsett, frá árinu 1909, 27 Reykjavík N.A. og 37 Hengill N.V.

<sup>61</sup> Samsýn: Loftmynd 2019, kortagerð ALG.

## Reynisvatn 257-17 Fjánhús

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
257-17		Fjánhús	Heimild	1924-1986	367085	405431	13,5	9,5	Slæmt	Að mestu

**Staðhættir:** Á vegamótum inn að sumarhúsi Kristins Ólafssonar, Ási, austan við Reynisvatn. Fjánhús sem líklega var byggt af Ólafi Jónssyni, múrarmeistara frá Stuðlakoti, en hann og kona hans Þóra P. Jónsdóttir voru bændur á Reynisvatni frá 1924. Sonur þeirra Jón var síðast með kindur í þessum húsum, en þau voru rifin upp úr 1985.

**Lýsing:** Fjánhúsin voru rifin upp úr 1985. Þetta var þriggja bursta timburhús, klætt með bárujárni. Þegar húsin voru rifin hefur líklega verið sléttað yfir, lítil merki greinanleg.

**Hætta:** Lítil hætta, liggur að mestu utan framkvæmdasvæðisins.



Mynd 45. Fjánhús (257-17), norðaustan við Reynisvatn.<sup>62</sup> Lagnaleiðin merkt sem heil blá lína en afmörkun skráningarsvæðis punktalína.



Mynd 46. Hér stóðu fjánhús (257-17), horft í vestur.

## Reynisvatn 257-22 Leið

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
257-22		Leið	Gata	1100-1900	368176,	404835		2	Sæmilegt	Að hluta

**Staðhættir:** Gömul leið lá frá Almannadal að Miðdalsvegi. Leiðin er skýr frá Mjódalsvegi um Miðmundardal og suðaustan við Mýraver að Hólmsheiðarvegi. Austan við hann er lítil hluti leiðarinnar sjáanlegur en hverfur svo undir yngri framkvæmdir við Langavatnsveg. Leiðin er aftur mjög greinileg frá Langavatnsvegi að Miðdalsvegi fyrir norðan Langavatn. Í ritgerð Björns Bjarnarsonar frá Gröf, „Um örnefni“, kemur fram að hann telur að fimm leiðir hafi áður legið frá Almannadal.<sup>63</sup> Ekki er ljóst hvort hann á við þessa leið, en greinilegt er að mikil umferð hefur verið þarna í gegnum tíðina. Leiðin er ekki merkt inn á herforingjaráðskortið frá 1909 og heldur ekki inn á kort Björns Gunnlaugssonar frá 1844.<sup>64</sup> Líklega er þetta ein af fornum leiðum sem voru í notkun frá fyrstu tíð, þegar aðrir búskaparhættir voru við lýði.

<sup>62</sup> LUKR: Loftmynd frá árinu 1984.

<sup>63</sup> Björn Bjarnarson: „Um örnefni“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. Reykjavík, 1914, 14.

<sup>64</sup> LMÍ: Herforingjaráðskort samsett, frá árinu 1909, 27 *Reykjavík N.A. 37 Hengill N.V.* 1909 og Björn Gunnlaugsson: *Uppdráttur Íslands 1844*.

**Lýsing:** Troðningurinn er greinilegur á loftljósmyndum, sér í lagi eftir 1970, en þá fara hestamenn að nota þessar gömlu reiðleiðir aftur. Sums staðar voru þetta margþættir slóðar og djúpir.

**Hætta:** Lítil hætta. Leiðin er að hluta sýnileg austan við Hólmsheiðarveg þar sem framkvæmdir eru áætlaðar.



Mynd 47. Leið (257-22 rauð lína) vestan við Langavatn. Korpulína, blá lína, sker minjarnar.<sup>65</sup>

### Reynisvatn 257-23 Leið

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
257-23		Leið	Gata	1100-1900	367900	403776		1	Slæmt	Að mestu

**Staðhættir:** Gömul leið frá Árbæ og Reynisvatni yfir Reynisvatnsheiði að Hofmannaflöt, þar sem nú er fangelsi. Leiðin lá vestan með Reynisvatni upp hlíðina austan megin við Nónás yfir í dalverpi, þaðan áfram sunnanmegin við Hádegishæð yfir í Miðmundardal og þaðan í suðaustur þar sem Hólmsheiðarvegur kemur á Mjódalsveg. Hólmsheiðarvegur/Mjódalsvegur hefur síðan verið lagður samsíða þessari gömlu leið í suður og er hún að mestu horfin á þessum kafla. Leiðin hefur síðan legið í suðaustur yfir það svæði þar sem nú er lóð tengivirkis við Geitháls, vestan við Stóra-Skyggni, og þaðan niður að Hofmannaflöt. Björn Bjarnarson nefnir í ritgerð sinni „Um örnefni“ að fimm leiðir hafi legið um Almannadal og nágrenni hans.<sup>66</sup> Ekki er ljóst hvort hann á við þessa leið, en greinilegt er að mikil umferð hefur verið þarna í gegnum tíðina. Leiðin er ekki merkt inn á herforingjaráðskortið frá 1909 og heldur ekki inn á kort Björns Gunnlaugssonar frá 1844. Líklega er þetta forn leið sem hefur verið í notkun frá fyrstu tíð, þegar aðrir búskaparhættir voru við lýði.


**Lýsing:** Troðningurinn er greinilegur á loftljósmyndum, sér í lagi eftir 1970, en þá fara hestamenn að nota þessar gömlu reiðleiðir aftur. Sums staðar voru þetta margþættir slóðar og djúpir. Leiðin er nú nánast horfin frá vegamótum Hólmsheiðarvegur og Mjódalsvegur fyrir

<sup>65</sup> Samsýn: Loftmynd 2019, kortagerð ALG.

<sup>66</sup> Björn Bjarnarson: „Um örnefni“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. Reykjavík, 1914, 14.

norðan tengivirkið við Geitháls. *Ekki var farið á vettvang í þetta skipti til að skoða þennan minjastað.*

**Hætta:** Lítil hætta, leiðin er að mestu horfin á framkvæmdasvæðinu.



Mynd 48. Leið (257-23 rauð lína), samsíða Hólmsheiðarvegi norðan tengivirkis við Geitháls.<sup>67</sup>

### Reynisvatn 257-24 Vegur

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
257-24		Vegur	Gata	1930	366857	405678	44	4,3	Slæmt	Að mestu



Mynd 49. Vegur (257-24) sem lá frá Reynisvatni út á túnin í Grátholtsmýri, horft í norðaustur.

<sup>67</sup> Samsýn: Loftmynd 2019, kortagerð ALG.

**Staðhættir:** Vegur sem lá frá Reynisvatnsvegi út á túnin í *Grátholtsmýri*. Vegurinn er að mestu horfinn undir byggð nema norðaustan við Marteinslaug 14 þar sem hann er sjáanlegur á 40 m kafla, auk þess er hann aftur sjáanlegur fyrir norðan göngustíg á um 44 m kafla. Líklega hefur þessi vegur verið lagður þegar Grátholtsmýrinni var breytt í tún eftir 1930.

**Lýsing:** Vegurinn er horfinn að stórum hluta. Vegurinn er malarborinn, um 4,3 m á breidd  
**Hætta:** Lítil hætta.

### Reynisvatn 257-25 Leið

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
257-25		Leið	Gata	1930	366972	405524			Ómetið	Já

**Staðhættir:** Á loftmynd í LUKR frá árinu 1954 er hægt að sjá götu á þessum slóðum, eða þar sem nú er hringtorg við Reynisvatn og hverfið undir Reynisvatnsási. Gæti verið gömul reiðleið milli Reynisvatns og Úlfarsár. Leiðin er ekki merkt inn á herforingjaráðskort frá árinu 1909 (sjá mynd 8).

**Lýsing:** Horfin.

**Hætta:** Engin hætta.

### Reynisvatn 257-26 Langavatnsvegur

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
257-25	Langavatnsvegur	Leið	Gata	1970	366972	405524			Ómetið	Já

**Staðhættir:** Vegur yfir Reynisvatnsheiði sem var lagður upp úr 1970. Hann lá frá Reynisvatni í austur við Reynisvatnsásinn að Langavatni. Vegurinn er malarvegur og er austasti hluti hans enn í notkun. Nýr vegur sem nefndur er Hólmsheiðarvegur hefur leyst þennan veg af hólmi að mestu leyti, en sá vegur var lagður nokkrum tugum metra fyrir vestan og sunnan við Langavatnsveginn (sjá myndir 8, 9 og 10).

**Lýsing:** Malarvegur, um 5 m á breidd. Horfinn að hluta þar sem Hólmsheiðarvegur hefur verið lagður yfir hann.

**Hætta:** Lítil hætta.



Mynd 50. Langavatnsvegur (257-26) vestan við Hólmsheiðarveg, horft í vestur að Grafarholti.



Mynd 51. Langavatnsvegur (257-26) austan við Hólmsheiðarveg, horft í norðvestur út Úlfarsárdalinn.

## Reynisvatn 257-27 Sumarhús

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
257-27		Sumarhús	Grunnur	1950	367150	405394	10	7	Slæmt	Að mestu

**Staðhættir:** Austan við fjárhús (257-17) á Reynisvatni var sumarhús, sést á loftmynd í LUKR frá árinu 1954, nú horfið að mestu.

**Lýsing:** Horfið að mestu, eftir er steyppt plata og leifar af steypnum skorstein.

**Hætta:** Lítil hætta.



Mynd 52. Leifar af sumarhúsi (257-2), steypdur grunnur og leifar af skorsteini, horft í austur.

## Reynisvatn 257-29 Camp Scott

Safn númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
257-29	Camp Scott	Rústir	Herskálar	1940-2000	366793	405632			Slæmt	Að mestu

**Staðhættir:** Fjórir jarðvegshraukar eru um 7 m ofan og suðvestan við Reynisvatnsveg og um 45 m norðaustur af Marteinslaug 8. Jarðvegur lá með langhliðum þriggja bragga sem tilheyrðu herbúðahverfi, Camp Scott (257-21). Þegar Reynisvatnsvegur var lagaður árið 2002 var hann lagður í gegnum þessar minjar (sjá mynd 8).

**Lýsing:** Fjórir malarhraukar, mosa- og grasivaxnir að hluta með lautum á milli. Hæstir um 1,20 m. Minjarnar eru laskaðar eftir vegaf framkvæmdir. Einungis syðsti hluti þeirra er sjáanlegur.


**Hætta:** Lítil hætta.



Mynd 53. Fjórir hólar (257-29) sem eru leifar eftir þrjá bragga, sunnan við Reynisvatnsveg, horft í austur.

### Hólmur 213-71 Camp Arnold

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
213-71	Camp Arnold	Herbúðir	Heimild	1940	366412	402767			Ómetið	Að mestu



Mynd 54. Loftmynd af svæðinu frá árinu 1954, en þar má greinilega sjá þessa braggabotna.<sup>68</sup>

<sup>68</sup> Loftmynd úr LUKR frá árinu 1954, kortagerð ALG.


**Staðhættir:** Austan við sprengigeymslurnar, við Mjódalsveg, í Almannadal norðvestan við Fjárborg. Á tímum hersetunnar voru í þessu herbraggahverfi höfuðstöðvar herfylkis frá Bandaríkjunum, flug- og ratsjárlið.<sup>69</sup>

**Lýsing:** Á svæðinu er töluvert af braggabotnum sem nú eru að mestu horfnir undir gróður og framkvæmdir. *Ekki hefur tekist að kanna hver staðan er á þessum braggabotnum sem eru innan úttektarsvæðisins, en minjar þessar eru horfnar undir hrossatað sem var sturtað þarna um og upp úr 1995.*<sup>70</sup>

**Hætta:** Lítil hætta.

## Hólmur 213-122 Leið

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
213-122		Leið	Heimild	1500-2010	367379	402740			Ómetið	Horfið



Mynd 55. Rauðavatnslína 1, merkt fjólublá, sker gamla leið (213-132, rauð brotalína) í Mjódal.<sup>71</sup>

**Staðhættir:** Gömul leið sem lá frá Hofmannaflöt í Skyggisdal og yfir í Mjódal og suður að forvera Suðurlandsveggar (213-32). Leiðin var skýr frá Skyggisdal og um Mjódal en þar voru mjög djúpar moldargötur. Leiðin er greinileg á loftmyndum frá árinu 1970. Í ritgerð Björns Bjarnarsonar frá Gröf, „Um örnefni“, kemur fram að hann telur að fimm leiðir hafi áður legið frá Almannadal.<sup>72</sup> Ekki er ljóst hvort hann á við þessa leið, en greinilegt er að mikil umferð hefur verið þarna í gegnum tíðina. Leiðin er ekki merkt inn á herforingjaráðskortið frá 1909

<sup>69</sup> Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, 2002, 125.

<sup>70</sup> LUKR loftmynd 1995.

<sup>71</sup> Samsýn: Loftmynd 2019, kortagerð ALG.

<sup>72</sup> Björn Bjarnarson: „Um örnefni“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. Reykjavík, 1914, 14.



og heldur ekki inn á kort Björns Gunnlaugssonar frá 1844.<sup>73</sup> Líklega er þetta ein þeirra forn leiða sem voru í notkun frá fyrstu tíð, þegar aðrir búskaparhættir voru við lýði.

**Lýsing:** Gatan er horfin vegna framkvæmda. Troðningurinn er greinilegur á loftljósmyndum, sér í lagi eftir 1970, en þá fara hestamenn að nota þessar gömlu reiðleiðir aftur. Sums staðar voru þetta margþættir slóðar og djúpir.

**Hætta:** Engin hætta, leiðin horfin vegna fyrri framkvæmda.

## Hólmur 213-123 Leið

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
213-123		Leið	Heimild	1100-1995	366468	402721			Ómetið	Horfið



Mynd 56. Lagnaleið Rauðavatnslínu 1 (fjólublá lína) í Almannaadal þar sem eru leifar af Camp Arnold (213-71, merkt blátt) og forn leið (213-123, rauð brotalína).<sup>74</sup>

Þessi leið er einnig skráð á jörðina Reynisvatn (257-22, sjá einnig þar).

**Staðhættir:** Gömul leið lá upp Almannaadal frá Suðurlandsvegi að Miðdalsvegi. Leiðin er skýr frá Mjódalsvegi um Miðmundardal að Hólmsheiðarvegi. Austan við hann er lítill hluti leiðarinnar sjáanlegur, hverfur svo undir yngri framkvæmdir við Langavatnsveg, en er svo aftur mjög greinilegur frá Langavatnsvegi að Miðdalsvegi fyrir norðan Langavatn. Í ritgerð Björns Bjarnarsonar frá Gröf, „Um örnefni“, kemur fram að hann telur að fimm leiðir hafi áður legið frá Almannaadal.<sup>75</sup> Ekki er ljóst hvort hann á við þessa leið, en líklega, en greinilegt er að mikil umferð hefur verið þarna í gegnum tíðina. Leiðin er ekki merkt inn á

<sup>73</sup> LMÍ: Herfingjaráðskort samsett, frá árinu 1909, 27 Reykjavík N.A. 37 Hengill N.V. 1909 og Björn Gunnlaugsson Íslandskort 1870.

<sup>74</sup> Samsýn: loftmynd 2019, kortagerð ALG.

<sup>75</sup> Björn Bjarnarson: „Um örnefni.“ Árbók Hins íslenska fornleifafélags. Reykjavík, 1914, 14.

herforingjaráðskortið frá 1909 og heldur ekki inn á kort Björns Gunnlaugssonar frá 1844.<sup>76</sup> Líklega er þetta ein þeirra fornleiða sem voru í notkun frá fyrstu tíð, þegar aðrir búskaparhættir voru við lýði.

**Lýsing:** Horfin þar sem framkvæmdir eru áætlaðar (sjá mynd 56).

**Hætta:** Engin hætta, minjar horfnar.

#### 4. Niðurstöður og mat

Korpulína 1 og Rauðavatnslína 1 liggja um svæðið sem tilheyrði áður jörðunum *Lambhaga*, *Reynisvatni*, *Gröf* og *Hólmi*, eða frá Vesturlandsvegi að tengivirki við Geitháls og þaðan í vestur að Almannadal. Skráningarsvæði er skilgreint 50 m til beggja handa frá miðlínu áætlaðra framkvæmda. Línuleiðin og minjar eru sýndar á myndum 5-12. Á þessu svæði eru nú skráðir 29 minjastaðir í fornleifaskrá, þar af eru 12 fornleifar og 18 yngri minjar, þar af 10 herminjar (sjá töflu 2).

Tafla 2. Minjatafla


Safn númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin	Hættu mat
259-2		Útihús	Heimild	●1850-1930	366044	406456	16	13	Ómetið	Já	Engin hætta
259-6		Fjánhús	Tóft	●1850	365991	406724	21	8	Gott	Nei	Mikil hætta
259-21		Útihús	Heimild	●1917-1945	366077	406405	8	7	Ómetið	Já	Engin hætta
259-32	Hamrahlíðalönd	Sumar-bústaður	Heimild, vegur	●1955-1980	366251	407406			Slæmt	Að mestu	Engin hætta
259-33	Úlfarsfellsvegur	Vegur	Vegur	●1935	366042	406600			Gott	Að hluta	Engin hætta
259-34	Fyrsti Vesturlands-vegurinn	Vegur	Heimild	●1909	366180	407422		3	Ómetið	Já	Engin hætta
259-35		Gata	Heimild	●1100-1936	366114	406471			Ómetið	Já	Engin hætta
259-35		Gata	Heimild	●1100-1936	366086	406603			Ómetið	Já	Engin hætta
259-36		Túngarður, girðing	Heimild	●1900	366148	406239	317	0,5	Ómetið	Já	Engin hætta
259-37		Herminjar, byssustæði	Byssustæði, skotgröf	●1940	366013	406650	12	9,5	Gott	Nei	Mikil hætta
259-38		Skotgröf	Skotgröf	●1940	365980	406699	4	3,4	Gott	Nei	Mikil hætta
259-39		Skotgröf	Kantur	●1940	366012	406713	14,5	9	Gott	Nei	Mikil hætta
259-40		Skotgröf	Skotgröf	●1940	365994	406882	7,4	4	Gott	Nei	Mikil hætta
259-41		Herminjar, byssustæði	Hola	●1940	366184	407024	17,5	15	Sæmilegt	Nei	Lítill hætta
259-42		Skotgröf	Skotgröf	●1940	366262	407213	6,3	5	Gott	Nei	Mikil hætta
259-43		Óþekkt, herminjar	Hleðsla	●1940	366274	407304	6,5	4,5	Sæmilegt	Nei	Mikil hætta
259-44		Torfkofi	Hús	●1955	366274	407371	12	8,6	Gott	Nei	Mikil hætta
257-16	Miðdalsvegur	Troðningur	Vegur	●1100-1930	367971	405205			Ómetið		Lítill hætta
257-17		Fjánhús, útihús	Heimild	●1924-1986	367085	405431	13,5	9,5	Slæmt	Að mestu	Lítill hætta
257-22		Leið, sem vegur	Gata, heimild	●1100-1900	368176	404835			Sæmilegt	Að mestu	Lítill hætta

<sup>76</sup> LMÍ: Herforingjaráðskort samsett, frá árinu 1909, 27 *Reykjavík N.A.* 37 *Hengill N.V.* 1909 og Björn Gunnlaugsson *Uppdráttur Íslands* 1844.

257-23		Leið, sem vegur	Gata, heimild	●1100-1900	367900	403776			Slæmt	Að mestu	Lítill hættta
257-24		Vegur	Vegur	●1930	366857	405678	44	4,3	Gott	Að hluta	Lítill hættta
257-25		Gata	Heimild	●1930	366972	405524			Ómetið	Já	Engin hættta
257-26	Langavatnsvegur	Leið, sem vegur	Vegur	●1970	367212	405441		3	Gott	Að hluta	Lítill hættta
257-27		Sumarhús	Grunnur	●1950	367149	405395	10	7	Sæmilegt	Að mestu	Lítill hættta
257-29	Camp Scott	Bragga	Varnar-veggur	●1940	366793	405631	30	20	Slæmt	Að mestu	Lítill hættta
213-71	Camp Arnold	Herbúðir, herminjar	Herminjar	●1940	366412	402767			Slæmt	Að hluta	Lítill hættta
213-122		Leið, sem vegur	Heimild	●1500-2010	367379	402740			Ómetið	Já	Engin hættta
213-123		Leið, sem vegur	Heimild	●1100	366468	402721			Ómetið	Já	Engin hættta


Tólf minjastaðir af 29 teljast til friðaðra fornleifa á skráningarsvæði lagnaleiðarinnar. Það eru minjar sem eru 100 ára eða eldri, en 8 af þeim eru horfnar af yfirborði vegna fyrri framkvæmda.

Fornleifar sem eru í hættu vegna þessarar framkvæmdar eru fjárhús (259-6) austan við Lambhagaveg (sjá mynd 57). Þar liggur áætluð lagnaleið innan 15 m verndunarsvæðis fornleifanna, eða miðlína lagnaleiðar er um 10,5 m frá sjálfri tóftinni. *Skoða þarf þennan stað sérstaklega.*




Mynd 57. Lagnaleið Korpulínu (blá heil lína) sker 15 m verndarsvæði friðaðra fornleifa, fjárhústóft (259-6) og skotgrafir (259-38), austan við Lambhagaveg.

Aðrar fornleifar á lagnaleiðinni sem eru hlutar af fornum leiðum eða vegaslóðum sem eru í *lítilli eða engri hættu* (sjá myndir 9-12). Á Reynisvatnsheiði, er Miðdalsvegur (257-16), forn leið frá Árbæ um Reynisvatn að Miðdal og þaðan til Þingvalla (sjá mynd 58).




Mynd 58. Lagnaleið Korpulínu 1 (blá heil lína) austan við Hólmsheiðarveg þar sem hún sker forna leið, Miðdalsveg (257-16, rauð lína).

Forn leið (257-22) lá norður Almannadal yfir Miðmundardal og yfir á Miðdalsveg (sjá mynd 59).



Mynd 59. Lagnaleið Korpulínu 1 (blá heil lína) þverar forna leið (257-22, rauð lína) við Hólmsheiðarveg.

Forn leið (257-23) lá frá Reynisvatni um Miðmundardal að Hofmannaföt, sjá mynd 60.



Mynd 60. Lagnaleið Korpulínu 1 (blá heil lína) sker forna leið (257-23, rauð lína) sem er sjáanleg að hluta norðan við tengivirki á Geithálsi.

Rauðavatnslína sker tvær fornar leiðir, önnur (212-122) lá um Mjódal (Mjóadal) en hin (212-123) í Almannadal en þær eru báðar horfnar vegna fyrri framkvæmda (sjá myndir 11 og 12).

Öðrum minjum sem flokkast sem yngri minjar ætti að hlífa eins og hægt er og þá sér í lagi kartöflukofa (259-44) sem er eina uppistandandi húsið sem tilheyrði byggðinni við Hamrahlíðalönd austan við Vesturlandsveg.

Varðandi herminjar á skráningarsvæðinu eru það helst skotgrafir og byssustæði sem tilheyrðu Camp South Belvoir austan við Lambhagaveg sem geta verið í hættu (259-37, 38, 39, 40, 41, 42, 43), Gæta skal eftir bestu getu að eyða ekki þessu ummerkjum eftir veru setuliðsins á svæðinu.

Fornleifaskráningin tekur bæði til þeirra minja sem sjást á yfirborði og þeirra sem eru horfnar af yfirborði og geta verið undir sverði. Þó svo að fornleifaskráning hafi farið fram er

Það engin trygging fyrir því að ekki séu áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu, komi þær í ljós ber að að tilkynna það til Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun Íslands tekur afstöðu til þessarar fornleifaskráningar og ákvarðar hvort og hvar mótvægisáðgerðir séu nauðsynlegar.

Virðingarfyllt,  
Fyrir hönd Borgarsögusafns:

Anna Lís Guðmundsdóttir  
verkefnastjóri fornleifa

Margrét Björk Magnúsdóttir  
fornleifafraeðingur

María Karen Sigurðardóttir  
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna

Afrit í tölvupósti:  
Minjastofnun Íslands ([postur@minjastofnun.is](mailto:postur@minjastofnun.is))  
Skipulagsfulltrúa í Reykjavík ([skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is))



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Reykjavíkurborg -Umhverfis - og skipulagssvið  
Borgartún 12 - 14  
105 Reykjavík

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 9. mars 2020  
MÍ201905-0027/ 6.08 / K.M.

### **Efni: Korpulína. Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.**

Óskað hefur verið eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur. Áformuð breyting er til komin vegna færslu Korpulínu milli Geitháls og tengivirkis við Korpu, við Vesturlandsveg. Núverandi loftlína, Korpulína 1, verður rifin niður. Jafnhliða færslu verður háspennustrengurinn færður í jörð. Breytingin mun einnig ná til lítilsháttar tilfærslu á Rauðavatnslínu.

**Kristinn Magnússon**  
Verkefnastjóri  
[kristinn@minjastofnun.is](mailto:kristinn@minjastofnun.is)

Minjastofnun Íslands veitti umsögn um verklýsingu skipulagsgerðar og umhverfismats aðalskipulagsbreytingarinnar með bréfi til Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 06.06.2019. Í umsögninni kom fram að fornleifar höfðu ekki verið fullskráðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Farið var fram á að fornleifaskráning yrði gerð á vettvangi skv. gildandi stöðlum Minjastofnunar. Þegar skráningin lægi fyrir gæti Minjastofnun gefið umsögn um framkvæmdina.

Minjastofnun Íslands hafa borist drög að tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna Korpulínu. Þá hefur stofnuninni borist skýrsla Borgarsögusafns Reykjavíkur, dags. 20.02.2020, *Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur. Korpulína 1: Frá Vesturlandsvegi að Geithálsstöð. Rauðavatnslína 1: Frá Geithálsstöð að Almannadal. Fornleifaskráning fyrir lagnaleið.*

Í drögum að tillögu að breytingu á aðalskipulaginu er gerð grein fyrir þremur valkostum á legu jarðstrengsins Korpulínu, A0, A1 og A2. Í skýrslu Borgarsögusafns Reykjavíkur er aðeins fjallað um einn þessara valkost, A0. Umsögn Minjastofnunar á því einungis við um þann valkost.

Í skýrslu Borgarsögusafns segir að skoðað hafi verið svæði sem náði 50 m til beggja handa frá miðlínu fyrirhugaðrar legu jarðstrengs Korpulínu. Á svæðinu fundust 25 minjastaðir. Þar af eru 9 fornleifar, sbr. skilgreiningu í 3. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012), og 16 yngri minjar, þar af 8 herminjar.

Eftirtaldar fornleifar eru horfnar innan athuganarsvæðisins vegna síðari tíma framkvæmda: Útihús (259-2), útihús (259-21), fyrsti Vesturlandsvegurinn (259-34), gata (259-35), túngarður (259-36), leið (257-22), leið (257-23) og Miðdalsvegur (257-16).

**Fjárhústóft (259-6).** Í skýrslu Borgarsögusafns er eftirfarandi lýsing á tóftinni og umhverfi hennar: *Fjárhústóft er 21 m austan við malbikaðað göngustíg sem liggur með Lambhagavegi, 50 m austan við eystri lóðamörk á Lambhagavegi 1 og 63 m vestur af fastmerki nr. 35/1039 (steypdur stöpull). Um 8 m suðaustan við fjárhúsið eru herminjar (259-39), bogadregið garðlag undir barði. Áður var talið að þessi minjastaður væri stekkur, en líklega hefur þetta verið fjárhús... Mosa- og grasivaxin tóft í grasigróinni aflíðandi brekku. Tóftin er um 21x8 m og liggur í norðvestur-suðaustur. Op í norðvestur. Veggir úr torfi og grjóti, 3 m á breidd og 0,2- 0,7 m á hæð. Hleðslur sjáanlegar í suðausturgafli innanverðum. Gólf er niðurgrafið. Við suðausturgafli að utanverðu er hola 4x2 m sem líklega er hluti af rústinni eða heygardur. Nýi jarðstrengurinn mun liggja í innan við 15 m fjarlægð frá tóftinni. Engu að síður ætti að vera hægt að komast hjá raski á tóftinni. Minjastofnun Íslands telur að girða þurfi tóftina af þeim megin sem hún snýr að framkvæmdasvæðinu til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá. Í því felst að reknir verði niður staurar í hæfilegri fjarlægð frá tóftinni og borði hengdur á milli þeirra.*

Yngri minjarnar sem skráðar voru innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis eru eftirtaldar: Hamrahlíðarlönd (259-32), leifar vega og sumarhústaða en árið 1955 var hluta af landi Lambhaga skipt upp í 61 sumarhúsalóð, Úlfarsfellsvegur frá 1935 (259-33), kartöflukofi frá 1955 (259-44), útihús (257-17), vegur frá 1930 (257-24), gata frá 1930 (257-25), Langavatnsvegur frá 1970 (257-26) og grunnur sumarhúss frá 1950 (257-27). Aðeins kartöflukofanum (259-44) stafar hætta af framkvæmdum við lagningu jarðstrengsins.

**Kartöflukofi (259-44).** Kofanum og umhverfi hans er lýst í skýrslu Borgarsögusafnsins: *Kartöflukofinn er norðaustast á lóðinni Lambhagavegur 10... Heillegur kartöflukofi, eins og lítill grasivaxinn hóll. Veggir og þak renna saman með torfi, undir því er bárujárn. Tvær loftræstitúður úr járninu eru á þakinu. Á kofanum er máluð viðarhurð með klinku. Í dyragatinu beggja vegna eru steinhleðslur. Inni í húsinu er milliverk úr víði... eina uppistandandi mannvirkið sem eftir er, sem tilheyrir Hamrahlíðarlöndum, vernda ef hægt er. Minjastofnun Íslands tekur undir með Borgarsögusafni Reykjavíkur að mikilvægt er að varðveita kartöflukofann. Það ætti að vera hægt ef hann verður girtu af á sama hátt og fjárhústóftin (259-6) á meðan á framkvæmdum stendur.*

Í 3. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) segir að fornleifar teljist hvers kyns mannvistarleifar sem menn hafa gert eða mannaverker eru á og eru 100 ára og eldri. Minjar frá seinni heimsstyrjöldinni teljast því ekki til fornleifa og njóta ekki verndar laga um menningarminjar. Engu



að síður hefur skapast sú hefð að minjar frá seinni heimsstyrjöldinni hafa verið skráðar um leið og fornleifar eru skráðar. Minjastofnun Íslands telur að forðast eigi rask á herminjum ef þess er nokkur kostur.

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Korpulínu voru átta staðir skráðir þar sem finna má minjar frá seinni heimsstyrjöldinni, byssustæði/skotgröf (259-37), skotgröf (259-38), skotgröf (259-39), skotgröf (259-40), byssustæði (259-41), skotgröf (259-42), hleðsla/óþekkt (259-43) og varnarveggur (259-29).

Tvær af herminjunum, byssustæði (259-41) og varnarveggur (259-29) eru í jaðri úttektarsvæðisins, þ.e. í um 50 m fjarlægð frá jarðstrengnum. Þeim ætti því ekki að stafa hættu af lagningu strengsins. Byssustæði/skotgröf (259-37), skotgröf (259-39), skotgröf (259-40), skotgröf (259-42), hleðsla/óþekkt (259-43) eru öll innan úttektarsvæðisins en í það mikill fjarlægð frá jarðstrengnum að með því að merkja þessa staði á meðan á framkvæmdum stendur ætti að vera hægt að koma í veg fyrir að minjarnar raskist af vangá. Þrjár skotgrafir (259-38) eru mjög nálægt jarðstrengnum. Minjastofnun telur að forðast eigi að raska þessum skotgröfum sé þess nokkur kostur.


Breyting aðalskipulagsins nær einnig til lítilsháttar tilfærslu á Rauðavatnslínu. Rauðavatnslína mun liggja frá tengivirkinu á Geithálsi í vestur eftir Skyggisdal að Mjódalslægd. Um Mjódalslægd lá gömul leið (213-122). Rauðavatnslína mun síðan liggja fyrir austan Fjárborg í vestur niður í Almannadal neðri en þar eru minjar eftir herbúðir, Camp Almont (213-71). Önnur gömul leið (231-123) lá um Almannadal. Báðar gömlu leiðirnar eru horfnar innan framkvæmdasvæðisins og leifar mannvirkja sem tilheyrðu herbúðunum eru ekki í hættu vegna lagningar Rauðsvatnslínu. Ný lega Rauðavatnslínu mun því ekki hafa áhrif á minjar.

Þegar búið verður að leggja Korpulínu í jörð verður núverandi loftlína sem liggur frá tengivirki við Geitháls að tengiverki við Korpu tekin niður. Því fylgir væntanlega eitthvert jarðrask. Ekki hefur verið athugað sérstaklega hvort á þessu svæði eru minjar sem gæti stafað hættu af niðurrifi loftlínunnar. Slík athugun þarf að fara fram áður en línan verður tekin niður.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna breyttrar legu Korpulínu og Rauðavatnslínu. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarmínjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva*

*framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

*Afrit sent: Skipulagsstofnun*

*Afrit sent í tölvupósti:*

*Haraldur Sigurðsson ([haraldur.sigurdsson@reykjavik.is](mailto:haraldur.sigurdsson@reykjavik.is))*

*Umhverfis- og skipulagssvið ([skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is))*

*Borgarsögusafn Reykjavíkur ([minjavarsla@reykjaviki.is](mailto:minjavarsla@reykjaviki.is))*

*Gunnar H. Sigurðsson ([ghs@landsnet.is](mailto:ghs@landsnet.is))*



Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur

Reykjavík, 26. mars 2020

**Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Korpulína-Rauðavatnslína. Jarðstrengur (132 kV) frá Geithálsi að tengivirki við Korpu. Breytt lega Rauðavatnslínu 1. Umsögn um athugasemdir og afgreiðsla.**

*Samþykkt að vísa aðalskipulagsbreytingu, ásamt umhverfisskýrslu og umsögn um athugasemdir til afgreiðslu í borgarráði, sbr. 1. og 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga og lög um umhverfismat áætla nr. 105/2006.*

**Aðalskipulagstillagan:**

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 21. nóvember 2019 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010.

Tillögunni fylgir umhverfisskýrsla, sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Aðalskipulagstillagan var auglýst samhliða breytingum á deiliskipulagi á svæðum sem fyrirhugaðar lagnir liggja um. Tillögurnar voru auglýstar á tímabilinu frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020.

Tillagan varðar breytingar á aðflutningskerfi Landsnets í austurhluta borgarinnar. Breytingin snýr annarsvegar að legu Korpulínu 1 (132 kV), frá tengivirki við Geitháls að tengivirki við Korpu, við Vesturlandsveg. Hinsvegar varðar breytingin lítilsháttar tilfærslu á legu Rauðavatnslínu 1 í Hólmsheiði. Með breytingum á legu línanna er áformað að færa þær í jörð

Engar efnislegar athugasemdir bárust á auglýsingatímanum við breyttri legu háspennulínanna.

Minjastofnun Íslands skilaði inn umsögn, dagsett 9. mars 2020, um aðalskipulagsbreytinguna á auglýsingatímanum. Í umsögninni er farið yfir skráningu fornleifa á lagnaleiðunum, sbr. skýrsla

Borgarsögusafns frá 20. febrúar sl. og minnt á þau lagaákvæði sem þarf að gæta að áður en ráðist er í framkvæmdir og hverju þurfi að huga að á framkvæmdatíma. Einnig er minnt á að skrá þurfi fornleifar á núverandi lagnaleiðum, áður en loftlínur eru teknar niður.

**Afgreiðsla aðalskipulagsbreytingar og umhverfismats:**

Ekki eru gerðar breytingar á aðalskipulagstillögu að lokinni auglýsingu. Við útgáfu framkvæmdaleyfis vegna fyrirhugaðra framkvæmda verði horft til skýrslu Borgarsögusafns, dagsett 20. febrúar sl. og þeirra ábendinga sem koma fram í umsögn Minjastofnunar, dagsett 9. mars. Umdrædd gögn verði fylgiskjal með staðfestri aðalskipulagsbreytingu.

Haraldur Sigurðsson



Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið  
Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi  
Borgartúni 12 - 14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. desember 2019  
Tilvísun: 201905013 / 3.2

---

## Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna Korpulínu 1 og Rauðavatnslínu 1.

---

Reykjavíkurborg hefur, með erindi dags. 27. nóv. 2019, sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að breytingu á aðalskipulagi samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í borgarráði 19. nóv. 2019.

Skipulagstillagan er sett fram í greinargerð dags. 1. nóv. 2019.

Í tillögunni felst breyting á legu Korpulínu 1 frá Geithálsi að tengivirki við Korpu, og tilfærslu á legu Rauðavatnslínu 1 frá Geithálsi í átt að Suðurlandsvegi. Línur verða lagðar í jörð. Gerðar eru m.a. breytingar á myndum 9 og 10 í kafla um veitur á bls. 61 í kafla um Skapandi borg í A hluta greinargerðar Aðalskipulags Reykjavíkur 2010 – 2030.

Með erindinu bárust umsagnir frá opinberum aðilum sem hafðar hafa verið til hliðsjónar við mótun tillögunnar.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og bendir á að lagfæra þarf mynd 4 á bls. 7 í greinargerð breytingarinnar, en hún sýnir þær breytingar sem verða á mynd 9 á bls. 61. í kaflanum Skapandi borg í gildandi skipulagi. Sú mynd á aðeins að sýna tillögu að breyttu skipulagi og eins á við um þær breytingar sem gerðar verða á mynd nr. 10 í sama kafla.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga, þegar brugðist hefur verið við ofangreindri ábendingu.

  
Málfríður K. Kristiansen

## Breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur

### Korpuvína 1: Frá Vesturlandsvegi að Geithálsstöð

### Rauðavatnslína 1: Frá Geithálsstöð að Almannadal

#### *Fornleifaskráning fyrir lagnaleið*

**Viðtakandi:** Landsnet, Gunnar Sigurðsson

**Sendandi:** Borgarsögusafn Reykjavíkur

#### *1. Fornleifaskráning fyrir lagnaleið*

Hér fer á eftir umfjöllun um fornleifar á lagnaleið fyrir verkefni *Korpuvína 1* og *Rauðavatnslína 1*. Fornleifaskráningin er unnin fyrir Reykjavíkurborg og Landsnet. Fyrirhugað er að gera breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna breytinga á aðflutningskerfi Landsnets í austurhluta borgarinnar. Helstu breytingarnar snúa að legu Korpuvínu 1 (132 kV), frá tengivirki við Korpu við Vesturlandsveg að tengivirki á Geithálsi. Til stendur að færa umræddar línur í jörð.<sup>1</sup>

Í breytingartillögunni verður einnig hugað að lítilsháttar tilfærslu á legu Rauðavatnslínu 1. Breytt lega Korpuvínu og lagning í jörð er einkum tilkomin vegna vegna breytinga á skipulagi í Úlfársárdal, m.a. íbúðabyggðar á Úlfarsfelli, við Leirtjörn og vegna nýs kirkjugarðs á Krossholti.

Fornleifaskráning þessi er lítil hluti af mun stærra verkefni, sem er skráning Austurheiðar, útivistarsvæðis sem hlaut *verkefnanúmerið 2024* hjá Minjastofnun Íslands, en stór hluti af lagnaleiðinni liggur þar um. Fornleifar á þessu svæði hafa áður verið skráðar og birtar í *Fornleifaskrá Reykjavíkur*<sup>2</sup>: *Fornleifaskráning jarðarinnar Lambhaga í Reykjavík*<sup>3</sup> og *Fornleifaskráning vegna lagningar Hallsvegar - Úlfarsfellsvegar*<sup>4</sup>. Farið er yfir allar skráðar fornleifar á skráningarsvæðinu, þær endurskoðaðar og eru þær nú skráðar samkvæmt stöðlum Minjastofnunar Íslands og núgildandi lögum.<sup>5</sup> Minjarnar eru skráðar undir safnnúmer Borgarsögusafns Reykjavíkur, sem birtast í gagnasafni Sarps á vefsíðunni sarpur.is. Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri sem er áætlaður út frá útliti og/eða heimildum um sögu byggðar (sjá

<sup>1</sup> Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030: *Korpuvína. Jarðstrengur(132kV) frá Geithálsi að tengivirki við Korpu. Niðurfelling háspennulínu (loftlínu). Breytt lega Rauðavatnslínu*. Verkefnalýsing skipulagsgerðar og umhverfismats. Lögð fram sbr. 1 mgr. 30. gr. skipulagslaga og laga nr.105/2006 um umhverfismat áætlaða.

<sup>2</sup> Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*, skýrsla 44, Árbæjarsafn 1995.

<sup>3</sup> Sólborg Una Pálsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Lambhaga í Reykjavík*, skýrsla 112, Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn, 2004.

<sup>4</sup> Anna Lía Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna lagningar Hallsvegar – Úlfarsárvegar*, skýrsla 141, Minjasafn Reykjavíkur, Reykjavík 2008.


<sup>5</sup> *Skráningarstaðlar fornleifa*, 2013, Minjastofnun Íslands. Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

töflu 1). Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki og eru þær friðaðar. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit eftir aldri, en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit.

Tafla 1. Minjaflokkar

Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks
1	Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri	● Rauður
2	Minjar frá 1921-1930	● Gulur
3	Minjar frá 1930 og yngri	● Grænn
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár

Skráningarsvæðið er með lagnaleiðinn 50 m báðum megin út frá miðlínu Korpulínu 1 og Rauðavatnslínu 1, sjá mynd 1. Vettvangskönnun fór fram 16. og 22. janúar og 6. febrúar.



Mynd 1. Kortið sýnir skráðar minjar og afmörkun á skráningarsvæði fyrir Korpulínu 1 og Rauðavatnslínu 1.<sup>6</sup>

<sup>6</sup> Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>. Sótt 1. janúar 2020.

## 2. Saga Lambhaga

Lambhagi telst vera hluti af víðáttumiklu landnámi Ingólfs Arnarsonar, en hann nam land milli Ölfusár og Hvalfjarðar fyrir utan Brynjudalsá. Samkvæmt þessu hefur landnám Ingólfs náð yfir alla Gullbringu- og Kjósarsýslu, ef frá er talið svæðið sem liggur milli Brynjudalsár og Botnsár, og Árnassýslu vestan við Ölfusá.<sup>7</sup> Ingólfur gaf svo vinum og vandamönnum er síðar komu til landsins hluta af landnámi sínu.<sup>8</sup> Svæðið sem Lambhagi tilheyrir var því síðar land Þórðar skeggja Hrapssonar, en hann hafði fyrst numið land austur í Lóni og búið þar í um tíu ár. Þegar Þórður skeggi frétti að öndvegissúlur hans hafði rekið á land í Leiruvogi seldi hann land sitt Úlfjóti, sem þekktur var fyrir að hafa komið með lögin til Íslands. Þórður flutti svo suður og settist að, með ráði Ingólfs, á svæðinu milli Úlfarsár og Leiruvogs.<sup>9</sup>

Finna má nafn jarðarinnar í skrá, tímasett frá 1395, um jarðir þær sem fóru undir Viðeyjarklaustur eftir að Páll ábóti kom til Viðeyjar.<sup>10</sup> Virðist Lambhagi hafa „orðið eign Viðeyjarklausturs á tímabilinu 1378-1395 og konungseign við siðaskipti.“<sup>11</sup> Lambhagi er nefndur í fógetaeikningi frá 1547-1548 en þar stendur að með Lambhaga hafi verið fimm leigukjör og landskuld 15 aurar.<sup>12</sup> Aftur kemur Lambhagi fyrir í fógetaeikningum 1548-1549, 1549-1550, og 1552 með sömu leigukjörum og landskuldum.<sup>13</sup> Í hlutabók eða sjávarútgerðarreikningi Eggerts fógeta Hannessonar sem tímasett hefur verið milli 1551 og 1552 stendur "Item solde iegh Herman ij Lambagh aff thet wernningsklede ij alnne for xiiij fiske."<sup>14</sup>

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir að jörðin sé konungsjörð, landskuld sé lxl álnir og skal greiða með fríðu, „hvör ær á xviiij alin og sauðir ut supra heim til Bessastaða eður Viðeyjar hvort sem tilsagt er.“ Ábúandinn, sem var einn, skyldi halda við húsunum. Leigukúgildi voru fjögur og skyldu greidd með smjöri til Bessastaða eða Viðeyjar, en ábúandanum bar að sjá um að „uppýngja“ kúgildin. Kvaðir voru þær sömu og á Kálfakoti en þar segir að allar kvaðir væru eins og á Reynisvatni að hestláni undanskyldu, þar sem ábúendur væru svo fátækir að þeir ættu „annaðhvort öngvan hest eður einn, og hann lítt eður ekki færan, og fóður minnst menn ei að verið hafi kýr að fullu“. Við Reynisvatn segir aftur á móti að kvaðir væru lán á manni um vertíð, en hægt var að komast undan því með því að borga „fiskavætt“. Einnig skyldi lána hest til alþingis ár hvert og nokkrum sinnum þar fyrir utan fyrir ýmis erindi.<sup>15</sup>

Aðrar kvaðir voru nokkuð mismunandi eftir því hver var í embætti. Í Lambhaga var útigangur talinn mjög slæmur og „verður hestum á vetrardag burt að koma“. Kvíkfénaður var sex kýr, tvö naut tvævetur, tvær kvígur veturgamlar, átta ær, þrjár sauðir tvævetur, tveir þrívetur og átta veturgamlir, átta lömb, einn hestur, tvö hross, tveir folar, annar tvævetur, annar þrívetur. Talið er að þarna geti fóðrast sex kýr og átta lömb. Heimilismenn eru átta. „Mótak brúkar jörðin til eldiviðar nægilegt.“ Vatnsból var talið stórerfitt um vetur og mjög snjóasamt. Landþröng. Jörðin hafði selstöðu að fornu í Stardal.<sup>16</sup> Samkvæmt Jarðatali

<sup>7</sup> Guðni Jónsson: „Landnám Ingólfs“, *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess*, II, 8.

<sup>8</sup> Guðni Jónsson: „Landnám Ingólfs“, *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess*, II, 9.

<sup>9</sup> Guðni Jónsson: „Landnám Ingólfs“, *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess*, II, 16.

<sup>10</sup> *D.I.* III, Íslenzkt fornbréfasafn, 598.

<sup>11</sup> Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund* II, 109.

<sup>12</sup> *D.I.* XII, Íslenzkt fornbréfasafn, 111-112.

<sup>13</sup> *D.I.* XII, Íslenzkt fornbréfasafn, 138, 153, 172-173, 398.

<sup>14</sup> *D.I.* XII, Íslenzkt fornbréfasafn, 433.


<sup>15</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók III*, 294-295.

<sup>16</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók III*, 292-295.



Johnsens frá 1846 var Lambhagi konungsjörð en dýrleiki var metinn á 15 hundruð, landskuld var 0,90 og kúgildi fjögur. Ábúandi var einn leiguliði.<sup>17</sup>

Upp úr aldamótum 1900 hóf landmælingadeild danska herforingjaráðsins landmælingar á Íslandi og mældi þá upp landsvæðið í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Svæðið umhverfis Lambhaga lendir á tveimur kortablöðum (sjá mynd 2). Inn á kortið eru mældir bæir, tún og vegir. Vegirnir eru aðgreindir: slóðar eru merktir sem heil svört lína en vagnavegir sem tvær samsíða grennri línur.



Mynd 2. Kort frá árinu 1909 sem sýnir staðsetningu bæja í nágrenni við Lambhaga, auk slóða og annarra vagnavega eins og forvera Vesturlandsvegar (259-34), Kálfakotsveg/ Úlfarsárveg (259-35) og Gamla Úlfarsfellsveg (259-35), auk Miðdalsvegar (257-16) sem lá frá Reynisvatni að Miðdalskoti. Samsett mynd úr tveimur kortum.<sup>18</sup>

Þegar túnakort var gert af Lambhaga árið 1916 voru þrjú torfhús á bæjarhlaðinu og þrjú hús sem virðast vera að mestu byggð úr timbri, auk einnar tóftar. Fjögur af þessum húsum mynduðu bæjarröð. Í brekkunni fyrir norðaustan bæinn eru tvö útihús og kálgarðurinn sunnan við bæinn. Bæjartröðin liggur norður frá bænum og upp til fjalls (sjá mynd 3).<sup>19</sup>


Um aldamótin bjó í Lambhaga Kári Loftsson en „í hans tíð brann nokkuð af bænum, og var þá breytt húsaskipan, gerður timburbær járnvarinn. Er sú bygging notuð enn, þó léleg sé“, skrifar Björn Bjarnarson árið 1931.<sup>20</sup>

<sup>17</sup> J. Johnsen: *Jarðatal*, 96.

<sup>18</sup> LMÍ: Herforingjaráðskort. *Reykjavík 27 Reykjavík N.A. og Mosfellsheiði 37 Hengill N.V.* 1909.

<sup>19</sup> Þ.Í.: Túnakort. *Lambhagi 1916*.

<sup>20</sup> Björn Bjarnarson: *Sagnir, ljóð ofl.* III, 2.



Mynd 3. Túnakort af Lambhaga frá árinu 1916.<sup>21</sup>

Samkvæmt manntali frá árinu 1703 til 1920 bjuggu í Lambhaga almennt tvær fjölskyldur og voru íbúar þá 4–12 manns.<sup>22</sup> Thor Jensen keypti jörðina árið 1925 af ríkissjóði fyrir 20.000 krónur og nýtti þann hluta jarðarinnar sem var norðan Þjóðveggar fyrir Korpúlfsstaði. Þegar Reykjavíkurbær keypti Korpúlfsstaði árið 1942 af Thor Jensen fylgdu nokkrar jarðir í hans eigu með í kaupunum, þar á meðal Lambhagi. Þetta svæði varð svo formlega hluti af Reykjavík árið 1943.<sup>23</sup>

Í Lambhaga hefur búskapur líklega lagst af eftir að Sigurður Guðnason flytur þaðan um 1935, a.m.k. er einungis rústir þar að finna árið 1945 þegar Benedikt Gunnarsson teiknar upp kort af hluta jarðarinnar (sjá mynd).<sup>24</sup> Herminjar er að finna í landi Lambhaga, en á hernámsárunum voru þrjú braggahverfi staðsett innan landamerkjja jarðarinnar, í suðvesturhlíðum Úlfarsfells: Camp Belvoir, áður Montezuma, Tientsin og South Belvoir. Belvoir var fjölmennast með um 1100 manns.<sup>25</sup>

Um 1955 er hluta af landi Lambhaga skipt upp í 61 sumarhúsaloð og þær nefndar *Hamrahlíðalönd*.<sup>26</sup>

<sup>21</sup> Þ.Í.: Túnakort. *Lambhagi 1916*.


<sup>22</sup> Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands, sótt 21.1.2015.

<sup>23</sup> Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund II*, 105, 109. - Björn Bjarnason, *Sagnir, ljóð ofl.* III, 2.

<sup>24</sup> SÁM: Örnefnaskrá Lambhaga í Kjósarsýslu. Athugasemdir og viðbætur Sigurðar Guðnasonar við handrit Ara Gíslasonar.

<sup>25</sup> Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, 2002, 125.

<sup>26</sup> Eggert Þór Bernharðsson, 2014: *Sveitin í sálinni*, 85.



Mynd 4. Uppdráttur af hluta jarðarinnar Lambhaga árið 1945.<sup>27</sup>

### 3. Fornleifaskrá yfir fornleifar og yngri minjar á skráningarsvæðinu

Í þessari fornleifaskrá er greint frá skráðum minjum á lagnaleið jarðstrengs frá tengivirki við Korpu við Vesturlandsveg að Geithálsstöð, *Korpulínu 1*, og frá Geithálsstöð að Almannadal, *Rauðavatnslínu 1*.<sup>28</sup> Fyrirhugað er að færa Korpulínu í jörð og breyta legu hennar þannig að hún trufla ekki byggðapróun og uppbyggingarmöguleika og hafi sem minnst áhrif á umhverfi og náttúru.<sup>29</sup> Skráningarsvæðið er 100 m á breidd, 50 m beggja vegna við áætlaða miðlínu lagnaleiðarinnar. Minjar á þessari leið eru skráðar undir jarðirnar *Lambhaga* 181178-259, *Gröf* 181179-280, *Reynisvatn* 181176-257 og *Hólm* 181149-213 eins og jarðaskipting var um 1847 þegar Jarðatal J. Johnsen var tekið saman.<sup>30</sup> Hver minjastaður fær þrískipt númer: Í fyrsta lagi *landsnúmer* sem fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi *jarðarnúmer* úr Jarðatali J. Johnsen og í þriðja lagi *númer fornleifar*, hlaupandi tölu innan jarðar. Hér eru einungis notuð jarðanúmer úr Jarðatalinu og hlaupandi númer s.s.: Lambhagi 259-1. Hér er aðeins greint frá sögu jarðarinnar Lambhaga þar sem hún fellur ekki undir skráningu Austurheiðar. Jarðstrengurinn liggur á láglandi nálægt bæjarstæðum Lambhaga og


<sup>27</sup> Lambhagi í Mosfellssveit. Kort gert af Benedikt Gunnarssyni. Desember 1945. Varðveitt hjá Mælingadeild Reykjavíkurborgar, afrit Borgarsögusafn Reykjavíkur.

<sup>28</sup> Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Korpulína. Jarðstrengur (132 kV) frá Geithálsi að tengivirki við Korpu. Niðurfelling háspennulínu (loftlínu). Breytt lega Rauðavatnslínu. Verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats. Lögð fram sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Breyting nr. 32. Apríl 2019. Reykjavíkurborg, Umhverfis og skipulagssvið.

<sup>29</sup> Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Korpulína, bls. 5.


<sup>30</sup> *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrip úr búnaðartöflum 1935-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* (1847). Kaupmannahöfn. J. Johnsen.

Reynisvatns, en fer síðan um Reynisvatnsheiði og Hólmsheiði. Hættumat er gert út frá þessari tilteknu framkvæmd.




Mynd 5. Lega Korpulínu 1 og minjar sunnan við Vesturlandsveg.<sup>31</sup> Ef fylgt er væntanlegri Korpulínu 1, frá Vesturlandsvegi í suður þá verður hún lögð vestan við fyrsta Vesturlandsveginn sem gerður var árið 1909 (259-34, rauð brotalína). Lagnaleiðin fylgir svo slóða/vegi (259-32 græn heil lína), sem tilheyrði áður Hamarhlíðalöndum, sumarbústaðalöndum sem var úthlutað úr landi Lambhaga árið 1955. Lóðirnar voru flestar afmarkaðar með girðingum eða trjágróðri. Eitt hús frá þessum tíma er uppistandandi, kartöflukofi (259-44 grænmerktur), sem er um 8 m frá miðlínu lagnaskurðar. Gaman væri ef hægt væri að hlífa honum fyrir skemmdum í þetta skipti.

<sup>31</sup> Samsýn: Loftmynd 2019, kortagerð ALG.



Mynd 6. Lega Korpulínu 1 og minjar sunnan við Bauhaus.<sup>32</sup> Korpulína heldur svo áfram í suðvestur, vestan með malarveginum sem síðar breytist í malbikaðan stíg. Á þessari leið eru nokkrar herminjar aðallega skotgrafir og byssustæði (259-43, 42, 40, 39, 38, 37 merkt sem bláir hringir), sem tilheyrðu Camp South Belvoir sem var ein af þremur herbúðum sem voru við Úlfarsfell. Líklega ætti að vera hægt að hlífa þessum minjum við framkvæmdina.


<sup>32</sup> Samsýn: Loftmynd 2019, kortagerð ALG.



Mynd 7. Lega Korpulínu 1 og minjar við Lambhagaveg.<sup>33</sup> Austan við Lambhagaveg 1, uppi í brekkunni, eru friðaðar fornleifar fjárhús (259-6 merkt rautt) sem áður voru skráðar sem stekkur frá


<sup>33</sup> Samsýn: Loftmynd 2019, kortagerð ALG.

Lambhaga, þar er miðlína skurðar innan 15 m verndarsvæði fornleifanna eða 11 m frá fjárhústóftinni. Skoða þarf vel hvernig hægt er að bregðast við þessari framkvæmdarleið þar. Þegar komið er sunnar eða að gatamótum Lambhagavegar sker jarðstrengurinn gamla leið að Úlfarsfelli (259-35 rauð brotalína) sem er horfin á þessum slóðum, aðeins austar sker hann Úlfarsfellsveg (259-33, græn brotalína) sem er líka horfinn á þessu svæði. Rétt norðan við gatnamót Lambhagavegar og Mímisbrunnis liggur jarðstrengurinn inn yfir aðra gamla leið að Úlfarsá (259-35 rauð brotalína) sem er horfin. Á þessum slóðum var auk þess áður túngirðing eða garður Lambhaga (259-36 rauð brotalína) og sker jarðstrengurinn þessa girðingu tvisvar, en vestan við hana innan túns voru áður útihús frá Lambhaga (259-2 og 259-21 merkt með rauðu). Þessi hús eru horfin af yfirborði en gætu leynst undir sverði. Þegar Korpulínan er komin yfir Úlfarsá liggur hún í Grafarlandi yfir gömlu tún Engis. Þar beygir lagnaleiðin í austur og er þá í Reynisvatnslandi og liggur austur með Reynisvatnsvegi, töluvert fyrir norðan og austan heimatún Reynisvatns.




Mynd 8. Lega Korpulínu 1 og minja við Reynisvatn.<sup>34</sup> Ekki eru minjar við lagnaleiðina fyrr en komið er um 150 m vestur fyrir hringtorgið við Reynisvatn, þar eru leifar af vegi út á Grátholtsmýri (257-24, græn lína) og leifar af bröggum sunnan við Reynisvatnsveg (257-29 og 31 merkt blátt). Rétt sunnan við hringtorgið var vegur (257-25 græn brotalína) sem lá í norðaustur og var líklega slóð sem var farin á milli Reynisvatns og Úlfarsár, líklega ekki mjög gömul leið. Þegar komið er austar liggur línán upp í Reynisvatnsás. Þar hefur vegurinn verið sprengdur niður en uppi á syðri bakkanum voru áður fjárhús frá Reynisvatni (257-17, merkt gult) og sumarhús (257-27, merkt grænt). Á nyrðri bakkanum er vegur (257-26 grænmerktur) sem nú er nefndur Langavatnsvegur, lagður um 1970 en er nú horfinn undir Hólmsheiðarveg að hluta vestast.

<sup>34</sup> Samsýn: Loftmynd 2019, kortagerð ALG.



Mynd 9. Lega Korpulínu og minja við Hólmsheiðarveg.<sup>35</sup> Austan við Myraver sker lagnaleiðin gömlu leiðina Miðdalsveg (257-16, rauðmerkt) sem lá frá Reynisvatni að Miðdal.




Mynd 10. Lega Korpulínu og minja með Hólmsheiðarvegi vestan við Langavatn.<sup>36</sup> Vestan við Langavatn sker lagnaleiðin forna leið (257-22, rauðmerkt) sem lá frá Rauðavatni austur að Miðdal.


<sup>35</sup> Samsýn: Loftmynd 2019, kortagerð ALG.

<sup>36</sup> Samsýn: Loftmynd 2019, kortagerð ALG.





Mynd 11. Lega Korpulínu 1 og Rauðavatnslínu 1 og minja norðan og vestan við tengivirkið á Geithálsi.<sup>37</sup> Þar sem Hólmsheiðarvegur og Mjódalsvegur mætast sker Korpulína 1 gamla leið (257-23 rauðmerkt), sem lá frá Leirdal að Hofmannsleifarvegur og aðra (213-122 rauð brotalína) rétt norðan við tengivirkið. Þar sem Rauðavatnslína 1 liggur frá tengivirkinu sker hún sömu leið (213-122 rauð brotalína) í Mjódalslægd.



Mynd 12. Lega Rauðavatnslínu 1 og minja.<sup>38</sup> Rauðavatnslína liggur frá tengivirkinu á Geithálsi í vestur eftir Skyggisdal að Mjódalslægd. Um Mjódalslægd liggur gömul leið (213-122 rauð brotalína). Rauðavatnslína 1 liggur síðan fyrir austan Fjárborg í vestur niður í Almannaflöt neðri en þar eru minjar eftir Camp Almont (213-71).<sup>39</sup>


<sup>37</sup> Samsýn: Loftmynd 2019, kortagerð ALG.

<sup>38</sup> Samsýn: Loftmynd 2019, kortagerð ALG.

<sup>39</sup> Einar S. Arnalds: Reykjavík, Sögustaður við Sund, 4. bindi, 174.

## Lambhagi 259-2 Útihús

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-2		Útihús	Heimild	1850-1930	366044	406456	16	13	Ómetið	Já



Mynd 13. Kortið sýnir hvar útihúsin (259-2 og 259-21) voru á nýlegri loftmynd.<sup>40</sup>



Mynd 14. Gulu rammarnir sýna hvar útihúsin (259-2 og 259-21) stóðu áður.

**Staðhættir:** Þar sem nú er hljóðmön vestan við vegamót Lambhagavegar og Mímisbrunnis, um 57 m austur frá íbúðarhúsinu Mæri, var útihús þegar túnakort var gert fyrir Lambhaga 1916. Útihúsið var þá um 100 m austur af bæjarhúsunum í heimatúninu. Húsið var úr torfi og grjóti með tveimur burstum með standþili í norðvestur. Fast við suðvesturhlið var lítið hús úr torfi og grjóti.<sup>41</sup> Á korti sem var teiknað upp árið 1945 var annað hús á sama stað, merkt sem rúst, sem snéri norðaustur-suðvestur en ekki norðvestur-suðaustur eins og húsin á túnakortinu 1916.<sup>42</sup>

**Lýsing:** Horfið. Á gömlum loftmyndum má sjá að svæðið hefur verið sléttað fyrir tún og síðar sem athafnasvæði gróðrarstöðvarinnar (malarplan). Enn síðar, eða árið 2006, var Lambhagavegur lagður þarna um. Það fer eftir því hversu djúpt var farið þegar planið var gert hvort fornleifar eru þarna undir. Hugsanlega eru leifar af eldra húsinu þar enn, en líklega er allt horfið.

**Hætta:** Engin hætta.

## Lambhagi 259-6 Fjánhústóft

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-6		Fjánhús	Tóft	1850	365991	406724	21	8	Gott	Nei

**Staðhættir:** Fjánhústóft er 21 m austan við malbikaðan göngustíg sem liggur með Lambhagavegi, 50 m austan við eystri lóðamörk á Lambhagavegi 1 og 63 m vestur af fastmerki nr. 35/1039 (steyptur stöpull). Um 8 m suðaustan við fjánhúsið eru herminjar (259-39), bogadregið garðlag undir barði. Áður var talið að þessi minjastaður væri stekkur,<sup>43</sup> en líklega hefur þetta verið fjánhús.

**Lýsing:** Mosa- og grasivaxin tóft í grasigróinni aflíðandi brekku. Tóftin er um 21x8 m og liggur í norðvestur-suðaustur. Op í norðvestur. Veggir úr torfi og grjóti, 3 m á breidd og 0,2-

<sup>40</sup> Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Lágflugsloftmynd 17/7 2018.

<sup>41</sup> Þ.Í.: Túnakort. *Lambhagi 1916*.

<sup>42</sup> Lambhagi í Mosfellssveit. Kort gert af Benedikt Gunnarssyni. Desember 1945. Varðveitt hjá Mælingadeild Reykjavíkurborgar, afrit Borgarsögusafn Reykjavíkur.


<sup>43</sup> Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*, 74.

0,7 m á hæð. Hleðslur sjáanlegar í suðausturgafli innanverðum. Gólf er niðurgrafið. Við suðausturgafli að utanverðu er hola 4x2 m sem líklega er hluti af rústinni<sup>44</sup> eða heygardur.

**Hætta:** Mikil hætta er á því að væntanlegar framkvæmdir hafi áhrif á þennan minjastað.



Mynd 15. Fjárhústóft (259-6), horft í norður.



Mynd 16. Fjárhústóft (259-6). Teiknað eftir uppmælingu.

## Lambhagi 259-21 Útihús

Safn - númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-21		Útihús	Heimild	1917-1945	466077	460405	8	7	Ómetið	Já

**Staðhættir:** Þar sem nú er hljóðmön, suðvestan við vegamót Lambhagavegar og Mímisbrunn, var lítið torfhús samkvæmt korti sem Benedikt Gunnarsson gerði árið 1945.<sup>45</sup> Það stóð um 130 m austur af gamla bæjarstæði Lambhaga. Húsið var ekki teiknað á túnakort Lambhaga 1916 og því má ætla að það hafi verið byggt á tímabilinu 1917-1935 (sjá myndir við skráningu (259-2) 13 og 14).

**Lýsing:** Horfið af yfirborði árið 2000. Lambhagavegur var lagður árið 2006 og þá hefur þessi minjastaður líklega horfið endanlega.

**Hætta:** Engin hætta á að framkvæmdir hafi áhrif á þessar minjar.

## Lambhagi 259-32 Sumarbústaðabyggð

Safn - númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-32	Hamrahlíðalönd	Sumarbústaður	Heimild, vegur	1955-1980	366251	407406			Sæmilegt	Að mestu

**Staðhættir:** Árið 1955 var hluta af landi Lambhaga skipt upp í 61 sumarhúsaloð og þær nefndar *Hamrahlíðalönd*.<sup>46</sup> Löndin, lóðirnar, voru austan við Vesturlandsveg og norðan við þar sem nú er Gróðrarstöðin Lambhagi. Tvær götur lágu frá gamla Úlfarsárvegi (259-33) í norður og voru lóðirnar beggja vegna þeirra. Á loftmyndum frá árunum 1971-1979 er hægt að greina lóðirnar og einstaka sumarhús sem tilheyrðu Hamrahlíðalöndum. Hér eru þessar minjar skráðar undir eitt númer 259-32, einstaka mannvirki frá þessu tímabili fær þó sér númer, eins og jarðhýsi 259-44.

<sup>44</sup> Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*, 74.


<sup>45</sup> Lambhagi í Mosfellssveit. Kort gert af Benedikt Gunnarssyni. Desember 1945. Varðveitt hjá Mælingadeild Reykjavíkurborgar, afrit Borgarsögusafn Reykjavíkur.

<sup>46</sup> Eggert Þór Bernharðsson: *Sveitin í sálinni*, 85.




## Lambhagi 259-33 Úlfarsfellsvegur

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-33	Úlfarsfellsvegur	Vegur	Vegur	1935	366042	406600		5	Gott	Að hluta




Mynd 18. Úlfarsfellsvegur (259-33) var fyrir norðan Lamhaga og lá að Úlfarsfelli.<sup>48</sup>

<sup>48</sup> LUKR: Loftmynd frá árinu 2018, kortagerð ALG.



Mynd 19. Hluti af herforingjaráðskorti 1909 við Lambhaga sem sýnir vegina (einfaldar svartar línur) að Úlfarsfelli, efri, og Úlfarsá - Kálfakoti, neðri, frá vagnaveginum (tvöföld lína) sem síðar varð Vesturlandsvegur.<sup>49</sup>



Mynd 20. Hluti af herforingjaráðskorti 1936, við Lambhaga sem sýnir Úlfarsfellsveg (259-33), vagnaveg sem tók við af vegunum sem sýndir eru á kortinu 1909.<sup>50</sup>



Mynd 21. Úlfarsfellsvegur, horft í suðvestur.



Mynd 22. Úlfarsfellsvegur, horft í vestur.

**Staðhættir:** Árið 1936 var gerður nýr vegur frá Vesturlandsvegi norðan Lambhaga að Úlfarsfelli (sjá mynd 20). Þessi vegur leysti af tvo eldri reiðslóðum (259-35), þar sem sá efri (nyrðri) lá að Úlfarsfelli en sá neðri (syðri) að Kálfakoti - Úlfarsá (sjá mynd 19).

**Lýsing:** Malarvegur, um 4-5 m á breidd. Vegurinn er nú horfinn á þeim slóðum sem hann lá frá Vesturlandsvegi að Lambhagavegi, en er aftur sjáanlegur um 100 m austan við lóðina Lambhagaveg 1. Úlfarsfellsvegur hverfur svo aftur við Skyggnistorg en er síðan aðal akvegurinn fyrir austan Skyggnisbraut 30 að Úlfarsfelli og áfram.


**Hætta:** Engin hættu er á að minjar skaðist við þessa framkvæmd.

<sup>49</sup> LMÍ: Herforingjaráðskort. Reykjavík 27 Reykjavík N.A. 1909.


<sup>50</sup> LMÍ: Herforingjaráðskort. Reykjavík 27 Reykjavík N.A. 1936.

## Lambhagi 259-34

Safn - númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-34	Elsti Vesturlandsvegurinn	Vegur	Heimild	1909	366180	407422		3	Ómetið	Já



Mynd 23. Hluti af herforingjaráðskorti 1909, sem sýnir elsta Vesturlandsveginn sem brotalínu, norðan við Lambhaga.<sup>51</sup>



Mynd 24. Elsti Vesturlandsvegurinn (259-34). Rauð brotalína, horfinn.<sup>52</sup>

**Staðhættir:** Elsti Vesturlandsvegurinn lá austar í brekkunni en sá sem nú er ekinn. Vegurinn var teiknaður á herforingjaráðskort frá 1909 sem vagnavegur, tvöföld lína, að brúnni yfir Úlfarsá (Korpúlfsstaðaá), en þaðan sem tvöföld brotalína áfram til norðurs. Vegurinn hefur greinilega verið í vinnslu þegar kortið var gert árið 1909.<sup>53</sup> Vegurinn er síðan á sömu slóðum árið 1936, sjá mynd 20.

**Lýsing:** Vegarslóðinn var greinanlegur á loftmynd frá árinu 1954 (LUKR) en er nú horfinn á þessu svæði vegna annarra framkvæmda.

**Hætta:** Engin hætta.

<sup>51</sup> LÍ: Herforingjaráðskort. Reykjavík 27 Reykjavík N.A. 1909.

<sup>52</sup> LUKR grunnur, kortavinnsla ALG.

<sup>53</sup> LÍ: Herforingjaráðskort. Reykjavík 27 Reykjavík N.A. 1909.


## Lambhagi 259-35 Leiðir að Kálfakoti - Úlfarsfelli

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-35		Vegir	Heimild	1100-1936	366086 366114	406603 406471			Ómetið	Já

**Staðhættir:** Þegar herforingjaráðskort var gert árið 1909 lágu tveir vegir frá Vesturlandsvegi í austur, fyrir norðan Lambhaga. Sá syðri (neðri) lá að Kálfakoti (Úlfarsá) en sá nyrðri (efri) að Úlfarsfelli, leiðir þessar eru merktar sem heilar, svartar línur. Þessar gömlu leiðir voru reiðstígar sem lágu á milli bæja og höfðu líklega verið í notkun frá fyrstu tíð byggðar.<sup>54</sup>

**Lýsing:** Báðar þessar leiðir eru horfnar á skráningarsvæði þessarar framkvæmdar.

**Hætta:** Engin hætta.



Mynd 25. Herforingjaráðskort frá árinu 1909 sem sýna vegina heim að Kálfakoti (Úlfarsá) og Úlfarsfelli.<sup>55</sup>


<sup>54</sup> LÍM: Herforingjaráðskort. 27 Reykjavík Reykjavík N.A. 1909.

<sup>55</sup> LÍM: Herforingjaráðskort 27 Reykjavík N.A. 1909 og Mosfellsheiði 37 Hengill N.V. 1909.



## Lambhagi 259-36 Túngirðing

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-36		Túngirðing	Heimild	1900	366147	406238	317	0,5	Ómetið	Já



Mynd 26. Kort af Lambhaga í Mosfellssveit frá árinu 1945. Á kortinu má sjá mannvirki sem þá stóðu í heimatúninu og girðingu um það sem var á sama stað og þegar túnakortið var gert árið 1916.<sup>56</sup>

**Staðhættir:** Túngirðing var fyrir norðan og austan heimatúnið í Lambhaga þegar túnakort var gert árið 1916.<sup>57</sup> Girðingin var öll mæld inn og teiknuð á kort sem gert var árið 1945.<sup>58</sup> Vegstæði Lambhagavegar liggur að mestu í girðingarstæðinu.

**Lýsing:** Horfin að mestu. Niður við Úlfarsá má enn sjá garð, líklega leifar þessarar girðingar.

**Hætta:** Engin hætta, girðingin er horfin innan úttektarsvæðisins.

<sup>56</sup> Lambhagi í Mosfellssveit. Kort gert af Benedikt Gunnarssyni. Desember 1945. Varðveitt hjá Mælingadeild Reykjavíkurborgar, afrit Borgarsögusafn Reykjavíkur.

<sup>57</sup> Þ.Í.: Túnakort. *Lambhagi 1916*.

<sup>58</sup> Kort: Lambhagi í Mosfellssveit. Benedikt Gunnarsson gerði kortið. Desember 1945. Varðveitt hjá Mælingadeild Reykjavíkurborgar, afrit Borgarsögusafn Reykjavíkur.

## Lambhagi 259-37 Byssustæði

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-37		Byssustæði, skotgröf	Byssustæði, skotgröf	1940	366013	406650	12	9,5	Gott	Nei


**Staðhættir:** Herminjar, byssustæði og skotgröf fyrir austan og ofan afleggjara að Lambhaga við Lambhagaveg og um 90 m suðvestur af fastmerki nr. 35/1039 (steypum stöpli).

**Lýsing:** Greinilegur upphækkaður hringlaga, sléttur flötur, byssustæði og fast norðan við er niðurgrafin skotgröf. Svæðið er mosa- og grasigróðið en lúpína langt komin með að leggja það undir sig.

**Hætta:** Mikil hætta, minjar innan úttektarsvæðis og 20 m frá miðlínu skurðar.



Mynd 27. Byssustæði og skotgröf (259-37), horft í vestur.



Mynd 28. Byssustæði og skotgröf (259-37), teiknað eftir uppmælingu.

## Lambhagi 259-38 Þrjár skotgrafir

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-38		Skotgröf	Skotgröf	1940	365980	406699	4	3,5	Gott	Nei


**Staðhættir:** Fyrir austan og ofan Lambhagaveg eru herminjar, þrjár skotgrafir skráðar á sama númer en merktar með A, B og C. Þær eru 12 m austur af malbikuðum gangstíg sem liggur austan við Lambhagaveg og 42 m austan við eystri lóðamörk á Lambhagavegi 1. Um 50 m norðnorðvestur af byssustæði (259-37) og 85 m suðvestur af fastmerki nr. 35/1039, (steypur stöpull). Hnit var sett á milli þeirra.

**Lýsing:** Skotgrafirnar eru allar áþekkar. Hringlaga, niðurgrafnar með uppmokstri í kring, mosa- og grasivaxnar. Utanmál þeirra: A er um 3x3 m, B um 3,6x3 m og C um 4x3,4 m.

**Hætta:** Mikil hætta, minjarnar eru nánast í væntanlegu skurðstæði.



Mynd 29. Þrjár skotgrafir A, B og C (259-38) við Lambhagaveg, horft í suðvestur.




Mynd 30. Þrjár skotgrafir (259-38) A, B og C, teiknaðar eftir uppmælingu.

## Lambhagi 259-39 Skotgröf

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-39		Skotgröf	Skotgröf	1940	366012	406713	14,5	9	Gott	Nei



Mynd 31. Skotgröf (259-39), garðlag undir barði. Fjær er fjárhústóft (259-6). Horft til vesturs.



Mynd 32. Skotgrafir (259-39), teiknaðar eftir uppmælingu.

**Staðhættir:** Fyrir austan og ofan Lambhagaveg, 45 m austur af malbikuðum gangstíg sem liggur austan við veginn og 52 m vestur af fastmerki nr. 35/1039 (steypur stöpu).

Fjárhústóft (259-6) er 8 m norðvestan við skotgröfina.

**Lýsing:** Garðlag í hálfhring um niðurgrafna hvilft undir barði í aflíðandi brekku. Mosa- og grasivaxin. Norðan við er lítil skotgröf.

**Hætta:** Mikil hætta, minjar innan úttektarsvæðis.

## Lambhagi 259-40 Skotgröf

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-40		Skotgröf	Skotgröf	1940	365994	406882	7,4	4	Gott	Nei


**Staðhættir:** Í brekku fyrir ofan hringtorg á Lambhagavegi, við verslunina Bauhaus. Um 70 m norðvestur af fastmerki nr. 35/2123 á hringtorginu.

**Lýsing:** Grasigróin skotgröf, niðurgroftur með uppmokstri í kring.

**Hætta:** Mikil hætta, minjar innan úttektarsvæðis.



Mynd 33. Skotgröf (259-40) fyrir ofan hringtorg á Lambhagavegi. Horft til norðvesturs.




Mynd 34. Skotgröf (259-40) fyrir austan hringtorg, teiknuð eftir uppmælingu.

## Lambhagi 259-41

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-41		Byssustæði	Niðurgroftur	1940	366184	407024	17,5	15	Gott	Nei



Mynd 35. Byssustæði (259-41), horft til suðausturs.



Mynd 36. Byssustæði (259-41), teiknað eftir uppmælingu.

**Staðhættir:** Á malarhjalla fyrir ofan Lambhagaveg, um 45 m suðaustur af malbikuðum göngustíg fyrir austan verslunina Bauhaus.

**Lýsing:** Niðurgroftur með uppmokstri í kring. Uppgróið að hluta, af mosa og grasi. Mól norðvestan við. Nokkuð af trjáplöntum, aðallega á suðausturkanti.


**Hætta:** Lítil hætta, minjar utan úttektarsvæðis.

### Lambhagi 259-42 Skotgröf

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-42		Skotgröf	Skotgröf	1940	366262	407213	6,3	5	Gott	Nei



Mynd 37. Skotgröf (259-42) við gangstíg, horft í vestur.



Mynd 38. Skotgröf (259-42) við gangstíg, teiknað eftir uppmælingu.

**Staðhættir:** Fast austan við malbikaðan gangstíg fyrir austan Lambhagaveg, um 140 m frá suðausturhorni Bauhaus og 45 m frá suðurhorni lóðamarka Lambhagavegar 8.

**Lýsing:** Mosa- og grasivaxinn niðurgroftur með uppmokstri í kring.


**Hætta:** Mikil hætta, minjar innan úttektarsvæðis.

### Lambhagi 259-43 Hleðsla á grjóthól

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-43		Herminjar	Grjóthleðsla	1940	366274	407304	6	4	Slæmt	Nei



Mynd 39. Grjóthleðsla (259-43) á grjóthól neðan við gangstíg, horft til vesturs.



Mynd 40. Hleðsla (259-43) á grjóthól, teiknað eftir uppmælingu.

**Staðhættir:** Grjóthóll með fuglaþúfu sem er 14 m vestan við göngustíg, 10,5 m austan við lóðamörk Lambhagavegar 8 og 10.

**Lýsing:** Efst norðanmegin á grjóthólnum er hringlaga hleðsla. Sennilega herminjar.


**Hætta:** Mikil hætta, minjar innan úttektarsvæðis.

### Lambhagi 259-44 Kartöflukofi

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-44		Kartöflugeymsla	Kofi	1955	366274	407371	12	8	Gott	Nei



Mynd 41. Kartöflukofi (259-44), horft til suðausturs.



Mynd 42. Kartöflukofi (259-44), ummál teiknað eftir uppmælingu.

**Staðhættir:** Kartöflukofinn er norðaustast á lóðinni Lambhagavegur 10.

**Lýsing:** Heillegur kartöflukofi, eins og lítill grasivaxinn hóll. Veggir og þak renna saman með torfi, undir því er bárujárn. Tvær loftræstitúður úr járni eru á þakinu. Á kofanum er máluð viðarhurð með klinku. Í dyragatinu beggja vegna eru steinhleðslur. Inni í húsinu er milliverk úr viði.

**Hætta:** Mikil hætta, minjar innan úttektarsvæðis, *eina uppistandandi mannvirkið sem eftir er, sem tilheyrir Hamrahlíðalöndum, vernda ef hægt er.*

### Reynisvatn 257-16 Miðdalsvegur

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
257-16	Miðdalsvegur	Leið	Gata	1100-1930	367971	405204		1-3	Gott	Að hluta


**Staðhættir:** Vegur lá frá Árbæ að Reynisvatni og áfram að Miðdalskoti, þaðan að Miðdal og til Þingvalla yfir Seljadalinn. Þetta er gömul gata sem farin var á milli bæja, líklega frá upphafi byggðar á svæðinu. Leiðin er merkt inn á herforingjakort frá árinu 1909.<sup>59</sup> Vegurinn lá norðan við heimatúnið á Reynisvatni og er sjáanlegur um 2 m norðan við tveggja hólfa tóft úr torfi og grjóti (257-12) og liggur síðan í suður og austur fyrir sumarbústaðarlóð (Ás). Vegurinn er aftur sjáanlegur þar sem hann fer upp sunnanmegin í *Reynisvatnsásnum*. Liggur síðan norðan við *Mýraver*, þar sem Hólmsheiðarvegur og Langavatnsvegur skera hann. Leiðin liggur svo norðan við Langavatn með sumarhúsabyggðinni sem þar er og áfram í austur að Miðdalskoti og Hafravatnsvegi. Vegurinn var notaður sem reiðvegur fyrir á öldum. Nú er búið

<sup>59</sup> LMÍ: Tvö herforingjaráðskort samsett, frá árinu 1909, 27 *Reykjavík N.A.* og 37 *Hengill N.V.*


að bera í veginn frá Reynisvatni og gera hann að göngustíg að Hólmsheiðarvegi. Frá Hólmsheiðarvegi er hann akfær áfram að Miðdalskotinu og Hafravatsvegi.

**Lýsing:** Vegurinn var niðurgraffinn um 20-50 cm og um 1-1,5 m á breidd. Greinilegt er að stórir steinar hafa verið færðir til og raðað í vegkantinn í Reynisvatnsási. Búið er að bera í veginn og er hann nú göngustígur að Hólmsheiðarvegi. Hólmsheiðarvegur og Langavatsvegur hafa verið lagðir yfir veginn á kafla og þar er hann nú horfinn. Austan við Hólmsheiðarveg er þetta jeppafær slóði og við sumarbústaðalönd við Langavatn er búið að bera mól í veginn að Hafravatsvegi.

**Hætta:** Lítil hætta, vegurinn er raskaður innan framkvæmdasvæðisins.



Mynd 43. Miðdalsvegur lá frá Árbæ að Reynisvatni og áfram að Miðdalskoti og Miðdal.<sup>60</sup>



Mynd 44. Leið (257-16, rauð lína) norðaustan við Mýraver, Korpulína, blá heil lína.<sup>61</sup>

<sup>60</sup> Lí: Tvö herforingjaráðskort samsett, frá árinu 1909, 27 Reykjavík N.A. og 37 Hengill N.V.

<sup>61</sup> Samsýn: Loftmynd 2019, kortagerð ALG.

## Reynisvatn 257-17 Fjánhús

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
257-17		Fjánhús	Heimild	1924-1986	367085	405431	13,5	9,5	Slæmt	Að mestu

**Staðhættir:** Á vegamótum inn að sumarhúsi Kristins Ólafssonar, Ási, austan við Reynisvatn. Fjánhús sem líklega var byggt af Ólafi Jónssyni, múrarmeistara frá Stuðlakoti, en hann og kona hans Þóra P. Jónsdóttir voru bændur á Reynisvatni frá 1924. Sonur þeirra Jón var síðast með kindur í þessum húsum, en þau voru rifin upp úr 1985.

**Lýsing:** Fjánhúsin voru rifin upp úr 1985. Þetta var þriggja bursta timburhús, klætt með bárujárni. Þegar húsin voru rifin hefur líklega verið sléttað yfir, lítil merki greinanleg.

**Hætta:** Lítil hætta, liggur að mestu utan framkvæmdasvæðisins.



Mynd 45. Fjánhús (257-17), norðaustan við Reynisvatn.<sup>62</sup> Lagnaleiðin merkt sem heil blá lína en afmörkun skráningarsvæðis punktalína.



Mynd 46. Hér stóðu fjánhús (257-17), horft í vestur.

## Reynisvatn 257-22 Leið

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
257-22		Leið	Gata	1100-1900	368176,	404835		2	Sæmilegt	Að hluta

**Staðhættir:** Gömul leið lá frá Almannadal að Miðdalsvegi. Leiðin er skýr frá Mjódalsvegi um Miðmundardal og suðaustan við Mýraver að Hólmsheiðarvegi. Austan við hann er lítil hluti leiðarinnar sjáanlegur en hverfur svo undir yngri framkvæmdir við Langavatnsveg. Leiðin er aftur mjög greinileg frá Langavatnsvegi að Miðdalsvegi fyrir norðan Langavatn. Í ritgerð Björns Bjarnarsonar frá Gröf, „Um örnefni“, kemur fram að hann telur að fimm leiðir hafi áður legið frá Almannadal.<sup>63</sup> Ekki er ljóst hvort hann á við þessa leið, en greinilegt er að mikil umferð hefur verið þarna í gegnum tíðina. Leiðin er ekki merkt inn á herforingjaráðskortið frá 1909 og heldur ekki inn á kort Björns Gunnlaugssonar frá 1844.<sup>64</sup> Líklega er þetta ein af fornum leiðum sem voru í notkun frá fyrstu tíð, þegar aðrir búskaparhættir voru við lýði.

<sup>62</sup> LUKR: Loftmynd frá árinu 1984.

<sup>63</sup> Björn Bjarnarson: „Um örnefni“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. Reykjavík, 1914, 14.

<sup>64</sup> LMÍ: Herforingjaráðskort samsett, frá árinu 1909, 27 *Reykjavík N.A. 37 Hengill N.V.* 1909 og Björn Gunnlaugsson: *Uppdráttur Íslands 1844*.



**Lýsing:** Troðningurinn er greinilegur á loftljósmyndum, sér í lagi eftir 1970, en þá fara hestamenn að nota þessar gömlu reiðleiðir aftur. Sums staðar voru þetta margþættir slóðar og djúpir.

**Hætta:** Lítil hætta. Leiðin er að hluta sýnileg austan við Hólmsheiðarveg þar sem framkvæmdir eru áætlaðar.



Mynd 47. Leið (257-22 rauð lína) vestan við Langavatn. Korpulína, blá lína, sker minjarnar.<sup>65</sup>

### Reynisvatn 257-23 Leið

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
257-23		Leið	Gata	1100-1900	367900	403776		1	Slæmt	Að mestu

**Staðhættir:** Gömul leið frá Árbæ og Reynisvatni yfir Reynisvatnsheiði að Hofmannaflöt, þar sem nú er fangelsi. Leiðin lá vestan með Reynisvatni upp hlíðina austan megin við Nónás yfir í dalverpi, þaðan áfram sunnanmegin við Hádegishæð yfir í Miðmundardal og þaðan í suðaustur þar sem Hólmsheiðarvegur kemur á Mjódalsveg. Hólmsheiðarvegur/Mjódalsvegur hefur síðan verið lagður samsíða þessari gömlu leið í suður og er hún að mestu horfin á þessum kafla. Leiðin hefur síðan legið í suðaustur yfir það svæði þar sem nú er lóð tengivirkis við Geitháls, vestan við Stóra-Skyggni, og þaðan niður að Hofmannaflöt. Björn Bjarnarson nefnir í ritgerð sinni „Um örnefni“ að fimm leiðir hafi legið um Almannadal og nágrenni hans.<sup>66</sup> Ekki er ljóst hvort hann á við þessa leið, en greinilegt er að mikil umferð hefur verið þarna í gegnum tíðina. Leiðin er ekki merkt inn á herforingjaráðskortið frá 1909 og heldur ekki inn á kort Björns Gunnlaugssonar frá 1844. Líklega er þetta forn leið sem hefur verið í notkun frá fyrstu tíð, þegar aðrir búskaparhættir voru við lýði.


**Lýsing:** Troðningurinn er greinilegur á loftljósmyndum, sér í lagi eftir 1970, en þá fara hestamenn að nota þessar gömlu reiðleiðir aftur. Sums staðar voru þetta margþættir slóðar og djúpir. Leiðin er nú nánast horfin frá vegamótum Hólmsheiðarvegur og Mjódalsvegur fyrir

<sup>65</sup> Samsýn: Loftmynd 2019, kortagerð ALG.

<sup>66</sup> Björn Bjarnarson: „Um örnefni“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. Reykjavík, 1914, 14.

norðan tengivirkið við Geitháls. *Ekki var farið á vettvang í þetta skipti til að skoða þennan minjastað.*

**Hætta:** Lítil hættu, leiðin er að mestu horfin á framkvæmdasvæðinu.



Mynd 48. Leið (257-23 rauð lína), samsíða Hólmsheiðarvegi norðan tengivirkis við Geitháls.<sup>67</sup>

### Reynisvatn 257-24 Vegur

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
257-24		Vegur	Gata	1930	366857	405678	44	4,3	Slæmt	Að mestu



Mynd 49. Vegur (257-24) sem lá frá Reynisvatni út á túnin í Grátholtsmýri, horft í norðaustur.

<sup>67</sup> Samsýn: Loftmynd 2019, kortagerð ALG.

**Staðhættir:** Vegur sem lá frá Reynisvatnsvegi út á túnin í *Grátholtsmýri*. Vegurinn er að mestu horfinn undir byggð nema norðaustan við Marteinslaug 14 þar sem hann er sjáanlegur á 40 m kafla, auk þess er hann aftur sjáanlegur fyrir norðan göngustíg á um 44 m kafla. Líklega hefur þessi vegur verið lagður þegar Grátholtsmýrinni var breytt í tún eftir 1930.

**Lýsing:** Vegurinn er horfinn að stórum hluta. Vegurinn er malarborinn, um 4,3 m á breidd

**Hætta:** Lítil hætta.

### Reynisvatn 257-25 Leið

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
257-25		Leið	Gata	1930	366972	405524			Ómetið	Já

**Staðhættir:** Á loftmynd í LUKR frá árinu 1954 er hægt að sjá götu á þessum slóðum, eða þar sem nú er hringtorg við Reynisvatn og hverfið undir Reynisvatnsási. Gæti verið gömul reiðleið milli Reynisvatns og Úlfarsár. Leiðin er ekki merkt inn á herforingjaráðskort frá árinu 1909 (sjá mynd 8).

**Lýsing:** Horfin.

**Hætta:** Engin hætta.

### Reynisvatn 257-26 Langavatsvegur

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
257-25	Langavatsvegur	Leið	Gata	1970	366972	405524			Ómetið	Já

**Staðhættir:** Vegur yfir Reynisvatnsheiði sem var lagður upp úr 1970. Hann lá frá Reynisvatni í austur við Reynisvatnsásinn að Langavatni. Vegurinn er malarvegur og er austasti hluti hans enn í notkun. Nýr vegur sem nefndur er Hólmsheiðarvegur hefur leyst þennan veg af hólmi að mestu leyti, en sá vegur var lagður nokkrum tugum metra fyrir vestan og sunnan við Langavatsveginn (sjá myndir 8, 9 og 10).

**Lýsing:** Malarvegur, um 5 m á breidd. Horfinn að hluta þar sem Hólmsheiðarvegur hefur verið lagður yfir hann.

**Hætta:** Lítil hætta.



Mynd 50. Langavatsvegur (257-26) vestan við Hólmsheiðarveg, horft í vestur að Grafarholti.



Mynd 51. Langavatsvegur (257-26) austan við Hólmsheiðarveg, horft í norðvestur út Úlfarsárdalinn.

## Reynisvatn 257-27 Sumarhús

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
257-27		Sumarhús	Grunnur	1950	367150	405394	10	7	Slæmt	Að mestu

**Staðhættir:** Austan við fjárhús (257-17) á Reynisvatni var sumarhús, sést á loftmynd í LUKR frá árinu 1954, nú horfið að mestu.

**Lýsing:** Horfið að mestu, eftir er steipt plata og leifar af steiptum skorstein.

**Hætta:** Lítil hætta.



Mynd 52. Leifar af sumarhúsi (257-2), steiptur grunnur og leifar af skorsteini, horft í austur.

## Reynisvatn 257-29 Camp Scott

Safn númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
257-29	Camp Scott	Rústir	Herskálar	1940-2000	366793	405632			Slæmt	Að mestu

**Staðhættir:** Fjórir jarðvegshraukar eru um 7 m ofan og suðvestan við Reynisvatnsveg og um 45 m norðaustur af Marteinslaug 8. Jarðvegur lá með langhliðum þriggja bragga sem tilheyrðu herbúðahverfi, Camp Scott (257-21). Þegar Reynisvatnsvegur var lagaður árið 2002 var hann lagður í gegnum þessar minjar (sjá mynd 8).

**Lýsing:** Fjórir malarhraukar, mosa- og grasivaxnir að hluta með lautum á milli. Hæstir um 1,20 m. Minjarnar eru laskaðar eftir vegaf framkvæmdir. Einungis syðsti hluti þeirra er sjáanlegur.


**Hætta:** Lítil hætta.



Mynd 53. Fjórir hólar (257-29) sem eru leifar eftir þrjá bragga, sunnan við Reynisvatnsveg, horft í austur.

### Hólmur 213-71 Camp Arnold

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
213-71	Camp Arnold	Herbúðir	Heimild	1940	366412	402767			Ómetið	Að mestu



Mynd 54. Loftmynd af svæðinu frá árinu 1954, en þar má greinilega sjá þessa braggabotna.<sup>68</sup>

<sup>68</sup> Loftmynd úr LUKR frá árinu 1954, kortagerð ALG.


**Staðhættir:** Austan við sprengigeymslurnar, við Mjódalsveg, í Almannadal norðvestan við Fjárborg. Á tímum hersetunnar voru í þessu herbraggahverfi höfuðstöðvar herfylkis frá Bandaríkjunum, flug- og ratsjárlið.<sup>69</sup>

**Lýsing:** Á svæðinu er töluvert af braggabotnum sem nú eru að mestu horfnir undir gróður og framkvæmdir. *Ekki hefur tekist að kanna hver staðan er á þessum braggabotnum sem eru innan úttektarsvæðisins, en minjar þessar eru horfnar undir hrossatað sem var sturtað þarna um og upp úr 1995.*<sup>70</sup>

**Hætta:** Lítil hætta.

## Hólmur 213-122 Leið

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
213-122		Leið	Heimild	1500-2010	367379	402740			Ómetið	Horfið



Mynd 55. Rauðavatnslína 1, merkt fjólublá, sker gamla leið (213-132, rauð brotalína) í Mjódal.<sup>71</sup>

**Staðhættir:** Gömul leið sem lá frá Hofmannaflöt í Skyggisdal og yfir í Mjódal og suður að forvera Suðurlandsveggar (213-32). Leiðin var skýr frá Skyggisdal og um Mjódal en þar voru mjög djúpar moldargötur. Leiðin er greinileg á loftmyndum frá árinu 1970. Í ritgerð Björns Bjarnarsonar frá Gröf, „Um örnefni“, kemur fram að hann telur að fimm leiðir hafi áður legið frá Almannadal.<sup>72</sup> Ekki er ljóst hvort hann á við þessa leið, en greinilegt er að mikil umferð hefur verið þarna í gegnum tíðina. Leiðin er ekki merkt inn á herforingjaráðskortið frá 1909

<sup>69</sup> Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, 2002, 125.

<sup>70</sup> LUKR loftmynd 1995.

<sup>71</sup> Samsýn: Loftmynd 2019, kortagerð ALG.

<sup>72</sup> Björn Bjarnarson: „Um örnefni“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. Reykjavík, 1914, 14.

og heldur ekki inn á kort Björns Gunnlaugssonar frá 1844.<sup>73</sup> Líklega er þetta ein þeirra forn leiða sem voru í notkun frá fyrstu tíð, þegar aðrir búskaparhættir voru við lýði.

**Lýsing:** Gatan er horfin vegna framkvæmda. Troðningurinn er greinilegur á loftljósmyndum, sér í lagi eftir 1970, en þá fara hestamenn að nota þessar gömlu reiðleiðir aftur. Sums staðar voru þetta margþættir slóðar og djúpir.

**Hætta:** Engin hætta, leiðin horfin vegna fyrri framkvæmda.

## Hólmur 213-123 Leið

Safn-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
213-123		Leið	Heimild	1100-1995	366468	402721			Ómetið	Horfið



Mynd 56. Lagnaleið Rauðavatnslínu 1 (fjólublá lína) í Almannaadal þar sem eru leifar af Camp Arnold (213-71, merkt blátt) og forn leið (213-123, rauð brotalína).<sup>74</sup>

Þessi leið er einnig skráð á jörðina Reynisvatn (257-22, sjá einnig þar).

**Staðhættir:** Gömul leið lá upp Almannaadal frá Suðurlandsvegi að Miðdalsvegi. Leiðin er skýr frá Mjódalsvegi um Miðmundardal að Hólmsheiðarvegi. Austan við hann er lítill hluti leiðarinnar sjáanlegur, hverfur svo undir yngri framkvæmdir við Langavatnsveg, en er svo aftur mjög greinilegur frá Langavatnsvegi að Miðdalsvegi fyrir norðan Langavatn. Í ritgerð Björns Bjarnarsonar frá Gröf, „Um örnefni“, kemur fram að hann telur að fimm leiðir hafi áður legið frá Almannaadal.<sup>75</sup> Ekki er ljóst hvort hann á við þessa leið, en líklega, en greinilegt er að mikil umferð hefur verið þarna í gegnum tíðina. Leiðin er ekki merkt inn á

<sup>73</sup> LMÍ: Herforingjaráðskort samsett, frá árinu 1909, 27 Reykjavík N.A. 37 Hengill N.V. 1909 og Björn Gunnlaugsson Íslandskort 1870.

<sup>74</sup> Samsýn: loftmynd 2019, kortagerð ALG.

<sup>75</sup> Björn Bjarnarson: „Um örnefni.“ Árbók Hins íslenska fornleifafélags. Reykjavík, 1914, 14.

herforingjaráðskortið frá 1909 og heldur ekki inn á kort Björns Gunnlaugssonar frá 1844.<sup>76</sup> Líklega er þetta ein þeirra fornleiða sem voru í notkun frá fyrstu tíð, þegar aðrir búskaparhættir voru við lýði.

**Lýsing:** Horfin þar sem framkvæmdir eru áætlaðar (sjá mynd 56).

**Hætta:** Engin hætta, minjar horfnar.

#### 4. Niðurstöður og mat

Korpulína 1 og Rauðavatnslína 1 liggja um svæðið sem tilheyrði áður jörðunum *Lambhaga*, *Reynisvatni*, *Gröf* og *Hólmi*, eða frá Vesturlandsvegi að tengivirki við Geitháls og þaðan í vestur að Almannadal. Skráningarsvæði er skilgreint 50 m til beggja handa frá miðlínu áætlaðra framkvæmda. Línuleiðin og minjar eru sýndar á myndum 5-12. Á þessu svæði eru nú skráðir 29 minjastaðir í fornleifaskrá, þar af eru 12 fornleifar og 18 yngri minjar, þar af 10 herminjar (sjá töflu 2).

Tafla 2. Minjatafla

Safn númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X	Hnit Y	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin	Hættu mat
259-2		Útihús	Heimild	●1850-1930	366044	406456	16	13	Ómetið	Já	Engin hætta
259-6		Fjánhús	Tóft	●1850	365991	406724	21	8	Gott	Nei	Mikil hætta
259-21		Útihús	Heimild	●1917-1945	366077	406405	8	7	Ómetið	Já	Engin hætta
259-32	Hamrahlíðalönd	Sumar-bústaður	Heimild, vegur	●1955-1980	366251	407406			Slæmt	Að mestu	Engin hætta
259-33	Úlfarsfellsvegur	Vegur	Vegur	●1935	366042	406600			Gott	Að hluta	Engin hætta
259-34	Fyrsti Vesturlands-vegurinn	Vegur	Heimild	●1909	366180	407422		3	Ómetið	Já	Engin hætta
259-35		Gata	Heimild	●1100-1936	366114	406471			Ómetið	Já	Engin hætta
259-35		Gata	Heimild	●1100-1936	366086	406603			Ómetið	Já	Engin hætta
259-36		Túngarður, girðing	Heimild	●1900	366148	406239	317	0,5	Ómetið	Já	Engin hætta
259-37		Herminjar, byssustæði	Byssustæði, skotgröf	●1940	366013	406650	12	9,5	Gott	Nei	Mikil hætta
259-38		Skotgröf	Skotgröf	●1940	365980	406699	4	3,4	Gott	Nei	Mikil hætta
259-39		Skotgröf	Kantur	●1940	366012	406713	14,5	9	Gott	Nei	Mikil hætta
259-40		Skotgröf	Skotgröf	●1940	365994	406882	7,4	4	Gott	Nei	Mikil hætta
259-41		Herminjar, byssustæði	Hola	●1940	366184	407024	17,5	15	Sæmilegt	Nei	Lítill hætta
259-42		Skotgröf	Skotgröf	●1940	366262	407213	6,3	5	Gott	Nei	Mikil hætta
259-43		Óþekkt, herminjar	Hleðsla	●1940	366274	407304	6,5	4,5	Sæmilegt	Nei	Mikil hætta
259-44		Torfkofi	Hús	●1955	366274	407371	12	8,6	Gott	Nei	Mikil hætta
257-16	Miðdalsvegur	Troðningur	Vegur	●1100-1930	367971	405205			Ómetið		Lítill hætta
257-17		Fjánhús, útihús	Heimild	●1924-1986	367085	405431	13,5	9,5	Slæmt	Að mestu	Lítill hætta
257-22		Leið, sem vegur	Gata, heimild	●1100-1900	368176	404835			Sæmilegt	Að mestu	Lítill hætta


<sup>76</sup> LMÍ: Herforingjaráðskort samsett, frá árinu 1909, 27 Reykjavík N.A. 37 Hengill N.V. 1909 og Björn Gunnlaugsson *Uppdráttur Íslands* 1844.



257-23		Leið, sem vegur	Gata, heimild	●1100-1900	367900	403776			Slæmt	Að mestu	Lítill hættta
257-24		Vegur	Vegur	●1930	366857	405678	44	4,3	Gott	Að hluta	Lítill hættta
257-25		Gata	Heimild	●1930	366972	405524			Ómetið	Já	Engin hættta
257-26	Langavatnsvegur	Leið, sem vegur	Vegur	●1970	367212	405441		3	Gott	Að hluta	Lítill hættta
257-27		Sumarhús	Grunnur	●1950	367149	405395	10	7	Sæmilegt	Að mestu	Lítill hættta
257-29	Camp Scott	Bragga	Varnar-veggur	●1940	366793	405631	30	20	Slæmt	Að mestu	Lítill hættta
213-71	Camp Arnold	Herbúðir, herminjar	Herminjar	●1940	366412	402767			Slæmt	Að hluta	Lítill hættta
213-122		Leið, sem vegur	Heimild	●1500-2010	367379	402740			Ómetið	Já	Engin hættta
213-123		Leið, sem vegur	Heimild	●1100	366468	402721			Ómetið	Já	Engin hættta


Tólf minjastaðir af 29 teljast til friðaðra fornleifa á skráningarsvæði lagnaleiðarinnar. Það eru minjar sem eru 100 ára eða eldri, en 8 af þeim eru horfnar af yfirborði vegna fyrri framkvæmda.

Fornleifar sem eru í hættu vegna þessarar framkvæmdar eru fjárhús (259-6) austan við Lambhagaveg (sjá mynd 57). Þar liggur áætluð lagnaleið innan 15 m verndunarsvæðis fornleifanna, eða miðlína lagnaleiðar er um 10,5 m frá sjálfri tóftinni. *Skoða þarf þennan stað sérstaklega.*




Mynd 57. Lagnaleið Korpulínu (blá heil lína) sker 15 m verndarsvæði friðaðra fornleifa, fjárhústóft (259-6) og skotgrafir (259-38), austan við Lambhagaveg.

Aðrar fornleifar á lagnaleiðinni sem eru hlutar af fornum leiðum eða vegaslóðum sem eru í *lítilli eða engri hættu* (sjá myndir 9-12). Á Reynisvatnsheiði, er Miðdalsvegur (257-16), forn leið frá Árbæ um Reynisvatn að Miðdal og þaðan til Þingvalla (sjá mynd 58).




Mynd 58. Lagnaleið Korpulínu 1 (blá heil lína) austan við Hólmsheiðarveg þar sem hún sker forna leið, Miðdalsveg (257-16, rauð lína).

Forn leið (257-22) lá norður Almánadal yfir Miðmundardal og yfir á Miðdalsveg (sjá mynd 59).



Mynd 59. Lagnaleið Korpulínu 1 (blá heil lína) þverar forna leið (257-22, rauð lína) við Hólmsheiðarveg.

Forn leið (257-23) lá frá Reynisvatni um Miðmundardal að Hofmannaföt, sjá mynd 60.



Mynd 60. Lagnaleið Korpulínu 1 (blá heil lína) sker forna leið (257-23, rauð lína) sem er sjáanleg að hluta norðan við tengivirki á Geithálsi.

Rauðavatnslína sker tvær fornar leiðir, önnur (212-122) lá um Mjódal (Mjóadal) en hin (212-123) í Almannadal en þær eru báðar horfnar vegna fyrri framkvæmda (sjá myndir 11 og 12).

Öðrum minjum sem flokkast sem yngri minjar ætti að hlífa eins og hægt er og þá sér í lagi kartöflukofa (259-44) sem er eina uppistandandi húsið sem tilheyrði byggðinni við Hamrahlíðalönd austan við Vesturlandsveg.

Varðandi herminjar á skráningarsvæðinu eru það helst skotgrafir og byssustæði sem tilheyrðu Camp South Belvoir austan við Lambhagaveg sem geta verið í hættu (259-37, 38, 39, 40, 41, 42, 43), Gæta skal eftir bestu getu að eyða ekki þessu ummerkjum eftir veru setuliðsins á svæðinu.

Fornleifaskráningin tekur bæði til þeirra minja sem sjást á yfirborði og þeirra sem eru horfnar af yfirborði og geta verið undir sverði. Þó svo að fornleifaskráning hafi farið fram er

Það engin trygging fyrir því að ekki séu áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu, komi þær í ljós ber að að tilkynna það til Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun Íslands tekur afstöðu til þessarar fornleifaskráningar og ákvarðar hvort og hvar mótvægisáðgerðir séu nauðsynlegar.

Virðingarfyllt,  
Fyrir hönd Borgarsögusafns:

Anna Lís Guðmundsdóttir  
verkefnastjóri fornleifa

Margrét Björk Magnúsdóttir  
fornleifafraeðingur

María Karen Sigurðardóttir  
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna

Afrit í tölvupósti:  
Minjastofnun Íslands (postur@minjastofnun.is)  
Skipulagsfulltrúa í Reykjavík (skipulag@reykjavik.is)



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Reykjavíkurborg -Umhverfis - og skipulagssvið  
Borgartún 12 - 14  
105 Reykjavík

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 9. mars 2020  
MÍ201905-0027/ 6.08 / K.M.

### **Efni: Korpulína. Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.**

Óskað hefur verið eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur. Áformuð breyting er til komin vegna færslu Korpulínu milli Geitháls og tengivirkis við Korpu, við Vesturlandsveg. Núverandi loftlína, Korpulína 1, verður rifin niður. Jafnhliða færslu verður háspennustrengurinn færður í jörð. Breytingin mun einnig ná til lítilsháttar tilfærslu á Rauðavatnslínu.

**Kristinn Magnússon**  
Verkefnastjóri  
[kristinn@minjastofnun.is](mailto:kristinn@minjastofnun.is)

Minjastofnun Íslands veitti umsögn um verklýsingu skipulagsgerðar og umhverfismats aðalskipulagsbreytingarinnar með bréfi til Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 06.06.2019. Í umsögninni kom fram að fornleifar höfðu ekki verið fullskráðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Farið var fram á að fornleifaskráning yrði gerð á vettvangi skv. gildandi stöðlum Minjastofnunar. Þegar skráningin lægi fyrir gæti Minjastofnun gefið umsögn um framkvæmdina.

Minjastofnun Íslands hafa borist drög að tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna Korpulínu. Þá hefur stofnuninni borist skýrsla Borgarsögusafns Reykjavíkur, dags. 20.02.2020, *Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur. Korpulína 1: Frá Vesturlandsvegi að Geithálsstöð. Rauðavatnslína 1: Frá Geithálsstöð að Almannadal. Fornleifaskráning fyrir lagnaleið.*

Í drögum að tillögu að breytingu á aðalskipulaginu er gerð grein fyrir þremur valkostum á legu jarðstrengsins Korpulínu, A0, A1 og A2. Í skýrslu Borgarsögusafns Reykjavíkur er aðeins fjallað um einn þessara valkost, A0. Umsögn Minjastofnunar á því einungis við um þann valkost.

Í skýrslu Borgarsögusafns segir að skoðað hafi verið svæði sem náði 50 m til beggja handa frá miðlínu fyrirhugaðrar legu jarðstrengs Korpulínu. Á svæðinu fundust 25 minjastaðir. Þar af eru 9 fornleifar, sbr. skilgreiningu í 3. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012), og 16 yngri minjar, þar af 8 herminjar.

Eftirtaldar fornleifar eru horfnar innan athuganarsvæðisins vegna síðari tíma framkvæmda: Útihús (259-2), útihús (259-21), fyrsti Vesturlandsvegurinn (259-34), gata (259-35), túngarður (259-36), leið (257-22), leið (257-23) og Miðdalsvegur (257-16).

**Fjárhústóft (259-6).** Í skýrslu Borgarsögusafns er eftirfarandi lýsing á tóftinni og umhverfi hennar: *Fjárhústóft er 21 m austan við malbikaðað göngustíg sem liggur með Lambhagavegi, 50 m austan við eystri lóðamörk á Lambhagavegi 1 og 63 m vestur af fastmerki nr. 35/1039 (steypdur stöpull). Um 8 m suðaustan við fjárhúsið eru herminjar (259-39), bogadregið garðlag undir barði. Áður var talið að þessi minjastaður væri stekkur, en líklega hefur þetta verið fjárhús... Mosa- og grasivaxin tóft í grasigróinni aflíðandi brekku. Tóftin er um 21x8 m og liggur í norðvestur-suðaustur. Op í norðvestur. Veggir úr torfi og grjóti, 3 m á breidd og 0,2- 0,7 m á hæð. Hleðslur sjáanlegar í suðausturgafli innanverðum. Gólf er niðurgrafið. Við suðausturgafli á utanverðu er hola 4x2 m sem líklega er hluti af rústinni eða heygardur. Nýi jarðstrengurinn mun liggja í innan við 15 m fjarlægð frá tóftinni. Engu að síður ætti að vera hægt að komast hjá raski á tóftinni. Minjastofnun Íslands telur að girða þurfi tóftina af þeim megin sem hún snýr að framkvæmdasvæðinu til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá. Í því felst að reknir verði niður staurar í hæfilegri fjarlægð frá tóftinni og borði hengdur á milli þeirra.*

Yngri minjarnar sem skráðar voru innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis eru eftirtaldar: Hamrahlíðarlönd (259-32), leifar vega og sumarhústaða en árið 1955 var hluta af landi Lambhaga skipt upp í 61 sumarhúsalóð, Úlfarsfellsvegur frá 1935 (259-33), kartöflukofi frá 1955 (259-44), útihús (257-17), vegur frá 1930 (257-24), gata frá 1930 (257-25), Langavatnsvegur frá 1970 (257-26) og grunnur sumarhúss frá 1950 (257-27). Aðeins kartöflukofanum (259-44) stafar hætta af framkvæmdum við lagningu jarðstrengsins.

**Kartöflukofi (259-44).** Kofanum og umhverfi hans er lýst í skýrslu Borgarsögusafnsins: *Kartöflukofinn er norðaustast á lóðinni Lambhagavegur 10... Heillegur kartöflukofi, eins og lítill grasivaxinn hóll. Veggir og þak renna saman með torfi, undir því er bárujárni. Tvær loftræstitúður úr járninu eru á þakinu. Á kofanum er máluð viðarhurð með klinku. Í dyragatinu beggja vegna eru steinhleðslur. Inni í húsinu er milliverk úr víði... eina uppistandandi mannvirkið sem eftir er, sem tilheyrir Hamrahlíðarlöndum, vernda ef hægt er. Minjastofnun Íslands tekur undir með Borgarsögusafni Reykjavíkur að mikilvægt er að varðveita kartöflukofann. Það ætti að vera hægt ef hann verður girtu af á sama hátt og fjárhústóftin (259-6) á meðan á framkvæmdum stendur.*

Í 3. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) segir að fornleifar teljist hvers kyns mannvistarleifar sem menn hafa gert eða mannaverker eru á og eru 100 ára og eldri. Minjar frá seinni heimsstyrjöldinni teljast því ekki til fornleifa og njóta ekki verndar laga um menningarminjar. Engu

að síður hefur skapast sú hefð að minjar frá seinni heimsstyrjöldinni hafa verið skráðar um leið og fornleifar eru skráðar. Minjastofnun Íslands telur að forðast eigi rask á herminjum ef þess er nokkur kostur.

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Korpulínu voru átta staðir skráðir þar sem finna má minjar frá seinni heimsstyrjöldinni, byssustæði/skotgröf (259-37), skotgröf (259-38), skotgröf (259-39), skotgröf (259-40), byssustæði (259-41), skotgröf (259-42), hleðsla/óþekkt (259-43) og varnarveggur (259-29).

Tvær af herminjunum, byssustæði (259-41) og varnarveggur (259-29) eru í jaðri úttektarsvæðisins, þ.e. í um 50 m fjarlægð frá jarðstrengnum. Þeim ætti því ekki að stafa hættu af lagningu strengsins. Byssustæði/skotgröf (259-37), skotgröf (259-39), skotgröf (259-40), skotgröf (259-42), hleðsla/óþekkt (259-43) eru öll innan úttektarsvæðisins en í það mikill fjarlægð frá jarðstrengnum að með því að merkja þessa staði á meðan á framkvæmdum stendur ætti að vera hægt að koma í veg fyrir að minjarnar raskist af vangá. Þrjár skotgrafir (259-38) eru mjög nálægt jarðstrengnum. Minjastofnun telur að forðast eigi að raska þessum skotgröfum sé þess nokkur kostur.


Breyting aðalskipulagsins nær einnig til lítilsháttar tilfærslu á Rauðavatnslínu. Rauðavatnslína mun liggja frá tengivirkinu á Geithálsi í vestur eftir Skyggisdal að Mjódalslægd. Um Mjódalslægd lá gömul leið (213-122). Rauðavatnslína mun síðan liggja fyrir austan Fjárborg í vestur niður í Almannadal neðri en þar eru minjar eftir herbúðir, Camp Almont (213-71). Önnur gömul leið (231-123) lá um Almannadal. Báðar gömlu leiðirnar eru horfnar innan framkvæmdasvæðisins og leifar mannvirkja sem tilheyrðu herbúðunum eru ekki í hættu vegna lagningar Rauðsvatnslínu. Ný lega Rauðavatnslínu mun því ekki hafa áhrif á minjar.

Þegar búið verður að leggja Korpulínu í jörð verður núverandi loftlína sem liggur frá tengivirki við Geitháls að tengiverki við Korpu tekin niður. Því fylgir væntanlega eitthvert jarðrask. Ekki hefur verið athugað sérstaklega hvort á þessu svæði eru minjar sem gæti stafað hættu af niðurrifi loftlínunnar. Slík athugun þarf að fara fram áður en línan verður tekin niður.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna breyttrar legu Korpulínu og Rauðavatnslínu. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva*

*framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

*Afrit sent: Skipulagsstofnun*

*Afrit sent í tölvupósti:*

*Haraldur Sigurðsson ([haraldur.sigurdsson@reykjavik.is](mailto:haraldur.sigurdsson@reykjavik.is))*

*Umhverfis- og skipulagssvið ([skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is))*

*Borgarsögusafn Reykjavíkur ([minjavarsla@reykjaviki.is](mailto:minjavarsla@reykjaviki.is))*

*Gunnar H. Sigurðsson ([ghs@landsnet.is](mailto:ghs@landsnet.is))*





Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur

Reykjavík, 26. mars 2020

**Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Korpulína-Rauðavatnslína. Jarðstrengur (132 kV) frá Geithálsi að tengivirki við Korpu. Breytt lega Rauðavatnslínu 1. Umsögn um athugasemdir og afgreiðsla.**

*Samþykkt að vísa aðalskipulagsbreytingu, ásamt umhverfisskýrslu og umsögn um athugasemdir til afgreiðslu í borgarráði, sbr. 1. og 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga og lög um umhverfismat áætla nr. 105/2006.*

**Aðalskipulagstillagan:**

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 21. nóvember 2019 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010. Tillögunni fylgir umhverfisskýrsla, sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Aðalskipulagstillagan var auglýst samhliða breytingum á deiliskipulagi á svæðum sem fyrirhugaðar lagnir liggja um. Tillögurnar voru auglýstar á tímabilinu frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020. Tillagan varðar breytingar á aðflutningskerfi Landsnets í austurhluta borgarinnar. Breytingin snýr annarsvegar að legu Korpulínu 1 (132 kV), frá tengivirki við Geitháls að tengivirki við Korpu, við Vesturlandsveg. Hinsvegar varðar breytingin lítilsháttar tilfærslu á legu Rauðavatnslínu 1 í Hólmsheiði. Með breytingum á legu línanna er áformað að færa þær í jörð. Engar efnislegar athugasemdir bárust á auglýsingatímanum við breyttri legu háspennulínanna. Minjastofnun Íslands skilaði inn umsögn, dagsett 9. mars 2020, um aðalskipulagsbreytinguna á auglýsingatímanum. Í umsögninni er farið yfir skráningu fornleifa á lagnaleiðunum, sbr. skýrsla Borgarsögusafns frá 20. febrúar sl. og minnt á þau lagaákvæði sem þarf að gæta að áður en ráðist er í framkvæmdir og hverju þurfi að huga að á framkvæmdatíma. Einnig er minnt á að skrá þurfi fornleifar á núverandi lagnaleiðum, áður en loftlínur eru teknar niður.

**Afgreiðsla aðalskipulagsbreytingar og umhverfismats:**

Ekki eru gerðar breytingar á aðalskipulagstillögu að lokinni auglýsingu. Við útgáfu framkvæmdaleyfis vegna fyrirhugaðra framkvæmda verði horft til skýrslu Borgarsögusafns, dagsett 20. febrúar sl. og þeirra ábendinga sem koma fram í umsögn Minjastofnunar, dagsett 9. mars. Umdrædd gögn verði fylgiskjal með staðfestri aðalskipulagsbreytingu.

Haraldur Sigurðsson